

**SKOÐUN** Sif Sigmarsdóttir spyr hvers vegna kona megi ekki ganga með barn fyrir systur sína eða vinkonu. 13



**MENNING** Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn eru á samningum víða um heim. 26



**SPORT** Haraldur Dean Nelson er afar ósáttur við ÍSÍ, sem hann segir ekki hafa áhuga á íþróttum. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
27. febrúar 2013
49. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Kindahræ rotna

Engar áætlanir eru um að farga þúsundum fjár sem drápust í óveðrinu í september. Sum hræjanna eru á ferðamannaslóðum. 2

**Næstum sokkinn** Lögreglan rannsakar tildrög þess að jeppi festist úti í miðri á í Landmannalaugum. Litlu munaði að jeppinn sykki áður en þyrla bjargaði fólkinu. 4

**Óttast hleranir** Lögmenn grunaðra sakamanna óttast að trúnaðarsímtöl þeirra við skjólstæðinga kunni að vera hleruð. 6

**Uppistand á Ítalíu** Stjórnmálaflokkur ítalska grínistans Beppes Grillo vann stórsigur í kosningum. Útlit er fyrir stjórnarkreppu. 8




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | SV | 13 |
| Akureyri | 4° | SV | 10 |
| Egilsstaðir | 6° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | SV | 8 |
| Reykjavík | 5° | SV | 13 |

**STREKKINGUR** Í dag verða suðvestan 8-15 m/s og skúrir eða él V-til en bjart eystra. Kólnar smám saman í veðri. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Fermingar | Fólk




# Danir vilja færa Markarfljót

Fullreynt þykir að gera núverandi Vestmannaeyjaferju út frá Landeyjahöfn. Bjóða á út smíði nýrrar ferju á næstunni. Danska straumfræðistofnunin leggur til að ós Markarfljóts verði færður 2,5 kílómetra til austurs.

**SAMGÖNGUR** Til þess að komast hjá miklum jarðefnaburði úr Markarfljóti í Landeyjahöfn þarf að færa farveg árinnar 2,5 kílómetra til austurs. Þetta er mat Dönsku straumfræðistofnunarinnar.

Undanfarna mánuði hafa sérfræðingar Dönsku straumfræðistofnunarinnar (DHI) unnið að rannsóknum í Landeyjahöfn. Niðurstöður þeirra voru kynntar í síðustu viku á fundi samráðshóps um samgöngur, að því er fram kom á bæjarráðsfundi í Eyjum í gær.

Danirnir telja að lenging hafnargarða skili ekki bættri hafnaraðstöðu heldur auki þvert á móti straum og ölduhæð og geri innsiglingu erfiðari en nú er. Hins vegar séu líkur á að bæta megi höfnina, meðal annars með neðansjávarrifum og föstum dælubúnaði.

„Danska straumfræðistofnunin leggur til að farið verði í svokallaðar „reservoir“-lausnir sem eru róttækari en þær dýpkunaraðferðir sem hingað til hafa verið notaðar,“ segir í fundargerð bæjarráðs. Fulltrúi Siglingastofnunar telji hins vegar mikla óvissu um magn sandflutninga sem fylgi þeirri lausn.

„Niðurstöður DHI gera ráð fyrir að færa þurfi Markarfljót til austurs um 2,5 kílómetra sem fyrst til að forðast þann mikla efnisburð sem því fylgir. Farvegur þess hefur þegar verið færður um 650 metra með góðum árangri.“

Tveir fulltrúar Vestmannaeyja í þarfagreiningarhópi um nýja Vestmannaeyjaferju fóru nýlega í siglingahermi í Danmörku þar sem þeir prófuðu að sigla fjórum tegundum skipa inn í Landeyjahöfn. „Núverandi Herjólfur kom langverst út úr öllum mælingum,“ segir um þetta í fundargerð bæjarráðs. Fulltrúarnir telji fullreynt með núverandi Herjólf.

Þá segir að vonast sé til að hægt verði að bjóða hönnun nýs Herjólfs út um páskana og að nýtt skip verði komið til þjónustu eigi síðar en vorið 2015. Skipið sem henti best í verkefnið sé litlu minna en Herjólfur en taki fleiri bíla og sama fjölda farþega. „Með styttri lestunar- og losunartíma mun verða hægt að sigla fleiri ferðir á núverandi siglingatíma og þannig auka verulega framboð sæta.“

gar@frettabladid.is

**FÆRSLA MARKARFLJÓTS**




**LANDEYJAHÖFN OG MARKARFLJÓT** Mikill efnisburður er frá Markarfljóti í Landeyjahöfn þótt farvegur árinnar hafi þegar verið færður um 650 metra. Nú er lagt til að færa fljótið 2,5 kílómetra til austurs. MYND/LOFTMYNDIR

> **Núverandi Herjólfur kom langverst út úr öllum mælingum.**
>
> *Fulltrúar Vestmannaeyja í þarfagreiningarhópi um nýja Vestmannaeyjaferju.*



**HVÍTÁ DJÚP OG BREIÐ** Vatnavextir settu mikinn svip á Suðurland í gær. Vegna rigninga og óvenjulegra hlýinda miðað við árstíma flæddu Hvítá og Ölfusá yfir bakka sína og fór vegurinn að Auðholtsbæjum í Hrunamannahreppi í kaf við Hvítá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Jón Gunnar Th. leikstýrir Macbeth í Old Vic í London:

# Fékk tilboð frá Kevin Spacey

**MENNING** Jón Gunnar Th. leikstjóri hefur skrifað undir samning við Old Vic-leikhúsið í London um að leikstýra Macbeth í haust. Sýningarrýmið er í Old Vic Tunnels, aflagðri járnbrautarstöð undir Waterloostöðinni. Listrænn stjórnandi Old Vic er bandaríski kvikmyndaleikarinn Kevin Spacey og það var hann sem bauð Jóni Gunnari að velja sér verkefni til að sviðsetja í undirgöngunum.

„Þetta kom nú þannig til að ég gekk á milli leikhúsa í London í maí í fyrra og kynnti mig og verkefni sem mig langaði að setja upp,“ segir Jón Gunnar. „Þeir hjá Old Vic höfðu séð sýningu sem ég gerði í London fyrir nokkrum árum þannig að þeir þekktu mig en keyptu ekki hugmyndina sem ég var með. Kevin Spacey, listrænn stjórnandi Old Vic, bað mig þá að skoða undirgöngin, Old Vic Tunnels, og gá hvort ég fengi ekki einhverja aðra hugmynd. Ég gekk þarna um göngin og sá að þetta rými er alveg óskaplega spennandi og þá sérstaklega fyrir Macbeth. Þeim leist vel á þá hugmynd og voru til í að vera meðframleiðendur. Síðan hefur hugmyndin þróast, það er kominn annar framleiðandi til viðbótar og ég er kominn með samning og fer út í september til að gera þennan draum að veruleika.“

- fsb / sjá síðu 18



**LEIKSTJÓRINN** Jón Gunnar Th. fer til London í september og setur Macbeth á svið í leikhúsinu Old Vic, sem Kevin Spacey stjórnar. MYND/HEIÐA.IS




## SPURNING DAGSINS



Alexía, eruð þið drengir góðir?

**„Já, við erum karlmennskan uppmáluð.“**

Alexía Björg Jóhannsdóttir er ein þriggja leikkvenna í leikhópnum Pörupiltum sem flytja uppistandið Homo Erectus í Þjóðleikhúskjallaranum í gervi pilta.

Hinn 13 ára Wei Yi náði þriðja og síðasta áfanga að stórmeistaratitli á Reykjavíkurskákmótinu í Hörpu:

# Undrabarn varð yngsti stórmeistari heims

**SKÁK** Kínverska skákundrið Wei Yi tryggði sér þriðja og síðasta áfanga að stórmeistaratitli eftir áttundu umferð N1 Reykjavíkurskákmótsins í Hörpu á mánudagskvöld. Wei Yi, sem er aðeins 13 ára gamall, er því yngsti stórmeistari heims í dag. Wei Yi varð jafnframt fjórði yngsti stórmeistari allra tíma, þegar næststigahæsti keppandi mótsins, stórmeistarinn Maxime Vachier-Lagrave frá Frakklandi, gaf skák sína eftir mikla baráttu við undrabarnið.

Skákmeistarinn ungi var í hópi efstu manna á mótinu eftir áttundu umferð en sigurmöguleikar hans eru vart raunhæfir eftir jafntefli gegn pólska stórmeistaranum Grzegorz Gajewski í gærkvöldi. Árangur hans er engu að síður glæsilegur; hann hefur unnið sex skákir til þessa, gert tvö jafntefli og aðeins tapað einni og hefur hann því sjö vinninga ásamt hópi skákmeistara. Efstir á mótinu fyrir lokaumferðina í dag eru þeir Wesley So og Pavel Eljanov. Skák þeirra ræður því úrslitum um hver sigrar á mótinu en sest verður að tafli klukkan 16.30 í Hörpu. - shá



**AÐ TAFLI** Wei Yi er fjórði yngsti stórmeistari sögunnar, aðeins 13 ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ELYSÉE-HÖLL Í GÆR** Ólafur Ragnar Grímsson fundaði í gær með Francois Hollande, sem var kjörinn forseti Frakklands í maí í fyrra.

Forseti Íslands í opinberri heimsókn í Frakklandi:

## Ólafur Ragnar hitti Hollande

**UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fundaði með Francois Hollande, forseta Frakklands í Elysée-höll í París í gær. Ræddu þeir meðal annars aukna samvinnu þjóða á norðurslóðum, nýtingu hreinnar orku, glímuna við fjármálakreppuna í Evrópu og reynslu Íslendinga á undanförnum árum.**

**Að loknum fundi með Hollande heimsótti Ólafur Ragnar báðar deildir franska þingsins. Þá hitti hann Íslandsdeild franskra þingmanna, sem Lionel Tardy veitir forstöðu.** - mþl

Bandaríkjaher leiðréttir:

## Árásir talibana engu færri nú

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjaher hefur leiðrétt tölur um fjölda árása talibana á fjölþjóðaherliðið í Afganistan.

Á síðasta ári voru árásirnar jafnmargar og árið 2011 en fyrir stuttu fullyrti fjölþjóðaherinn að árásunum hefði fækkað um sjö prósent milli þessara tveggja ára.

Jamie Graybeal, fulltrúi fjölþjóðaliðsins, segir að skráningarvillu sé um að kenna en tekur fram að þessi villa hafi engin áhrif á mat yfirstjórnar hersins á ástandinu. - gb

Hlákan plagar skíðafólkið:

## Slæmar horfur í skíðabrekkum

**ALMENNINGSÍÞRÓTTIR** Hlýindi og vatnsveður undanfarna daga hafa ekki farið vel með skíðafæri í nágrenni höfuðborgarinnar. Lokað hefur verið í brekkunum í Bláfjöllum og Skálafelli. Gríðarlegt magn af snjó er sagt horfið úr brekkunum og margar lyftur dottnar út.

„Við skulum bara vona að þessu fari að slota hvað úr hverju en þetta lítur alla vega ekki vel út,“ sagði rödd í símsvara Bláfjalla í gær. Ekki er útlit fyrir að það kólni að ráði fyrr en eftir helgi. - gar

# Tíu þúsund kindahræ látin rotna á fjöllum

Talið er að hátt í tíu þúsund fjár hafi drepist í óveðrinu á Norðausturlandi í september. Engar áætlanir eru um að farga hræjunum. Bagalegt fyrir ferðaþjónustuna, segir heilbrigðisfulltrúi. Lítil hætta á smitsjúkdómum, segir dýralæknir hjá MAST.

**NÁTTÚRA** Hátt í tíu þúsund kindur og lömb drápust í vetrarhörkunum á Norðausturlandi í september í fyrra. Veðurofsinn og slæmar aðstæður gerðu það að verkum að ekki var mögulegt að safna hræjunum saman og farga þeim, en langflestar kindurnar voru langt uppi á fjöllum fjarri mannabyggðum.

Öll orka bænda og björgunarsveita fór í að smala saman því fé sem lifði en Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssambands sauðfjárbænda, segir að um 100.000 fjár hafi verið sleppt á svæðinu. Það þýðir að um tíu prósent skiluðu sér aldrei heim. Þótt ótrúlegt megi virðast eru þó enn að finnast kindur á lífi á stöku stað eftir langan og harðan vetur.

Sæþór Gunnsteinsson, bóndi í Presthvammi í Aðaldal, segir að þótt hlýtt hafi verið undanfarna daga séu stærstu svæðin enn þakin snjó.

„Það verður ekkert vitað hvað verður gert við skrokkana fyrr en um verslunarmannahelgi,“ segir hann. „Þegar hlánar á miðju sumri hverfa hræin bara. Þetta er svo stórt svæði að við förum aldrei að safna þessu saman.“

Sæþór missti hundrað kindur og lömb af þeim 900 sem hann átti á fjalli. „Þetta er búinn að vera einstakur hamfaravetur,“ segir hann. „En reynslan sýnir okkur að þær ær sem drepast og koma undan snjónum geta verið horfnar eftir hálfan mánuð. Förgun þessara hræja er einfaldlega óframkvæmanleg.“

Alfreð Schiöth, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, segir umhverfisráðuneytið hafa samþykkt að veita fjármagn til að aðstoða bændur við að farga hræjunum á viðurkenndum urðunarstöðum.

„Bændur þekkja mjög vel að ræflarnir af þessum skepnum geta sést fram eftir öllu sumri,“ segir hann. „Víða eru þarna vinsælar ferðamannaslóðir og það er heldur óskemmtilegt ef hundruð hræja blasa þar við ferðamönnum. Ég efast um að hrafninn og tófan séu það afkastamikil.“

Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir ólíklegt að vargurinn breiði út smitsjúkdóma þótt hann éti hræin, sem grotni þó ótrúlega fljótt niður. Áratugir séu síðan búfjársjúkdóma hafi síðast orðið vart á svæðinu.

„En ég er sammála að það var illmögulegt að fjarlægja hræin og það verður það alltaf. Það verður ekki hjá því komist að svona gerist.“ sunna@frettabladid.is



**ÓFÖGUR SJÓN** Þegar kindahræin koma undan snjónum á Norðurlandi í sumar munu fuglar og tófur leggjast á þau og éta þar til bein, haus og gærur eru eftir. MYND/GUÐFINNA HREIÐARSDÓTTIR

> **Þetta er búinn að vera einstakur hamfaravetur.**
> *Sæþór Gunnsteinsson bóndi*




Að minnsta kosti ellefu loðnuskip kepptust við að veiða við Eyjar í gær:

# Mokveiði við Vestmannaeyjar

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er bara kapphlaup við tímann núna. Það skiptir bara máli að ná sem mestu,“ segir Jón Axelsson, skipstjóri á loðnuskipinu Álsey VE 2. Álsey var á leið til Þórshafnar í gærkvöld eftir góða veiði undanfarna daga við Vestmannaeyjar. Alls voru ellefu loðnuskip að veiðum á svæðinu í gærkvöld.

„Það hefur gengið mjög vel. Við komum seinnipartinn á mánudag, köstuðum þrisvar og fengum 800 tonn og köstuðum þrisvar í dag [í gær] og fengum þúsund. Það var fínt á sjó og mikið af loðnu,“ segir Jón.

Jón segir ómögulegt að segja til um hvenær náist að veiða upp í kvótaheimildir. Vonandi verði veitt sem lengst, alveg fram að páskum.

„Þetta eru svo miklar heimildir núna og þá er auðvitað gott að fá svona góða veiði,“ segir hann. „Það hefur verið leiðindatíð, þrálátar sunnanáttir og við alltaf uppi í fjöru. En það spáir betra fram undan.“

Áhöfnin á Álsey samanstendur af þrettán mönnum. Búist er við að skipið komi í kvöld til Þórshafnar, þar sem farminum verður landað. Svo verður haldið aftur til veiða á fimmtudagsmorgunn. - sv



**Á MIÐUNUM Í GÆR** Skipstjórinn á Álsey taldi alls ellefu loðnuskip á veiðum í grennd við Vestmannaeyjar í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT FYRIR HEIMILIÐ?

tommy m



**tommy m sófi í handverkuðu anilin leðri.**
**4ra sæta, stærð 242 x 92 x 77 cm. Verð 841.000,-.**
**Litir; svart, dökkbrúnt, rautt og ljósbrúnt.**

**Ath. lausir púðar fylgja ekki með.**













# HEIMA HÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**

## GENGIÐ 26.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,67 | 127,27 |
| Sterlingspund | 192,41 | 193,35 |
| Evra | 165,79 | 166,71 |
| Dönsk króna | 22,222 | 22,352 |
| Norsk króna | 22,194 | 22,324 |
| Sænsk króna | 19,598 | 19,712 |
| Japanskt jen | 1,3762 | 1,3842 |
| SDR | 191,66 | 192,80 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 226,4019

Slakasta mæling Sjálfstæðisflokks frá því fyrir síðustu Alþingiskosningar:

# Fjórðungur styður Framsóknarflokkinn

**STJÓRNMÁL** Nærri lætur að fjórðungur aðspurðra styðji Framsóknarflokkinn, eða 23,8 prósent, í könnun MMR á fylgi flokka sem gerð frá þriðjudegi til fimmtudags í síðustu viku. Flokkurinn bætir við sig 4,3 prósentustigum milli kannana.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins minnkar úr þriðjungi í að vera 28,5 prósent. „Þetta er minnsta fylgi Sjálfstæðisflokksins sem mælst hefur frá því fyrir síðustu Alþingiskosningar,“ segir í tilkynningu MMR, en könnunin var gerð áður en Sjálfstæðisflokkur og VG héldu landsfundi sína.

Fylgi Samfylkingar dregst saman um 2,5 prósentustig og mælist 12,8 prósent. Þá hefur aðeins dregið úr stuðningi við Bjarta framtíð, sem mælist með 15,3 prósenta fylgi. Önnur framboð ýmist standa í stað eða bæta heldur við sig.

Þá mælist stuðningur við ríkisstjórnina nú 26,7 prósent, sem er heldur minna en í könnun MMR í byrjun mánaðarins. Þá studdi 30,1 prósent ríkisstjórnina.

Spurðir voru 814 einstaklingar á aldrinum 18 til 67 ára. 78,5 prósent gáfu upp afstöðu til flokka. 7,8 prósent sögðust óákveðin en 6,1 prósent ætlaði að skila auðu, 2,4 prósent ætluðu ekki að mæta á kjörstað og 5,1 prósent gaf ekki upp afstöðu sína. - óká

### Fylgi flokka

| Flokkur | 6. feb. 2013 | 21. feb. 2013 |
|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkur | 33,0% | 28,5% |
| Framsóknarflokkur | 19,5% | 23,8% |
| Björt framtíð | 17,8% | 15,3% |
| Samfylkingin | 16,2% | 12,8% |
| Vinstri græn | 8,6% | 9,5% |
| Hægri grænir | 1,8% | 2,5% |
| Píratar | 0,7% | 2,4% |
| Dögun | 0,9% | 2,2% |
| Aðrir | - | 3,0% |

*Heimild: MMR*



**NÝJU LJÓSIN** Umferðarljósin skera sig úr í útliti að því leyti að á þeim er að finna hvítt hjólreiðamerki á bláu gleri.

Aukin þjónusta við hjólafólk:

## Sér umferðarljós fyrir hjól

**SAMGÖNGUR** Reykjavíkurborg hefur sett upp sérstök umferðarljós fyrir hjólafólk á sex stöðum á nýrri hjólaleið frá Hlemmi að Elliðaám. Fyrstu ljósin verða gangsett í dag en þau eru yfir Sæbrautina við Súðavog og eru umferðarstýrð.

Hin umferðarljósin eru tímastillt en þau eru við Engjaveg, Katrínartún, Nóatún, Kringlumýrarbraut og Reykjaveg.

Að öðru leyti virka umferðarljósin eins og önnur slík en skera sig úr í útliti að því leyti að efst á þeim trónir hvítt reiðhjólamerki í bláu gleri sem logar stöðugt í þeim tilgangi að vekja athygli hjólreiðafólks. - mþl

**VIÐSKIPTI**

### Arion banki selur svínabú

Rekstrarfélagið Braut ehf., dótturfélag Arion banka, hefur selt svínabúið að Hýrumel í Borgarfirði. Kaupandi er Höndlun ehf. sem er félag í eigu Björgvins Jóns Bjarnasonar sem leigir þegar rekstur svínabús í Brautarholti.

# Snjórinn brotnaði undan jeppanum

Leiðsögumaður sem lenti í lífsháska með breskum ferðamönnum í Landmannalaugum ætlaði að snúa jeppa sínum við þegar árbakki gaf sig og jeppinn lenti í ánni. Litlu munaði að jeppinn væri alveg sokkinn þegar þyrla bjargaði fólkinu.

**BJÖRGUN** „Ég var bara að snúa við og þá brotnar snjórinn undan bílnum,“ segir Ragnar Páll Jónsson, leiðsögumaður hjá ferðaskrifstofunni Extreme Iceland, sem lenti í lífsháska með tvennum breskum hjónum í Landmannalaugum á mánudag.



**RAGNAR PÁLL JÓNSSON**

Jeppinn sem hann ók lenti í straumþungri á og sökk. Ragnari tókst með naumindum að ná ferðamönnunum upp á þak jeppans þar sem þau biðu í tvær klukkustundir þar til þyrla Landhelgisgæslunnar hífði þau upp. Hann segist hafa verið búinn að ákveða að fara ekki yfir ána, enda miklir vatnavextir og straumur. Þegar hann reyndi að snúa við gaf bakkinn sig með þessum afleiðingum.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég lendi í einhverju svona og ég er búinn að vera leiðsögumaður í mörg ár,“ segir Ragnar, sem er alvanur jeppamaður. Hann segir að bíllinn hafi fyllst af vatni á nokkrum sekúndum. Fólkið komst sem fyrr segir allt upp á þak jeppans og sat þar og beið á meðan jeppinn sökk dýpra. Ragnar segir að ekki hafi verið langt í að bíllinn færi alveg á kaf þegar þyrla Landhelgisgæslunnar kom þeim til bjargar. Hann segir ferðamennina hafa haldið ró sinni allan tímann, hann hafi sungið fyrir þau og þau sungið saman. Hann hafi fyrst og fremst hugsað um að halda sjálfum sér og fólkinu rólegu og einnig hugsað til fjölskyldu sinnar.

Þyrlan flaug með fimmmenningana á Landspítalann í Fossvogi á mánudagskvöldið en þau fengu öll að fara heim nokkrum tímum síðar.

Bresku hjónin héldu heim til sín í gær en Ragnar segir ferðaskrifstofuna vera í sambandi við þau. Þá hefur hann einnig rætt við lögregluna á Hvolsvelli, sem rannsakar tildrög slyssins. Bíllinn er enn á bólakafi í ánni en Ragnar segir stefnuna setta á að sækja hann þangað í dag.

thorunn@frettabladid.is



**BJARGAÐ** Hér sést þegar þyrla landhelgisgæslunnar bjargaði fólkinu af þaki jeppans. MYND/LHG

> **Þetta er í fyrsta skipti sem ég lendi í einhverju svona og ég er búinn að vera leiðsögumaður í mörg ár.**
>
> *Ragnar Páll Jónsson*
> *Leiðsögumaður hjá Extreme Iceland*



**HALLSTEINSGARÐUR** Grafarvogsbúar munu áfram njóta höggmynda Hallsteins Sigurðssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verkin njóta sín í Grafarvogi:

## Gefur borginni sextán styttur

**MENNING Embætti skipulagsfulltrúa segir ekkert mæla gegn því að Reykjavíkurborg þiggi að gjöf sextán höggmyndir Hallsteins Sigurðssonar í Grafarvogi.**

**Höggmyndirnar eru úr áli og á 23 þúsund fermetra svæði sem Hallsteinn hefur haft á leigu frá árinu 1998. Listsafn Reykjavíkur hefur sagt verkin njóta sín þar sem þau eru og mælir með því að borgin þiggi gjöfina. Borgin mun tileinka svæðið nafni Hallsteins og merkja verkin en jafnframt áskilja sér rétt til að flytja þau annað ef þörf krefur.** - gar

Stefnir Tryggingastofnun:

## Telur sig eiga inni bætur

**DÓMSTÓLAR** Hrafnhildur Guðfinna Thoroddsen hefur stefnt Tryggingastofnun vegna vangoldinna örorkubóta. Hún nýtur stuðnings Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) í málarekstrinum.

Hrafnhildur vill fá viðurkennt að Tryggingastofnun sé óheimilt að skerða bætur hennar vegna fjármagnstekna af skaðabótum sem henni voru greiddar í kjölfar slyss sem hún varð fyrir árið 1989. Hún krefst 2,5 milljóna króna vegna þeirra skerðingar sem hún hefur orðið fyrir. - óká




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**Á morgun**
Fremur hæg suðlæg átt.

**Föstudagur**
8-13 m/s.

**SKÚRIR EÐA ÉL** Það kólnar smám saman er líður á daginn. Á morgun má búast við vægu frosti norðaustantil en annars verður hitinn víða á bilinu 0-5°C. Þykknar upp vestan til annað kvöld og hlýnar á ný en um helgina lítur út fyrir alvöru kulda.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 13° | Billund | 4° | Gautaborg | 2° | London | 5° | Orlando | 24° | San Francisco | 16° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 14° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 3° |
| Berlín | 3° | Friedrichshafen | 5° | Las Palmas | 20° | New York | 10° | París | 6° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunk@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

DRAUMARÚM

# FERMINGARTILBOÐ

## 30-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



## 120 x 200 cm rúm á fermingartilboði.

Verð frá
**79.442**



**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing***

## LEGUGREINING - BETRI SVEFN - BETRI HEILSA



FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

RúmGott er eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu.

## Tilboð á arineldstæðum 20-65% afsláttur

SÍÐUSTU DAGAR



Verð:
34.900



Verð:
44.900

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

* Einungis er greitt 3,5% lántökugjald

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað er talið að mikið af sjúkrahúsmáltíðum á Landspítalanum endi í ruslinu?
**2.** Hvar á Akureyri opnar Hamborgarafabrikkan nýjan veitingastað?
**3.** Hvað hefur Daniel Day-Lewis oft hreppt Óskarsverðlaun fyrir leik í aðalhlutverki?

**SVÖR**

**1.** Um 40%. **2.** Á jarðhæð Hótel KEA. **3.** Þrisvar.

„Getur þú ekki pressað þetta eitthvað meira niður fyrir okkur?“:

# Landspítalinn kærður vegna samskipta

**SAMKEPPNI** Fyrirtækið Logaland ehf. hefur kært innkaupadeild Landspítalans (LSH) til Samkeppniseftirlitsins vegna vinnubragða í innkaupum á heilbrigðisvörum. Ástæðan er tölvupóstssamskipti LSH við fyrirtækið Hátækni, þar sem verð samkeppnisaðilans er borið saman við verð Hátækni og eru forsvarsmenn Hátækni beðnir um lækka verðið til að LSH kaupi af þeim.

„Getur þú ekki pressað þetta eitthvað meira niður fyrir okkur?“ segir meðal annars í einu bréfanna frá innkaupadeild spítalans til Hátækni. Þann 17. október 2011 sendi starfsmaður innkaupasviðs LSH forsvarsmanni Hátækni töflu með verðsamanburði á vörum fyrirtækisins og Logalands. Þar sést að tilboð Logalands er rúmlega 220 þúsund krónum lægra en það frá Hátækni.

Í tilkynningu frá Heilbrigðisvörum, sem rekur Logaland ehf., segir að vinnubrögð innkaupadeildar standist að mörgu leyti hvorki ákvæði samkeppnislaga né ákvæði laga um opinber innkaup og skerði því samkeppni með alvarlegum hætti.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem innkaupadeild spítalans er gagnrýnd fyrir vinnubrögð sín. Nýlega féll úrskurður þar sem stöðvuð voru kaup á tækjum til nýrrar kjarnarannsóknarstofu fyrir meira en sex hundruð milljónir og lagt fyrir Ríkiskaup að auglýsa innkaupin að nýju. **- sv**



**TIL SAMKEPPNISEFTIRLITSINS** Logaland telur samskipti LSH við samkeppnisaðilann ekki standast lög. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ríkissaksóknari áfrýjar:

## Þáttur Styrmis til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur áfrýjað sýknudómi yfir Styrmi Þór Bragasyni í Exeter-málinu til Hæstaréttar.



**STYRMIR ÞÓR BRAGASON**

Styrmir var ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikum Jóns Þorsteins Jónssonar og Ragnars Z. Guðjónssonar, fyrrverandi stjórnenda Byrs, sem Hæstiréttur dæmdi í fyrrasumar í fjögurra og hálfs árs fangelsi. Þætti Styrmis var vísað aftur til Héraðsdóms Reykjavíkur, sem sýknaði hann.

Málið snýst um rúmlega eins milljarðs lán sem Byr veitti félaginu Exeter Holding síðla árs 2008 til að kaupa stofnfjárbréf í Byr, meðal annars af MP banka og stjórnarmönnum Byrs. **- sh**

Ákærðar fyrir rakstur:

## Fá frest til að svara fyrir árás

**DÓMSMÁL Fjórar konur, nítján til 27 ára, sem ákærðar eru fyrir hrottalega líkamsárás á þá fimmtu, fengu frest til að taka afstöðu til sakarefnisins þegar ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.**

**Konurnar fjórar huldu andlit sín við komuna í héraðsdóm í gærmorgun. Þeim er gefið að sök að hafa fyrir rúmu ári ráðist að þeirri fimmtu, þar sem hún lá sofandi í íbúð í Mosfellsbæ, slegið hana ítrekað í andlitið, rakað af henni nánast allt hárið og neytt hana til að afklæðast undir hótunum.**

**Stúlkan sem ráðist var á lagði í gær fram bótakröfu sem nemur 1,3 milljónum króna. - sh**

# Hleranir styggja verjendur

Lögmenn grunaðra sakamanna óttast að trúnaðarsímtöl þeirra við skjólstæðinga kunni að vera hleruð. Ríkissaksóknari svaraði ekki fyrirspurn ráðherra um málið og stjórn Lögmannafélagsins hyggst taka það fyrir.

**DÓMSMÁL** Verjendur í lögmannastétt eru margir hverjir órólegir yfir símhlerunum lögreglu, sem kunna að beinast gegn skjólstæðingum þeirra og jafnvel þeim sjálfum. Framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands staðfestir að hafa fundið fyrir þessu undanfarin misseri.

Innanríkisráðherra svaraði í fyrradag skriflegri fyrirspurn um símhleranir lögreglu sem Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram á þingi.

Bjarni spurði meðal annars hversu oft samskipti grunaðs manns og lögmanns hefðu verið hleruð, hvernig farið væri með rannsóknargögnin og jafnframt hve oft samskipti verjanda við aðra en sakborninginn hefðu verið hleruð.

Ráðherra leitaði til ríkissaksóknara eftir upplýsingum en ríkissaksóknari taldi ekki unnt að svara þessum spurningum, enda væru gögn um símhleranir „ekki greind niður á þann veg að unnt sé að svara því sem þar er spurt um,“ eins og segir í svari ráðherra.

„Tekur ríkissaksóknari fram að heimilt sé að framkvæma hlustun hjá lögmönnum eins og hverjum öðrum, að uppfylltum lagaskilyrðum um úrskurð dómara o.s.frv. Hins vegar verði ekki séð hvaða tilgangi það þjóni að upplýsa sérstaklega um hlustanir sem beinast að þeirri starfsstétt, auk þess sem hér verði að hafa í huga þagnarskylduákvæði.“

Þó tekur ríkissaksóknari fram að í sakamálalögum sé kveðið á um að „eyða skuli þegar í stað gögnum sem hafa að geyma samtöl eða önnur samskipti sakbornings við verjanda sinn“.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, er ekki sáttur við þessi svör og segir að stjórn félagsins muni taka málið fyrir á næstunni.

„Það skýtur svolítið skökku við að það sé ekki talin ástæða til að svara því hvort þarna sé um að ræða einhvern fjölda mála þar sem símar lögmanna eru hleraðir,“ segir hann.

„Mér finnst eðlilegt að það sé skýrt frekar hversu stór hluti af þessum hlerunarúrskurðum snertir lögmenn beint, ekki sem viðmælendur við sína skjólstæðinga, heldur sem andlag úrskurðanna.“

Í þeim tilfellum beri lögreglu ekki skylda til að eyða upptökum af símtölum lögmannanna við skjólstæðinga sína, sem geti verið mjög viðkvæms eðlis.

stigur@frettabladid.is

> **Mér finnst eðlilegt að það sé skýrt frekar hversu stór hluti af þessum hlerunarúrskurðum snertir lögmenn beint.**
>
> *Ingimar Ingason framkvæmdstjóri Lögmannafélags Íslands*



## Lögmenn ekki eins og hver önnur stétt



**VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON**

„Ég tel að það sé algjörlega fráleitt að líkja lögmönnum við hverja aðra starfsstétt í þessu sambandi,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, sem sinnt hefur verjendastörfum um árabil. „Þegar lögreglu er ljóst að viðkomandi er í trúnaðarsamtali við lögmann sinn þá hlýtur að vera eitthvað bókað um það. Ég tala nú ekki um í ljósi svars ríkissaksóknara um að þegar í stað beri að eyða viðkomandi samtali, þá hlýtur að eiga sér stað einhver skrásetning um hvernig staðið er að eyðingunni og í hversu mörgum tilvikum slíkum samtölum hefur verið eytt.“ Vilhjálmur segir að það væri mjög alvarlegt ef hlerunin sem slík beindist í einhverjum tilvikum að síma lögmannsins. „Ég held að það þyrfti mikið að koma til til þess að slík hlerun yrði heimiluð. Hins vegar bendir svarið til þess að það breyti engu hvort menn eru lögmenn eða hjúkrunarfræðingar, það sé jafngreið leið að hlerunum á símum lögmanna og annarra. Það gefur þá augaleið hvílíkt gríðarlegt trúnaðarbrot það væri og röskun, því að ég mundi telja að nánast öll vinnusímtöl lögmanna væru trúnaðarsímtöl við skjólstæðinga.“

Þá kveðst hann telja að mjög vandlega þurfi að fara í saumana á málinu. „Þetta sýnir bara þær ógöngur sem við erum í með þessar hlerunarheimildir, leyndina sem hvílir yfir þessum málum og mikilvægi þess að skipaður sé málsvari þess sem er hleraður – hlutlaus þriðji aðili sem gætir hagsmuna hins hleraða. Ef ríkissaksóknari er ekki að fylgjast með því að þessum trúnaðarsamtölum sé eytt, hver er þá að fylgjast með því? Enginn?“


Bjóðum nokkur vel valin eintök af einum vinsælasta sportjeppa landsins á frábærum kjörum

NOTAÐIR BÍLAR
Chevrolet Captiva
Árgerð: 2012
Verð: 5.590.þús




CHEVROLET CAPTIVA
Árgerð 2012 | dísel | sjálfskiptur | 184 hö | sjö manna

Búnaður

- Hólf fyrir sólgleraugu
- ESP stöðuleikastýring
- Tölvustýrð spólvörn
- ABS hemlalæsivörn
- Fjarlægðarskynjari að aftan
- 6 loftpúðar, gardína.
- Þriggja punkta öryggisbelti
- Hiti í speglum
- Hiti í sætum
- Kæling í hanskahólfi
- Upphitunarkerfi
- Aksturstölva
- Aðgerðarstýri
- Útihitamælir
- Bluetooth tenging
- Áttaviti
- Hiti á rúðuþurrkum
- Eco sparnaðarstilling
- 6 hátalarar
- USB tengi
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- 17” álfelgur
- Rafmagn í speglum, aðfellanlegir
- Sjálfv. birtustillir í baksýnisspegli
- Hleðslujafnari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður

Verð: 5.590.000

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum


ÍSLENSKA SIA.IS ICE 63064 02/13
EFTIRSÓTT VARA
Á EKKI AÐ ÞURFA
STÆRRA LAGERPLÁSS.
ÞAÐ TEKUR ENGA STUND AÐ FÁ MEIRA MEÐ FLUGFRAKT.
Sumar vörur eru einfaldlega vinsælli en aðrar. Þegar þær hverfa hratt úr hillunum er gott að vita af því að ný sending með Icelandair Cargo getur borist til þín á allt frá aðeins einum sólarhring.
Á hverjum einasta degi þjónum við hjá Icelandair Cargo íslenskum inn- og útflytjendum til og frá Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.
Því tíminn flýgur
ICELANDAIR
CARGO

F i t o n / S Í A

Félagsfundur VR

Minnum á félagsfundinn í kvöld.

Frambjóðendur til formanns og stjórnar VR kynna áherslur sínar á félagsfundi sem verður haldinn á Hilton Nordica Hótel í Reykjavík í kvöld 27. febrúar kl. 19:30.

Dagskrá:
1. Frambjóðendur kynna áherslur sínar.
2. Fyrirspurnir til frambjóðenda.

Félagsmenn hvattir til að mæta.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## NÝJA ÞINGIÐ VARLA STARFSHÆFT

Kosningakerfið á Ítalíu miðast við að flokkar starfi saman í flokkabandalögum. Það flokkabandalag sem flest atkvæði fær í neðri deild fær viðbótarþingsæti til að tryggja starfhæfan meirihluta, að minnsta kosti 340 þingsæti. Í efri deild er þetta sama kerfi hins vegar notað fyrir hvert hérað, þannig að engin trygging er fyrir því að fylgismesta flokkabandalagið fái starfhæfan meirihluta í deildinni.




# Pattstaða á nýja þinginu

Pattstaða er komin upp á ítalska þinginu eftir kosningarnar. Fimm stjörnu hreyfing grínistans Beppes Grillo virðist vart líkleg til að koma til bjargar.

**ÍTALÍA** Ítalski grínistinn Beppe Grillo og félagar hans í Fimm stjörnu hreyfingunni nota orðið „stjórnmálamaður“ nánast eins og blótsyrði. Eftir þingkosningarnar á sunnudag og mánudag er hreyfingin komin með 109 þingmenn í fulltrúadeild ítalska þingsins og 54 þingmenn í öldungadeildinni.

Þetta nýja en óútreiknanlega stjórnmálaafl féll í kramið hjá kjósendum, hlaut fjórðung atkvæða og virðist nú standa í vegi fyrir því að hægt sé að mynda starfhæfa stjórn.

Versta martröð gömlu flokkanna hefur því ræst og meðal leiðtoga annarra Evrópusambandsríkja hefur skelfing gripið um sig. Ekki virðist vera hægt að treysta því að ítölsk stjórnvöld geti komið böndum á efnahagslífið, eins og stjórn hagfræðingsins Marios Monti hafði reynt að gera. Markaðir brugðust jafnframt ókvæða við og féllu ítölsk verðbréf um nokkrar prósentur.

Pier Luigi Bersani, leiðtogi bandalags vinstri- og miðjuflokka, er að vísu með traustan meirihluta í neðri deild þingsins. Bersani hafði heitið því að halda áfram þeirri ströngu aðhaldsstefnu sem Mario Monti fylgdi síðastliðið ár og getur því styrkt stjórn sína enn frekar með því að fá Monti til liðs við sig.

Allt önnur staða er hins vegar uppi í öldungadeildinni, þar sem flokkar þeirra Bersanis og Montis ná ekki þingmeirihluta. Til þess að frumvörp verði að lögum þarf samþykki beggja þingdeilda, þannig að í reynd yrði stjórn þeirra algerlega upp á náð og miskunn bandalags hægriflokkanna komin, sem er undir forystu Silvio Berlusconis. Berlusconi vill vinda ofan af þeim aðhaldsaðgerðum sem Monti hefur staðið fyrir þannig að vart er sjáanlegur neinn alvöru samstarfsflötur.

Þótt hreyfing Grillos sé með 54 þingmenn í efri deildinni er vandséð að hún komi Bersani til hjálpar. Ítalir eru því farnir að sjá fram á nýjar kosningar innan fárra mánaða.

gudsteinn@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER
ŠKODA



ŠKODA Citigo er frábær smábíll sem býr yfir öllum þeim kostum sem einkenna Škoda bifreiðar sem eru þekktar fyrir sparneytni og lága bilanatíðni. Komdu við hjá HEKLU eða söluumboðum um land allt og kynntu þér hinn frábæra ŠKODA Citigo.

ŠKODA Citigo kostar aðeins kr. 1.990.000,-

4,5 | 105g | P 90 | ÖRYGGI

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði







Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár.
Með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur i N-CAP öryggisprófuninni og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.



**Velkomin í reynsluakstur**

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

Hugtök Markaðsráðgjöf. feb. 2013

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

ADHD samtökin

**Aðalfundur ADHD samtakanna verður haldinn kl. 20 mánudaginn 11. mars 2013 á 4. hæð Háaleitisbrautar 13, 108 Reykjavík.**

**Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.**

**www.adhd.is**




Póst dreifing

**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is

Raúl Castro ætlar að stjórna Kúbu í fimm ár til viðbótar:

# Arftakinn virðist vera fundinn

**KÚBA, AP** Um helgina var Miguel Diaz-Canel kosinn varaforseti Kúbu, en Raul Castro verður áfram forseti. Valið er í þessi embætti á þjóðþingi landsins, sem kemur saman tvisvar á ári og samþykkir lög oftast umræðulítið.

Diaz-Canel er rúmlega fimmtugur, lítt þekktur en hefur undanfarin þrjátíu ár fetað sig hægt og þétt upp metorðastigann í Kommúnistaflokknum á Kúbu. Allt bendir til þess að Castro og aðrir ráðamenn flokksins vonist til að Diaz-Canel taki við af Castro þegar þar að kemur. Á þinginu um helgina tilkynnti Castro að hann ætli sér að hætta árið 2018, þegar þessu nýhafna kjörtímabili lýkur. Castro er nú 81 árs og verður því orðinn 86 ára þegar hann áformar að láta af völdum.

Castro tók við af eldri bróður sínum Fidel árið 2008, þegar Fidel veiktist eftir að hafa stjórnað Kúbu í nærri hálfa öld. Árið 2018 verða liðin 59 ár frá því Castro gerði byltingu á Kúbu og tók sér völd. **- gb**


**MIGUEL DIAZ-CANEL** Dyggur flokksmaður sem hefur fetað sig hægt og þétt upp metorðastigann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kemur verst niður á þeim efnaminnstu

Þingmaður segir gjöld og skatta á innfluttar vörur koma verst niður á þeim efnaminnstu, sem ekki hafi efni á að ferðast til útlanda og njóta þess tollfrelsis sem það felur í sér. Lægri gjöld og skattar muni efla verslun og atvinnulíf hér á landi.

**NEYTENDAMÁL** Gjöld og skattar á innfluttar vörur koma verst niður á hinum tekjulágu, sem ekki hafa tækifæri til þess að versla í útlöndum og er í því tilliti hægt að tala um fátækraskatt. Þetta segir Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, og bætir því við að stjórnvöld þurfi ekki að vera rög við að fella niður tolla og álögur einhliða til að efla verslun innanlands.


**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Fréttablaðið hefur fjallað mikið um mál tengd tollum og öðrum innflutningsgjöldum síðustu mánuði en Guðlaugur segir núverandi kerfi skaðlegt.

„Það sem skiptir máli er að skilgreina markmiðin. Í mínum huga er markmiðið að flytja verslun til landsins og fjölga atvinnutækifærum hér. Með því munum við í fyrsta lagi bæta lífskjör almennings og auka atvinnutækifæri þeirra sem starfa í verslun og einnig auka tækifæri í ferðamennsku.“ Það megi tryggja með því að lækka eða afnema innflutningsgjöld, sem hvetji Íslendinga til að versla frekar heima.

Guðlaugur segir að undir núverandi kerfi sé fólki mismunað eftir efnahag og vísar í kannanir því til stuðnings.

Könnun sem Capacent Gallup gerði undir lok árs 2011 sýnir til dæmis að rúmur þriðjungur svarenda hafði síðast keypt hversdagsföt í utanlandsferðum og 42 prósent sögðu að síðast þegar þau keyptu barnaföt hefði það verið í útlöndum.

Þegar litið er til tekna kemur í ljós mikill munur á verslunarvenjum. Til dæmis keyptu 75 prósent þeirra sem höfðu fjölskyldutekjur undir 250.000 krónum á mánuði síðast barnaföt á Íslandi, en rúmur helmingur, 55 prósent, þeirra tekjuhæstu, sem voru með eina milljón eða meira í mánaðarlaun, keypti síðast barnaföt erlendis.

„Þróunin er öll á þann veg að við erum í raun að hækka fátæktarskatta,“ segir Guðlaugur. „Það er láglaunafólkið sem á enga aðra valkosti og er að versla hér heima. Þeir sem eru með hærri laun eru að versla í útlöndum. Það er staðreyndin.“

Spurður hvaða vöruflokk ætti fyrst að taka fyrir segir Guðlaugur að barnafötin „öskri á okkur“.

Þegar allt komi til alls snúist málið um að bæta stöðuna hér á landi með afnámi eða lækkun gjalda.

„Af hverju erum við að skaffa vinnu fyrir fólkið í Boston frekar en á Laugaveginum?“ segir Guðlaugur. **thorgils@frettabladid.is**



**Í FRÍHÖFNINNI** Yfir tveir fimmtu keyptu barnaföt í síðustu utanlandsferð sinni, að því er fram kom í könnun árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Dýr dropinn

Mikill verðmunur er á sumum vörutegundum sem standa millilandafarþegum til boða við brottför eða komu til landsins og almennu verði í verslunum. Þannig kostar til dæmis eins lítra flaska af Absolut vodka 2.799 krónur í Fríhöfninni, en sama flaska er nálægt því 160 prósentum dýrari í verslun Vínbúðarinnar þar sem hún kostar 7.199 krónur.




Alþjóðlegur samningur um notkun kvikasilfurs og losun undirritaður í Japan:

# Kvikasilfri sagt stríð á hendur

**UMHVERFISMÁL** Fulltrúar 140 ríkja skrifuðu í janúar síðastliðnum undir alþjóðlegan samning um að draga úr notkun kvikasilfurs, og þá jafnframt losun þess út í umhverfið. Samningurinn heitir eftir japönsku borginni Minamata, þar sem þúsundir manna urðu fyrir alvarlegri eitrun vegna losunar kvikasilfurs með frárennsli frá efnaverksmiðju.

Minamata-samningurinn er ekki síst hugsaður til að sporna gegn kvikasilfursmengun í þróunarlöndum þar sem notkun þess er enn vandamál. Iðnríkjunum hefur hins vegar tekist að skipta því út fyrir hættuminni, en oft á tíðum dýrari, efni. Kvikasilfur er til dæmis notað við að vinna gull á frumstæðan hátt í gullnámum. Það er sú notkun sem í dag er talin valda mestri kvikasilfursmengun af mannavöldum.

Með samningnum er tryggð fjármögnun til handa fátækari ríkjum svo að stöðva megi óþarfa notkun kvikasilfurs. Með samningnum er tryggt að engar nýjar námur verði teknar í notkun, kvikasilfur verði geymt með öruggum hætti og að förgun þess hafi ekki í för með sér umhverfisspjöll.

Mikil kvikasilfursmengun verður til við bruna jarðefnaeldsneytis. Það á sérstaklega við um kolaorkuver en jafnframt iðnað eins og málmbræðslur, sementsverksmiðjur og sorpbrennslustöðvar. **- shá**


**SORPBRENNSLA** Kvikasilfursmengun er einn fylgifiska sorpbrennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Seldu skip til Albaníu:

# Eimskip selur Írafoss úr landi

**ATVINNULÍF** Skipafélagið Eimskip hefur selt flutningaskipið Írafoss til Albaníu. Írafoss var byggður árið 1991, er 1.890 tonn að stærð, og var minnsta skipið sem félagið hafði í rekstri. Skipið hefur verið í verkefnum í Noregi frá árinu 2010.

Í frétt frá fyrirtækinu segir að salan á Írafossi sé hluti af eðlilegri endurnýjun á skipaflota félagsins. Salan á Írafossi hefur óveruleg áhrif á rekstur félagsins, segir í frétt fyrirtækisins. - shá

Hagnaður Landsvirkjunar fyrir óinnleysta fjármagnsliði jafngildi tæplega 13 milljörðum króna 2012:

# Landsvirkjun hagnaðist um sjö milljarða

**VIÐSKIPTI** Landsvirkjun hagnaðist um 54,2 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi tæpra sjö milljarða króna, á árinu 2012. Til samanburðar var hagnaður félagsins 26,5 milljónir Bandaríkjadala árið 2011. Þetta kemur fram í ársreikningi Landsvirkjunar fyrir árið 2012 sem var gefinn út nýverið.

„Afkoma ársins er viðunandi í ljósi efnahagsástands í heiminum. Tekjur dragast saman um 6,5% sem að hluta má rekja til lækkandi álverðs og áhrifa þess á samningsbundið raforkuverð. Við þessar aðstæður njótum við góðs af því að endursamið var við einn af stærstu viðskiptavinum okkar um hærra raforkuverð sem ekki var tengt álverði,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri fyrirtækisins.

Rekstrartekjur félagsins voru 407,8 milljónir dala og lækkuðu um 28,4 milljónir milli ára. Rekstrarkostnaður nam 88,2 milljónum dala og dróst saman um 2,8 milljónir milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta nam því 319,6 milljónum Bandaríkjadala. Þá var hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði 102 milljónir dala og lækkaði um 4,1 milljón frá 2011.

Loks var eigið fé Landsvirkjunar í lok síðasta árs 1.697 milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir 37,6% eiginfjárhlutfalli. Hækkaði hlutfallið um 1,8 prósentustig á árinu. Þá var handbært fé félagsins 188 milljónir dala. - mþl



**HÖRÐUR ARNARSON** Rekstur Landsvirkjunar var svipaður 2012 og árið áður.



**FJÖLSKYLDUHJÁLPIN** Auk matarúthlutunar í Eskihlíðinni í dag verður boðið upp á hársnyrtingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úthlutun í Eskihlíð í dag:

# Fjölskylduhjálp með klippingu

**SAMFÉLAGSMÁL Boðið verður upp á hársnyrtingu í húsnæði Fjölskylduhjálpar Íslands í Eskihlíð í dag.**

**Þrír hárgreiðslumeistarar munu standa vaktina í Fjölskylduhjálpinni frá klukkan ellefu til klukkan fjögur í dag og bjóða skjólstæðingum ókeypis klippingu. Matarúthlutun hefst svo klukkan tvö og stendur til 16.30. Þá verður matarúthlutun í Reykjanesbæ á morgun milli fjögur og sex í húsnæði Fjölskylduhjálpar Íslands í Grófinni.** - þeb

Tónlistarsala eykst á ný:

# Hefur aðlagast netheimum

**BRETLAND, AP** Tónlistarsala jókst um 0,3 prósent á síðasta ári. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1999 sem salan eykst og þótt aukningin sé lítil vonast fulltrúar iðnaðarins til þess að þetta sé upphafið að viðsnúningi.

Frances Moore, framkvæmdastjóri alþjóðasamtaka hljómplötuútgefenda, segir þetta sýna að iðnaðurinn hafi nú lagað sig að netheimum.

Síðan 1999 hefur niðurhal tónlistar af netinu átt stóran þátt í því að sala tónlistar hefur dregist saman um 40 prósent. - gb

Viðsnúningur milli ára:

# Hagnaður hjá Íslandspósti

**VIÐSKIPTI Íslandspóstur hagnaðist um tæpar 53 milljónir króna á síðasta ári. Til samanburðar tapaði félagið 144 milljónum árið 2011 en hagnaðist um 93 milljónir árið 2010.**

**Rekstrartekjur voru í fyrra 6.754 milljónir og jukust um 225 milljónir milli ára. Rekstrargjöld lækkuðu hins vegar lítillega og voru 6.289 milljónir. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta var því um 485 milljónir. Þá nam eigið fé félagsins 2,5 milljörðum í lok síðasta árs.** - mþl

**RAFORKUKERFIÐ**

### Álagsbreyting truflaði

Rafmagnsleysi á Norðausturlandi laugardaginn 23. febrúar orsakaðist af mikilli álagslækkun á Suðvesturlandi þegar bilun varð í álverinu í Straumsvík. Landsnets segir að þá hafi orðið „yfirlestun á byggðalínunni“.




Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum á upplýsingafund fimmtudagskvöldið 28. febrúar kl. 20:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Efni fundarins:

Gott ár að baki, hvað er framundan?
Sjóðstjórar veita upplýsingar um ávöxtunarleiðir sjóðsins og ræða um horfur á árinu 2013.

Hvert stefnir Icelandair Group?
Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, ræðir um íslenska hlutabréfamarkaðinn, stöðu Icelandair og framtíðarsýn.

Þinn tími mun koma, vertu undirbúinn
Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunar, ræðir um lífeyrissparnað og mikilvægi hans fyrir einstaklinga.

**Fundarstjóri:** Sigurbjörn Sveinsson, læknir, formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins.

Sjóðfélagar geta skráð þátttöku á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# SKOÐUN

Tveir landsfundir umbreyttu pólitísku landslagi:

## Hægri varð vinstri

Á einni helgi hefur hið pólitíska landslag á Íslandi umbreyst. VG opnaði skyndilega á raunverulegan möguleika á ríkisstjórnaraðild með því að samþykkja að klára aðildarviðræður ESB, þrátt fyrir að vera andsnúin aðild. Á sama tíma festi Sjálfstæðisflokkur sig í sessi sem eitt róttækasta stjórnmálaafl landsins.

Í grundvallarstefnu Sjálfstæðisflokksins segir að inntak stefnu hans sé að „tryggja frelsi og framþróun í þjóðfélaginu“. Frá þeirri stefnu var horfið að hluta um helgina. Í fyrsta lagi var samþykkt ályktun á landsfundi um að hætta aðildarviðræðum við ESB og svipta þar með þjóðina frelsi til að kjósa um málið. Samhliða á að loka Evrópustofu, svo almenningur hafi ekki slíkan aðgang að upplýsingum. Í öðru lagi hefur flokkurinn fallið frá þeirri stefnu að hann leggi „áherslu á að auðvelda erlendum aðilum að fjárfesta í íslensku atvinnulífi“. Fyrir tveimur árum lét Bjarni Benediktsson hafa eftir sér að það væri ekki sjálfsagt að útlendingar gætu keypt stórar jarðir á Íslandi. Hann steig annað stórt skref í átt að því að skapa geðþóttastýrt, en ekki almennt, fjárfestingarumhverfi á Íslandi í síðustu viku þegar hann sagði að afskrifa ætti að verulegu leyti kröfur erlendra vogunarsjóða í þrotabú föllnu bankanna. Þessari skoðun voru gerð skil í Financial Times, einni af biblíum viðskiptalífsins.



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is

Í þriðja lagi virðist morgunljóst að hinir ungu forystumenn flokksins hafi beygt sig undir „heimsyfirráð eða dauði“-stefnu gömlu harðlínujaxlanna í flokknum. Þessi afstaða kristallaðist ágætlega í ræðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, sem var vel skreytt af Davíðslegum aulahúmor á kostnað pólitískra andstæðinga. Hún hefur árum saman viljað markaðssetja sig sem sáttastjórnmálamann en steig þarna af þeirri braut.

Á sama tíma kom VG út úr skápnum sem einhvers konar krataflokkur með áherslu á kvenfrelsi og umhverfismál. Það er ekki að sjá á samþykktri stjórnmálaályktun flokksins að hann sé róttækur vinstriflokkur, sem er samt sú skilgreining sem margir flokksmenn hans vilja kenna sig við.

Það að samþykkja að klára ESB-viðræðurnar var þó pólitískt klókt hjá VG. Með því er flokkurinn allt í einu orðinn möguleiki í þriggja flokka stjórn með Bjartri framtíð og Samfylkingu. Saman mælast þessir þrír flokkar nú með um 42 prósent en ljóst er að formennska Katrínar Jakobsdóttur ætti að geta ýtt fylgi VG í tveggja stafa tölu. Þá eru fimm smáframboð að mælast með um átta prósenta fylgi sem gæti vel leitað til ofangreindra flokka. Að lokum er ljóst að innan bæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknar eru margir Evrópusinnar. Þeir gætu ákveðið að kjósa áframhaldandi viðræður.

Því virðist hafa verið dregin lína í sandinn um helgina. Mögulegt ríkisstjórnarmynstur er annars vegar Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn, með skuldaniðurfellingar, skattalækkanir og óljósa peningamálastefnu á oddinum. Hins vegar er möguleg þriggja flokka stjórn tveggja keimlíkra frjálslyndra jafnaðarmannaflokka og vinstriflokks, sem er að mörgu leyti hættur að haga sér eins og vinstriflokkur, með áframhaldandi aðildarviðræður sem aðalmál. Þetta verður athyglisvert.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Fiskbúðin Höfðabakka
Fiskbúð • Kjötborð • Heitur matur í hádeginu
Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070
Ýsa í sósu
990 kr/kg
Nautalundir
6.390 kr/kg
NautaRibeye
4.990 kr/kg
Opið á laugardögum 11-16

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Bara ein könnun af mörgum**

Það er gömul saga og ný að stjórnmálamenn eru öðrum flinkari í að túlka tíðindi og vendingar í þjóðfélaginu sjálfum sér í hag. Á þessum stað á mánudag var minnst á Bjarna Benediktsson og það hvernig honum tókst með aðdáunarverðum hætti að sjá styrkleikamerki í því að sumir flokksmenn vildu hann frá. Bjarni hélt uppteknum hætti í gær. Ný könnun, sem sýnir fylgishrun Sjálfstæðisflokksins á milli mælinga, er í hans huga bara ein könnun af mörgum, flokkurinn eigi eftir að eiga samtal við þjóðina og sú eina könnunin sem máli skipti sé sú stóra: Kosningarnar sjálfar. Það er ýmislegt til í þessu hjá Bjarna.

**Bara ein könnun**

Bregðum okkur samt þrjú ár aftur í tímann, til 19. mars 2010. Þá birti Fréttablaðið könnun á fylgi flokka þar sem Sjálfstæðisflokkurinn mældist mjög hár, en ríkisstjórnarflokkarnir mjög lágir. Það var ekki bara ein könnun af mörgum – heldur var það könnunin, með greini, að mati Bjarna. Hann taldi könnunina sýna að ríkisstjórnin réði ekki við verkefni sitt og að hún skyldi fara frá.



**Sneiðar formannsins**

Á mánudag var líka vikið að Katrínu Jakobsdóttur á þessum stað, og duldu sneiðinni sem hún sendi nýkjörnum varaformanni Vinstri grænna með því að hvetja pólitíkusa til hófstillingar í orðavali. En sneiðar formannsins nýja til eigin flokksmanna eru fleiri. Fyrir helgi mætti Katrín galvösk í settið hjá piltunum í Hraðfréttum – vikulegu skemmtiinnslagi í Kastljósi. Sá þáttur hefur einmitt mætt efasemdum – sumir mundu segja vandlætingu – af hálfu Álfheiðar Ingadóttur, samflokkskonu Katrínar, sem hefur í tvígang hið minnsta gagnrýnt hann á þingi fyrir smekkleysi og óbeinar auglýsingar.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Samstaða um að verja íslenska hagsmuni

FJÁRMÁL



**Katrín Júlíusdóttir**
fjármála- og efnahagsráðherra

Eftir að hafa hlýtt á landsfundarávörp formanna tveggja stjórnarandstöðuflokka fagna ég þeirri þverpólitísku samstöðu sem nú hefur náðst um ýtrustu vörn fyrir hagsmuni íslenskra heimila og fyrirtækja gagnvart því verkefni að gera upp þrotabú föllnu bankanna og losa um fjármagnshöft. Fyrir aðeins ári síðan var umdeilt á Alþingi hvort fella ætti erlendar eignir þrotabúanna undir fjármagnshöftin og fulltrúar stjórnarandstöðu ýmist greitt atkvæði gegn því eða setið hjá. Í dag ríkir hins vegar einhugur um mikilvægi þess að með því náðum við fullum tökum á greiðsluflæði frá þrotabúunum til erlendra kröfuhafa.

Full eining er um það milli ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands að ganga eins langt í því að verja íslenska hagsmuni og lög og þjóðréttarlegar skuldbindingar leyfa. Við væntum þess að losunaráætlunin gengi hraðar en varúðarsjónarmið gagnvart þróun á alþjóðamörkuðum og stöðu þrotabúanna hafa ráðið hraðanum. Til að stýra uppfærslu áætlunar um losun fjármagnshafta, þar sem tekið er á því risavaxna verkefni sem uppgjör þrotabúa föllnu bankanna sannarlega er, starfar stýrinefnd sem í eiga sæti ráðherrar efnahags- og bankamála auk Seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Ekki verða gefnar út reglur sem heimila undanþágur til uppgjörs á þrotabúum gömlu bankanna án þess að þær hafi verið yfirfarnar í stýrinefnd og staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra.

Ég hef lagt ríka áherslu á að halda forystumönnum allra flokka upplýstum um framvinduna enda blasir við að hver sú ríkisstjórn sem hér tekur við að loknum kosningunum í vor mun þurfa að fást við þetta verkefni. Samstaða hefur nú náðst um að stíga það mikilvæga skref að miða losun fjármagnshafta ekki við ákveðnar dagsetningar heldur við þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar og þann árangur sem við viljum ná.

Gagnvart kröfuhöfum styrkir það stöðu okkar að þessi þverpólitíska samstaða sem náðst hefur um íslenska hagsmuni síðustu misserin haldi. Þannig hef ég stýrt þessu verkefni og hyggst gera áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Mannvonska dulbúin sem mannúð

**Í DAG**
**Sif Sigmarsdóttir**
rithöfundur



„Frelsið skiptir máli, að geta haft þá tilfinningu að maður geti vaknað á morgnana og gert hvað sem mann lystir ef gangi maður ekki á rétt annarra." Svo komst Katrín Jakobsdóttir, nýkjörinn formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, að máli í hreint afbragðsgóðri ræðu sem hún hélt á landsfundi flokksins sem fram fór um helgina. Með nýjum formanni blása ferskir vindar um vinstri græn og af umræðum um fundinn í fjölmiðlum að dæma virðast þeir auk þess hafa feykt „órólegu deild" flokksins lengst út á hafsjó þar sem hróp þeirra og köll drukkna í öldugný.

Yfirvegun og öfgaleysi hafa skinið úr málflutningi Katrínar í viðtölum. Hún leggur áherslu á nauðsyn málamiðlana og mikilvægi þess að fólk geti verið andstæðra skoðana án þess að allt fari í bál og brand. Og hún virðist ekki ætla að ýta undir þá loforðaverðbólgu sem nú þegar hrjáir kosningabaráttuna: „Ég hef lagt áherslu á það að við getum ekki gengið fram með alls konar fyrir alla, eins og mér hefur þótt formenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks gera núna," sagði hún í viðtali við Fréttablaðið.

Ef bornar eru saman þær ályktanir landsfundar VG sem mesta athygli fengu í fjölmiðlum um helgina og ályktanir landsfundar Sjálfstæðisflokksins sem fór fram á sama tíma gætir óvæntrar hófsemdar í málefnastarfi VG en nokkurs trúarhita í ályktunum Sjálfstæðisflokksins. Nefna má viðhorf til Evrópusambandsins sem dæmi.

Öllum að óvörum samþykkti landsfundur VG ályktun þess efnis að ljúka skyldi aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Jafnvel þótt flokksmenn séu upp til hópa andvígir inngöngu virðast þeir ekki styðja að gengið sé frá hálfkláruðu verki. Samþykktir landsfundar Sjálfstæðisflokksins voru aftur á móti furðuofstækisfullar. Þær kváðu á um að aðildarviðræðunum yrði hreinlega hætt og að upplýsingaskrifstofu Evrópusambandsins hér á landi yrði lokað. Flokkurinn sem kenndur hefur verið við ofstopa virðist skyndilega hófsamur en flokkurinn sem fjöldinn tengir við skynsemi er orðinn heiftúðleg skrumskæling á teboðshreyfingarinnar í Bandaríkjunum.

Ein er þó sú ályktun sem samþykkt var á landsfundi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs sem fer gegn ferskum vindunum sem þar blása, gegn þeim anda hófsemdar sem hvílir yfir nýja formanninum og þeim góðu orðum sem hann lét falla um frelsi í ræðu sinni á landsfundinum.

**Af melludólgum og glæpahyski**

Í janúar í fyrra samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um skipan starfshóps sem semja átti frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, sagði hins vegar í samtali við Fréttablaðið að ljóst væri að ekkert yrði úr málinu á þessu þingi. Enn mega konur bíða sem ekki geta gengið með börn sjálfar af ástæðum eins og þeim að þær fæddust ekki með leg eða misstu það.

Kannanir sýna að um 87% landsmanna eru hlynnt staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Yfirgnæfandi meirihluti gesta landsfundar VG samþykkti hins vegar ályktun þess efnis að leggjast gegn staðgöngumæðrun hvort heldur sem er í hagnaðar- eða velgjörðarskyni. Í ályktuninni segir: „Með því að leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni væri verið að samþykkja þá hugmynd að það sé í lagi að nota líkama annarra sem leið að eigin markmiði."

Orðalag þeirra sem gagnrýnt hafa staðgöngumæðrun undanfarin misseri hefur verið heiftúðugt. Hefur staðgöngumæðrun gjarnan verið líkt við vændi og mansal. Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni getur vissulega leitt af sér að neyð kvenna verði til þess að þær leiðist út í að „selja" líkama sinn til meðgöngu og má vel færa rök fyrir því að slíkur gjörningur eigi ýmislegt skylt við vændi. En að setja staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni undir sama hatt og staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni eru hreinar og klárar öfgar – þar er allsherjar hugmyndafræði hafin ofar raunsæi og mannúð.

> Sem gallharður femínisti fæ ég ekki með nokkru móti séð að það að kona gangi með barn fyrir systur sína, frænku eða vinkonu stefni stöðu íslenskra kvenna og umráðum þeirra yfir eigin líkama í nokkra hættu.

Hvers vegna má kona ekki ganga með barn fyrir systur sína eða vinkonu sé hún reiðubúin til að gera slíkt góðverk? Er það eitthvað öðruvísi en ef manneskja vill gefa annarri manneskju sem á þarf að halda nýra? Og eigi að banna með öllu að „nota líkama annarra sem leið að eigin markmiði" á þá ekki einnig, auk líffæragjafar, að taka fyrir blóðgjöf, sæðisgjöf og eggjagjöf?

Það er ótrúleg mannvonska að nánast líkja þeim sem þrá að eignast barn en geta ekki gengið með það við melludólga og glæpahyski sem stundar mansal. Enn þá meiri mannvonska er að neita þeim um þá einu von sem þeir hafa til að öðlast það sem flestir taka sem sjálfsögðum hlut.

**Misnotkun á femínisma**

Auður Alfífa Ketilsdóttir, ein þeirra sem stóðu að ályktun VG um staðgöngumæðrun, sagði í fréttum Stöðvar tvö um helgina: „Á meðan að samfélagið tryggir ekki konum jafna stöðu á við karla eða yfirráðin yfir eigin líkama, þá sé ég ekki að það sé tímabært að leyfa þetta."

Sem gallharður femínisti fæ ég ekki með nokkru móti séð að það að kona gangi með barn fyrir systur sína, frænku eða vinkonu stefni stöðu íslenskra kvenna og umráðum þeirra yfir eigin líkama í nokkra hættu. Og mér gremst að lögmæt baráttumál femínismans séu misnotuð til að réttlæta ofangreinda mannvonsku, dulbúin sem mannúð.

Reynir Tómas Geirsson, prófessor í fæðinga- og kvensjúkdómafræði og yfirlæknir á Landspítalanum, skrifaði grein um staðgöngumæðrun í Fréttablaðið í desember 2011. Þar segir: „Hér er um að ræða mjög fáar konur, eina á eins eða tveggja ára fresti. Rannsóknir sem varða börnin, foreldrana, staðgöngumóðurina og fjölskyldur þeirra benda til að þetta gangi alla jafna vel … Tæknin er fyrir hendi til að aðstoða þessar fáu konur við að eignast barn með hjálp annarrar velviljaðrar konu."

Hvaða rétt hefur samfélagið til að skerða frelsi þessara velviljuðu kvenna til að láta gott af sér leiða?


# Bættu við eða breyttu til

**Fjölbreytt úrval námskeiða við allra hæfi.**

## Greinaskrif

**Hagnýt skrif** Nýtt!
Að koma hugsunum á blað. *Hefst 11. mars.*

## Hönnun og handverk

**Bókagerð – handgerðar bækur**
*Hefst 12. mars.*

**Handunnin snið** Nýtt!
Sambygging og útfærslur. *Hefst 7. mars.*

**Heklnámskeið** Nýtt!
Fyrir byrjendur. *Hefst 4. mars.*

**Mósaíknámskeið**
*Hefst 16. mars.*

**Skrautskrift fyrir byrjendur**
*Hefst 4. apríl.*

**Taulitun og tauþrykk**
*Hefst 2. mars og 20. apríl.*

**Vatnslitanámskeið**
Fyrir byrjendur. *Hefst 4. mars.*

## Málmur og tré

**Hannað og smíðað** Nýtt!
*Hefst 3. apríl.*

**Húsgagnaviðgerðir**
*Hefst 2. apríl.*

**Málmsuða**
*Hefst 18. mars.*

**Járnrennismíði**
Fyrir byrjendur. *Hefst 8. apríl.*

**Trésmíði fyrir konur**
*Hefst 5. mars.*

**Tölvustýrð rennismíði CAM** Nýtt!
*Hefst 11. mars.*

## Raftækni

**Rafeindatækni fyrir byrjendur**
*Hefst 8. mars.*

**Uppbygging tölvunnar og nýjungar** Nýtt!
*Hefst 5. mars.*

## Skipstjórn – vélstjórn

**ARPA ratsjárnámskeið**
Grunnur. *Hefst 6. maí.*
Endurnýjun. *Hefst 8. maí.*

**ECDIS**
Rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi.
*Hefst 17. apríl.*

**Endurnýjun skipstjórnarréttinda**
*Hefst 13. maí.*

**Endurnýjun vélstjórnarréttinda**
*Hefst 8. mars.*

**GMDSS ROC/GOC**
*Hefst 4. mars.*

**Hásetafræðsla**
Aðstoðarmaður í brú. *Hefst 6. mars.*

**IMDG endurnýjun**
*Haldið 8. mars.*

**Skemmtibátanámskeið**
Kennt í fjarnámi. *Hefst 11. mars.*

**Smáskipanámskeið**
Kennt í fjarnámi og staðarnámi. *Hefst 11. mars.*

**Smáskipavélavörður - vélgæsla**
*Hefst 4. mars.*

## Tölvur og upplýsingatækni

**App fyrir Android** Nýtt!
*Hefst 13. apríl.*

**BIM fyrir verktaka** Nýtt!
*Hefst 12. mars.*

**Bæklingagerð í InDesign** Nýtt!
*Hefst 12. mars.*

**Inventor grunnnámskeið** Nýtt!
*Hefst 8. apríl.*

**iPhone | iPad námskeið**
Grunnur. *Hefst 4. mars.*
Framhald. *Hefst 13. mars.*

**Ljósmyndanámskeið**
*Hefst 4. mars.*

**Lýsing og rendering**
Fyrir hönnuði og arkitekta. *Hefst 16. mars.*

**Margmiðlunarnámskeið**
After Effects. *Hefst 15. apríl.*
Hljóðsetning f. vídeó og leiki. *Hefst 2. mars.*
Maya grunnnámskeið. *Hefst 8. apríl.*
Retro tölvuleikjagerð. *Hefst 6. mars.*

**Photoshop CS6** Nýtt!
Fyrir byrjendur. *Hefst 16. mars.*

**Revit Architecture**
Grunnur. *Hefst 2. maí.*
Rendering. *Hefst 21. maí.*

**Skattaframtalsgerð og vsk**
*Hefst 19. mars.*

**SketchUp þrívíddarvinnsla**
*Hefst 5. mars.*

## Umhverfi og útivist

**GPS námskeið**
Staðsetningartæki og rötun. *Hefst 18. mars.*

**Laugavegurinn og Þórsmörk** Nýtt!
*Haldið 4. maí.*

**Skráning og nánari upplýsingar:**
www.tskoli.is/namskeid | endurmenntun@tskoli.is
Sími 514 9602

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN PÁLL INGIBERGSSON**
**pípulagningameistari,**
**til heimilis að Furugerði 1, Reykjavík,**

lést á LSH Fossvogi fimmtudaginn 21. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 6. mars kl. 13.00.

**Ingibjörg Jónsdóttir** | **Þorsteinn Friðþjófsson**
**Guðrún Kolbeins Jónsdóttir** | **Eyjólfur Kolbeins**
**Þuríður Jónsdóttir** | **Sigurður Heimir Sigurðsson**
**Málfríður Jónsdóttir**
**Sigurður Jónsson** | **Olga Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**STEINUNNAR UNNAR HÁKONARDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir hlýja og mannúðlega umönnun.

**Ingunn Karítas Indriðadóttir** | **Jóhann Sæberg Helgason**
**Guðný Vigdís Indriðadóttir**
**Indriði Indriðason** | **Anna Árdís Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Okkar ástkæra móðir og amma,

**VIKTORÍA HANNESDÓTTIR**

lést heima í faðmi barna sinna laugardaginn 16. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Blóm og minningargreinar vinsamlegast afþakkaðar en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Heimahlynningar LSH. Sérstakar þakkir fær starfsfólk 11-B og Heimahlynningar LSH fyrir góða umönnun.

**Ólafur Geir Guttormsson**
**Hera Brá Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**OLGA AXELSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Eir,**

lést þriðjudaginn 12. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát hennar.

**Halldór Bjarnason** | **Guðbjörg Þorsteinsdóttir**
**Bjarni Friðrik Bjarnason**
**Ágúst Bjarnason** | **Auður Ottadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**JÓHANNA ÞORLEIFSDÓTTIR**
**Höfða, Akranesi,**

andaðist 20. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 1. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

**Sigurður Gunnarsson** | **Kristjana Þórarinsdóttir**
**Sigurlín Gunnarsdóttir** | **Eiríkur Jónsson**
**Þór Arnar Gunnarsson** | **Björg Agnarsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson** | **Sigríður Þrastardóttir**
**og ömmubörn.**

✝



Okkar ástkæri

**STEFÁN HERMANNS**
**Álfaskeiði 64, Hafnarfirði,**

lést þann 19. febrúar á gjörgæsludeild Landspítalans. Hann verður jarðsunginn í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 1. mars klukkan 15.00.

**Ástvinir**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Eir,**

andaðist miðvikudaginn 20. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

**Kristín María Kjartansdóttir** | **Ingólfur Hauksson**
**Hannes Jóhannsson** | **Beth Moore**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær unnusti minn, sonur, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

**ANDRI LÍNDAL JÓHANNESSON**

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 1. mars kl 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Unicef-samtökin og björgunarsveitir.

**Viktoría Dröfn Ólafsdóttir**
**Ingigerður Jakobsdóttir** | **Jóhannes Líndal Brynjólfsson**
**Brynjólfur Líndal Jóhannesson** | **Katherine Rose Jónsson**
**Jakob Líndal Jóhannesson** | **Herdís Steinarsdóttir**
**Birna Guðmundsdóttir** | **Jakob Helgason**
**Þórunn Þráinsdóttir**
**og bræðrabörn.**

✝



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns og föður,

**GUÐJÓNS HELGASONAR**
**Hlíðarvegi 11.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á heilbrigðisstofnun Suðurnesja og deildar 12E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Sveinborg Daníelsdóttir**
**Sunneva Guðjónsdóttir**

✝



Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÞÓRA BJÖRNSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Þórsgötu 13,**

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju föstudaginn 1. mars kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Dvalarheimilisins Grundar (530-6100).

**Björn Brekkan Karlsson** | **Hólmfríður Þórólfsdóttir**
**Sigfús M. Karlsson** | **Jóna S. Valbergsdóttir**
**Vilborg G. Guðnadóttir** | **Haukur Guðjónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR HANNESSON**
**frá Litla-Vatnshorni í Haukadal,**
**síðast til heimilis að Háholti 16, Hafnarfirði,**

lést á Sólvangi þriðjudaginn 19. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

**Nanna Guðrún Jónsdóttir**
**Ómar Ólafsson** | **Sigríður Eysteinsdóttir**
**Stefán Ólafsson** | **Edda Andrésdóttir**
**Jónína Ólafsdóttir** | **Sigurjón Sigurbjörnsson**
**Atli Ólafsson** | **Guðfinna Árnadóttir**
**og fjölskyldur.**

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR REYKDAL KARLSSON**
**Grænuhlíð 3, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 24. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi.

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Jón Þór Gunnarsson**
**Fríða Ólöf Ólafsdóttir** | **Skúli Gunnarsson**
**Ólafur Karl Ólafsson** | **Lena Friis Vestargaard**
**Anna María Ólafsdóttir** | **Heimir Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Rýna í örgjörvana

## Theódór Ragnar Gíslason, sérfræðingur í tölvuöryggi, er einn af stofnendum nýs fyrirtækis sem nefnist Syndis.



**THEÓDÓR RAGNAR** Öryggismál á Íslandi eru mismunandi en yfirleitt eru þau slök," segir hann.

Opnun nýs hátæknifyrirtækis verður fagnað á föstudaginn í anddyri Háskólans í Reykjavík. Það heitir Syndis og markmið stofnenda þess er að efla framfarir í upplýsingaöryggi á Íslandi. Theódór Ragnar Gíslason er einn þeirra. Hinir eru Árni Már Harðarson, Rich Smith, Hörður Ellert Ólafsson og Ýmir Vigfússon. „Við erum með teymi á heimsmælikvarða, sem sameinar fræðilega þekkingu, praktíska reynslu og alþjóðatengsl," segir Theódór Ragnar sem segir þjónustu Syndis nýjung hér á landi. „Aðferðin snýst á vissan hátt um að brjóta hugbúnaðarkerfi í þeim tilgangi að bæta þau. Finna villur í hugbúnaði eða kerfum og sannreyna þær villur," lýsir hann. „Þetta eru sömu aðferðir og hakkarar beita í raun og veru," bætir hann við.

En eru Íslendingar meðvitaðir um hættur sem að tölvukerfum þeirra stafa? „Nei, öryggismál á Íslandi eru mjög mismunandi en yfirleitt eru þau slök, jafnvel hriplek. Það kemur fólki á óvart. En þegar fyrirtæki eða stofnun lendir í einhverju er viðhorfið fljótt að breytast. Hvernig er líka hægt að verja sig gegn einhverju sem menn þekkja ekki ofan í kjölinn?" svarar hann.

Spurður hvort Syndis selji fólki einhverja pakka til að setja inn í kerfin hjá sér, svarar Theódór Ragnar: „Nei, við seljum engan hugbúnað. Það eina sem við gerum er að taka út búnað sem við erum beðnir að kíkja á. Við rýnum í örgjörvana."

gun@frettabladid.is

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, systir, svilkona og frænka,

**GUÐLAUG HELGA KONRÁÐSDÓTTIR**
**bankamaður,**
**Barmahlíð 28, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 23. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Minningarsjóð líknardeildar í Kópavogi njóta þess.

**Sigtryggur Jónsson**
**Marta Ruth Guðlaugsdóttir**
**Ragnar Hauksson**
**Mikael Jafet Ragnarsson**
**Salómon Konráð Ragnarsson**
**Enok Kristinn Ragnarsson**
**Sverrir Hans Konráðsson**
**Dagný Þorgnýsdóttir**
**Edda Rún Sverrisdóttir**
**Guðrún Lóa Sverrisdóttir**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HULDA MARGRÉT FRIÐRIKSDÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 16. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 1. mars kl. 13.30.

**Fanney Rósa Jónasdóttir** | **Jónas Jose Mellado**
**Ásta Hrönn Jónasdóttir** | **Aðalsteinn Baldursson**
**Heiðrún Hulda Jónasdóttir** | **Sigurmar Gíslason**
**Lilja Margrét Jónasdóttir**
**Erna Guðný Jónasdóttir** | **Þröstur Magnússon**
**Jenný Edda Jónasdóttir** | **Jón Benóný Hermannsson**
**Sandra Friðriks Jónasdóttir** | **Eiríkur Ellertsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

✝



Elskuleg frænka okkar,

**ÁSGERÐUR JÓNSDÓTTIR**
**kennari,**
**frá Gautlöndum,**

lést 18. febrúar síðastliðinn. Kveðjuathöfn verður haldin í Neskirkju fimmtudaginn 28. febrúar næstkomandi kl. 13.00. Jarðað verður frá Skútustaðakirkju, Mývatnssveit, föstudaginn 1. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á menningar- og friðarsamtök.

**Systkinabörn og fjölskyldur.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## NETIÐ Í FLUGI

**Fjögur af þeim sextán félögum sem fljúga til Íslands í sumar bjóða upp á nettengingu í flugvélum. Frá þessu greinir turisti.is. Flugfélögin eru Norwegian, SAS, Icelandair og Delta.**




**Hugsaðu vel um fæturna**

Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: „Annapolis“ Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi. Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18
Opið laugardaga 10-14

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is




# HAKKABUFFIÐ BEST

**UPPÁHALDSBORGIN** *Kristján Sigurjónsson býr í Stokkhólmi en ber sterkar taugar til Kaupmannahafnar. Hann segir Norðurbrú hverfið sitt.*

Kaupmannahöfn stendur mér næst,“ segir Kristján Sigurjónsson, útgefandi Túristi.is, þegar við forvitnumst um uppáhaldsborg hans í heiminum. Kristján hefur ferðast víða en er nú búsettur í Stokkhólmi ásamt fjölskyldunni. Hann segir þó Kaupmannahöfn eiga hug hans og hjarta, enda bjó hann þar í sjö ár.

„Ég flutti þaðan í fyrra. Bæði börnin mín fæddust í Kaupmannahöfn og hún skipar því sérstakan sess í fjölskyldunni þó okkur líki lífið ljómandi vel í Stokkhólmi. Ég bjó öll árin á Norðurbrú og myndi sennilega koma mér þar fyrir aftur ef ég flyt til borgarinnar á ný. Þar hafa alls kyns þjóðarbrot komið sér fyrir og fjölbreytileikinn er mikill. Þaðan er líka stutt í allar áttir og mörg græn svæði,“ segir Kristján og samþykkir að ljóstra upp um tvær leyniperlur í hverfinu, Høkeren og Superkaffeforsyningen.

„Høkeren er lítil bjórbúð í kjallaranum á Ravnsborggade 13, sem selur alls kyns öl sem gaman er að prófa. Afgreiðslukonan býður viðskiptavinum sínum nær alltaf upp á öl á meðan þeir skoða úrvalið. Superkaffeforsyningen er á Møllegade 3 og þar taka Robert og mamma hans vel á móti fólki með frábæru kaffi og sætabrauði.“

Til að kynnast ekta mannlífi Kaupmannahafnar mælir Kristján með því að tylla sér á bekk við tjarnirnar eða Søerne og fylgjast með fólkinu sem á þar leið um. Á heitum sumarkvöldum megi þar sjá eldri konur að húlla, ung pör með tærnar ofan í skítugu vatninu og eldri hjón að borða kvöldmatinn á bekk. „Og svo menn eins og mig að skokka eða passa að börnin detti ekki ofan í vatnið,“ segir Kristján og ber Dönum vel söguna. Spurður um bestu búðirnar í bænum nefnir hann ekki Strikið, heldur Elmegade á Norðurbrú.

„Það er ein skemmtilegasta gatan í borginni með nokkrum góðum sérverslunum. Í miðbænum er Pilestræde einna fjölbreyttust. Svo er nýi matarmarkaður borgarinnar við Nørreport skyldustopp fyrir sælkera.“ Og talandi um sælkera, hvar finnst honum best að borða?

„Hakkabuffið á Toldbod Bodega er í sérstöku uppáhaldi hjá mér og dró ég marga svanga Íslendinga með mér þangað.“

■ heida@365.is

**SØERNE** Til að kynnast ekta Kaupmannahöfn mælir Kristján með því að fylgjast með mannlífinu kringum Søerne.
NORDICPHOTOS/GETTY



**BER STERKAR TAUGAR TIL KÖBEN** Kristján Sigurjónsson, útgefandi Túristi.is segir Kaupmannahöfn þá borg sem standi honum næst eftir að hafa búið þar í sjö ár.
MYND/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON


White-Westinghouse – amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara

**Gólfhitakerfi**
**Ekkert brot ekkert flot**



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

**15% AFSLÁTTUR** af OSO hitakútum, Wösab olíufylltum ofnum og Vortice loftræstiviftum.



OSO HOTWATER
BLÖNDUNARLOKI FYLGIR
NORSK FRAMLEIÐSLA
Stærðir: 5-300 lítrar



VORTICE
Gæða viftur fyrir baðherbergi, eldhús, vinnustaði o.fl.

WÖSAB
Olíufylltir rafmagnsofnar
Stærðir: 250W-2000W



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# UPP OG NIÐUR, NIÐUR OG UPP

**FURÐUR HEIMSINS** *Á vefsíðunni www.popularmechanics.com er að finna lista yfir flottustu, skrítnustu, hraðskreiðustu og stærstu lyftur heims.*



**▲ AQUADOM**
Á Radisson Blu hótelinu í Berlín í Þýskalandi er hið sérstæða AquaDom. Þar fer gegnsæ lyfta í gegnum 25 metra hátt fiskabúr. Í búrinu eru 984 þúsund lítrar af sjó og í kringum 1.500 fiskar af 50 tegundum. Þrír til fjórir kafarar vinna við að gefa fiskunum á degi hverjum.



**▲ ANDERTON-BÁTALYFTAN**
Eina elstu bátalyftu heims er að finna í Cheshire á Englandi. Lyftan hífir skip úr einni vatnshæð í aðra. Anderton-bátalyftan var byggð árið 1875. Henni var lokað árið 1983 en hún var endurgerð árið 2002.

**▶ BURJ KHALIFA**
Byggingin Burj Khalifa í Dubai er hæsta bygging heims. Í byggingunni eru 57 lyftur og meðal þeirra er að finna hraðskreiðustu lyftu heims. Hún hífir gesti á 65 km hraða á klukkustund upp 620 metra en það tekur aðeins 35 sekúndur ef farið er í einum rykk. Lyfturnar í Burj Khalifa eru á tveimur hæðum og útbúnar fínum og flottum afþreyingargræjum.



**▲ HALLANDI LYFTA**
Luxor-hótelið í Las Vegas er merkilegt enda í laginu eins og píramídi. Þessi lögun varð til þess að hanna þurfti lyftu sem gæti flutt fólk á milli hæða í 39 gráðu halla.






# LYFTU ÞÉR UPP MEÐ ÍSLANDSLYFTUM

**ÍSLANDSLYFTUR KYNNA** *Hjá Íslandslyftum ehf. fást fólkslyftur og rúllustigar af öllum stærðum og gerðum. Helgi Skúli Helgason eigandi segir mikinn uppgang hjá fyrirtækinu en nýlega var tilboð þess í stóra framkvæmd í Leifsstöð valið.*

Helgi hefur starfað við lyftur frá árinu 1994 þegar hann hóf störf hjá Bræðrunum Ormsson. Árið 2000 stofnaði hann svo Íslandslyftur sem síðar keyptu lyftuhlutann af Bræðrunum Ormsson. „Hér starfa 10 manns með mikla og fjölbreytta reynslu við að setja upp nýjar lyftur ásamt almennri lyftuþjónustu,“ segir Helgi.

**ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR**
Íslandslyftur er með fjölbreytt úrval lyfta fyrir bæði einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög, allt frá sætislyftum fyrir stiga til hefðbundinna og stórra vörulyfta. „Það hefur töluvert aukist að fólk sé að taka sætislyftur í stiga í stað þess að flytja þegar það er orðið fótalúið. Í flestum tilfellum er það hagkvæmari kostur en að selja íbúðina og kaupa aðra á jarðhæð.“

Pallalyftur frá sænska fyrirtækinu Aritco eru góð lausn þar sem aðstæður eru óhefðbundnar og rými lítið fyrir hefðbundna fólkslyftu. „Við höfum sett slíkar lyftur upp víða, bæði fyrir sveitarfélög og einstaklinga. Þær eru með sjálfberandi lyftustokk og taka ekki nema um 2-3 daga í uppsetningu.“

**ÖFLUG ÞJÓNUSTA**
Íslandslyftur sinna allri almennri lyftuþjónustu, s.s. sölu á öllum útfærslum nýrra lyfta, endurnýjun á eldri lyftum auk eftirlits, viðhalds- og viðgerðarþjónustu. „Inni í þessu er þjónusta á um 400 lyftum víðs vegar um land.“

Nýlega hreppti fyrirtækið stórt verkefni í nýjan hluta Leifsstöðvar sem á að endurnýja. „Þar sjáum við um allar lyftur og stiga, svo það er mikið að gera og bjart fram undan hjá okkur.“

Um þessar mundir er Helgi að standsetja nýtt skrifstofurými í húsnæði fyrirtækisins að Vesturhrauni 3, Garðabæ. „Ætli það verði ekki klárt einhvern tímann í næsta mánuði og þá vil ég hvetja einstaklinga sem eru að íhuga lyftu eða stigakaup að líta við hjá okkur. Við tökum vel á móti öllum.“

Á heimasíðu fyrirtækisins, www.islandslyftur.is, má einnig skoða vöruúrvalið.




**MIKIL REYNSLA**
Helgi hefur starfað við í lyftugeiranum síðan 1994 og hefur því töluverða reynslu af lyftum. Auk þess starfar hjá Íslandslyftum fjölbreyttur hópur fagmanna.
MYND/VALLI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



▲ **SKY TOWER**
Lyftan í Sky Tower í Auckland á Nýja-Sjálandi er ekki fyrir lofthrædda. Í hverri af fjórum lyftum turnsins er glergólf og því ótrúleg upplifun fyrir gesti að þjóta upp og niður hina 70 hæða háu byggingu.



◀ **BÍLAGEYMSLA Á MÖRGUM HÆÐUM**
Við hlið aðalstöðva Volkswagen í Wolfsbug í Þýskalandi stendur ein fullkomnasta bílageymsla heims. Þegar búið er að smíða bíl í VW-verksmiðjunni ber færiband bílinn átta hundruð metra leið í undirgöngum yfir í sextíu metra háan turn. Sjálfvirk lyfta tekur bílinn af færibandinu og kemur honum fyrir í lausu stæði. Þar sem bílnum er ekki ekið neitt í þessu ferli stendur núll á kílómetramælinum þegar viðskiptavinir fá bílinn í hendurnar.

▶ **SANTA JUSTA LYFTAN**
Raul Mesnier de Ponsard, lærlingur Gustave Eiffel, hannaði Santa Justa-lyftuna í Lissabon í Portúgal. Hún er í nýgotneskum stíl og var gufuknúin þegar hún var byggð árið 1902. Hin 130 metra háa lyfta er nú rafknúin en útlitið hefur fengið að halda sér. Á hundrað ára afmæli lyftunnar 2002 var hún friðuð og gerð að minnismerki.





▲ **BAR UM BORÐ Í LYFTU**
Í einu stærsta skemmtiferðaskipi heims, MS Oasis of the Seas, er að finna lyftu sem ber heitið Rising Tide. Því er haldið fram að lyftan sé sú eina í heiminum sem bjóði upp á bar. Alls rúmast 35 farþegar í lyftunni milli tveggja hæða. Ferðin tekur átta mínútur og því nægur tími til að panta eins og einn kokkteil.



▲ **LYFTA Í FJALLSHLÍÐ**
Bailong-lyftan í Wulingyuan í Zhangjiajie í Kína er afar sérstök. Hún er talin vera hæsta lyfta heims sem er utandyra. Lyftan liggur upp með kletti sem teygir sig um 300 metra upp í loftið.



▲ **FALKIRK-HJÓLIÐ**
Falkirk-hjólið í Skotlandi flytur báta á milli Union-síkisins og Forth og Clyde-síkisins. Það var tekið í notkun árið 2002 og er eina snúningsbátalyftan í heiminum. Tíu vökvamótorar snúa hjólinu og tekur það um átta mínútur að fara heilan hring. Á meðan snýst vatnsfyllt karið sem bátarnir liggja í á sama hraða en í öfuga átt.

# AÐGENGI FYRIR ALLA – SLAGORÐ RÍ OG RÝMI

**RÝMI OG RÍ KYNNA** *RÍ Verslun og Rými – Ofnasmiðjan hafa sameinast. Þau hafa meðal annars sérhæft sig í hjólastóla-, stiga- og sætislyftum.*

Fyrirtækið RÍ Verslun og Rými – Ofnasmiðjan Brautarholti 26 er nýlega sameinað fyrirtæki sem byggir á grunni tveggja rótgróinna fyrirtækja. RÍ og Rými hafa yfir að ráða mikilli og langri reynslu í sölu, uppsetningu og þjónustu á lyftum og tengdum búnaði. Slagorð fyrirtækisins á þessu sviði, „aðgengi fyrir alla“, undirstrikar áherslur þess, enda sérhæfir fyrirtækið sig í lyftum sem og öðrum tæknibúnaði sem bætir aðgengi að fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.

**VEITA VANDAÐA RÁÐGJÖF**
Aðgengi fólks með skerta hreyfigetu er mjög ábótavant á Íslandi. Fyrirtækið leggur sín lóð á vogarskálarnar til þess að bæta úr þessu. Á undanförnum áratugum hefur það sérhæft sig í hjólastólalyftum, stigalyftum, sætislyftum, sjálfvirkum opnunarbúnaði sem og ýmsum lausnum þar að lútandi. Reynsla þess á þessu sviði nýtist þegar kemur að hönnun nýbygginga með aðgengismál í huga sem og við breytingar eldra húsnæðis, þannig að það sé aðgengilegt fyrir ALLA. RÍ Verslun og Rými – Ofnasmiðjan veitir vandaða ráðgjöf og kemur auga á hagkvæmar og góðar lausnir með tilliti til kostnaðar, pláss og notagildis. Ef aðgengismálum er ábótavant þá leysir það málið af fagmennsku.




Rí verslun og Rými ofnasmiðjan|Brautarholt 26-28|105 Reykjavík
S:511-1100|rymi@rymi.is|riverslun@riverslun.is|www.rymi.is|www.riverslun.is









HEIMILI OG SKÓLI
ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM
TIL **FORELDRAVERÐLAUNA 2013**

**Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra** verða afhent **miðvikudaginn 15. maí 2013, kl. 14.00,** við hátíðlega athöfn í **Þjóðmenningarhúsinu.**

Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á heimiliogskoli.is. Síðasti skiladagur tilnefninga er **1. maí 2013**.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS









# MASSEY FERGUSON TEKINN Í GEGN

**OG SVO KOM FERGUSON** *Bræðurnir Þór og Einar Marteinssynir hafa dálæti á Massey Ferguson-dráttarvélum og eiga ellefu slíkar. Dálætið er tilkomið úr sveitinni þar sem þeir ólust upp en á bænum var aðeins ein dráttarvél sem faðir þeirra keypti árið 1958. Hún var notuð alla hans búskapartíð.*

Þeir Þór og Einar hafa um árabil safnað, gert upp og tekið í gegn Ferguson-dráttarvélar. „Við ólumst upp á sveitabænum Gilá í Vatnsdal fyrir norðan. Árið 1958 keypti faðir okkar nýjan Ferguson sem var eina tækið fyrir utan rússajeppa sem var notaður þar í 40 ár. Fyrir um 15 árum síðan fórum við bræðurnir svo að viða að okkur vélum og eigum núna 11 stykki,“ segir Þór Marteinsson um áhuga þeirra bræðra á Ferguson-dráttarvélum.

**BYLTING Í LANDBÚNAÐI**
Með tilkomu Ferguson-vélanna breyttist margt á íslandi og segir Þór marga tilbúna að halda heiðri þeirra á lofti. „Tilgangur okkar bræðra er að halda saman sögu Ferguson á Íslandi frá 1949-1959 en flestar okkar vélar eru frá þeim tíma. Að mínu mati varð ein mesta framför í landbúnaðarsögu Íslendinga með tilkomu Ferguson-dráttarvéla, þá meina ég hvað varðar sjálfsbjargarviðleitni bænda. Með Ferguson var hægt að fá fjölda aftanítækja; plóg, sláttuvél og önnur tæki sem segja má að hafi leyst hestinn af hólmi.“

**FERGUSON-FÉLAGIÐ**
Á Íslandi er starfandi Ferguson-félag með yfir 170 starfandi meðlimi. Félagskapurinn er mjög virkur og á heimasíðu félagsins, http://www.ferguson-felagid.com/, eru fréttir settar inn reglulega. „Tilgangur félagsins er að ná saman þeim fjölda aðila sem hafa áhuga á Ferguson-dráttarvélum á Íslandi.“ Þá hefur Ferguson-félagið í forystu Sigurðar Skarphéðinssonar, og Bjarni Guðmundsson, höfundur bókanna „Alltaf er Farmall fremstur“ og „Og svo kom Ferguson“, tekið höndum saman við Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri. „Við höfum farið um um mestallt land og kynnt Ferguson-félagið og Bjarni hefur fjallað um vélvæðingu á Íslandi. Næst á dagskrá er að halda fund á á Vesturlandi.“

**FERGUSON FERÐ Í VÆNDUM**
Í vor er áætlað að félagsmenn haldi í hópferð til Danmerkur þar sem meðal annars stærsta Ferguson-safn í Norður-Evrópu verður heimsótt. Á safninu eru um 200 Ferguson-dráttarvélar og er um helmingur þeirra uppgerður. Áhugasömum um ferð þessa er velkomið að hafa samband við Ferguson-félagið.

**STOLTIR AÐ VERKI LOKNU**
Hér eru bræðurnir Einar (til vinstri) og Þór Marteinssynir ásamt nýgegnumtekinni Massey Ferguson.

1

Svona leit vélin út í upphafi.

2

Allt þrifið og rifið í sundur og grunnað það sem þarf að grunna.

3

Vatn í gírkassa er „staðalbúnaður“ í Ferguson.

4

Búið að lakka allt í bak og fyrir og byrjað að skrúfa saman.

5

Vatnsdælan var tekin í gegn og ný reimskífa sett í.

6

Hér er svo gripurinn að verki loknu.

# Fermingar
2013



# Glæsilegt smáréttahlaðborð

**Heiðdís Hauksdóttir matreiðslumaður starfar á leikskólanum Aðalþingi þar sem enginn sykur er notaður í matargerðina. Allur matur er unninn frá grunni eftir því sem hægt er.**

„Ef ég væri að ferma myndi ég velja smáréttahlaðborð. Það er hægt að raða saman ýmsum smáréttum á smekklegan hátt. Ég hef séð um fermingarveislu um miðjan dag þar sem boðið var upp á ýmsa smárétti. Það er sitt lítið af hverju og við allra hæfi,“ segir Heiðdís, sem starfaði lengi á veitingastaðnum La Primavera. Hún matreiðir núna á leikskólanum Aðalþingi í Kópavogi þar sem einungis er boðið upp á holla rétti fyrir börnin með áherslu á grænmeti og ávexti. „Börnin fá nýbakað brauð á hverjum degi. Tvær elstu deildirnar hafa hlaðborð að velja úr. Þau velja matinn sjálf og eru hvött til að smakka allt,“ segir Heiðdís.

„Með góðu skipulagi er hægt að útbúa mat í fermingarveislu á auðveldan hátt enda þurfa uppskriftir ekki að vera flóknar til að vera góðar. Margt er hægt að gera nokkrum dögum áður. Síðan er klassískt að hafa kransakökur og fermingartertu með kaffinu. Það eru ótal hugmyndir að smáréttum, eins og til dæmis alls kyns kjötbollur, brauðsnittur, kjöt, fiskur eða grænmeti á spjóti, fyllt egg, salöt, brauð og pestó, fylltar pönnukökur, carpaccio, fyllt grænmeti, pylsur, pastasalöt, eggjakökur, minipitsur og svo mætti lengi telja,“ segir Heiðdís sem býður hér uppskriftir að nokkrum girnilegum smáréttum fyrir fermingarveisluna. *- ea*



**Heiðdís Hauksdóttir matreiðslumaður eldar hollan mat ofan í leikskólabörn á daginn. Hér gefur hún frábærar uppskriftir að smáréttum á fermingarborðið.** MYNDIR/DANÍEL



**Kalkúnabollur sem hitta alltaf í mark.**

## Kalkúnabollur með eggaldinídýfu

**500 g alifuglahakk**
**Lúka brauðraspur**
**Lúka hveiti**
**4 rauðar paprikur, hakkaðar**
**3 gulrætur, hakkaðar**
**1 laukur, hakkaður**
**Þumall engifer, raspaður**
**Lúka fersk steinselja, söxuð**
**2-4 hvítlauksrif, marin**
**1 msk. paprikukrydd**
**1 tsk. cayennepipar**
**Salt og pipar eftir smekk**

*Öllu blandað saman og mótað í bollur, sett á ofnplötu og bakað í um 20 mínútur við 180°C.*



## Eggaldin-ídýfa

**4 eggaldin**
**Hálf krukka sólþurrkaðir tómatar**
**1-2 hvítlauksrif, pressuð**
**Safi úr ½-1 sítrónu**
**Smá sjávarsalt og nýmalaður pipar**

*Skerið eggaldinið í tvennt og stingið með gaffli í hýðið á nokkrum stöðum. Setjið það með sárið niður á bökunarplötu í 200°C heitan ofn og bakið í 30-45 mín. allt eftir stærð. Þegar eggaldinið er bakað þá er skafið innan úr því og sett í skál með hvítlauk, sítrónusafa, sólþurrkuðum tómötum, salti og pipar.*

## Polentukaka með parmaskinku, brie og rauðrófuhummus

**250 g polentumjöl**
**1 lítri kjúklingasoð**
**80 g rifinn parmesanostur**
**80 g rjómaostur**

*Hitið kjúklingasoð að suðu, stráið þá polentumjölinu út í pottinn og pískið stöðugt. Sjóðið í um það bil 10 mínútur og hrærið í með sleif. Setjið svo polentuna í muffins-form ( álform) best er að fylla formið að 1/3 svo kökurnar verði ekki of þykkar og kælið svo.*



## Rauðrófuhummus

**250 g rauðrófur**
**1 hvítlauksgeiri**
**Skvetta sítrónusafi**
**2 msk. tahini**
**1 msk. cumin**

*Bakið rauðrófurnar í 200°C heitum ofni í um eina til eina og hálfa klukkustund. Kælið og skrælið þær svo. Rauðrófur og allt annað hráefni sett í matvinnsluvél og unnið saman þar til maukið er orðin silkimjúkt. Smakkið til með salti og pipar.*

*Takið svo polentuna úr formunum, setjið hálfa skinkusneið á hverja köku, sneið af brie osti og teskeið af rauðrófuhummus. Má skreyta líka með ferskum kryddjurtum.*

## Brauðsnittur með saltfisksmús

1 snittubrauð – gerir um það bil 20 snittur
Ólífuolía

*Bakaraofn stilltur á 220°C, undir- og yfirhita. Brauðin eru sneidd í mátulega þykkar sneiðar, dálítið á ská þannig að sneiðarnar verði stærri. Sneiðunum er raðað á ofnplötu klædda bökunarpappír og hver og ein sneið pensluð með ólífuolíu. Brauðin bökuð við 220 gráður í nokkrar mínútur þar til þau eru orðin passlega gullinbrún. Þá eru þau tekin út og leyft að kólna.*

## Saltfisksmús

**230 g útvatnaður, beinlaus og roðflettur saltfiskur**
**1 stór bökunarkartafla**
**700 ml mjólk**
**1 lítið búnt kóríander**
**1 hvítlauksgeiri – marinn**
**200 ml ólífuolía**
**Salt og pipar**

*Sjóðið kartöfluna í vatni. Hitið mjólk að suðu, og sjóðið saltfiskinn í mjólkinni í um 10 mínútur. Takið pottinn af hitanum og látið kólna aðeins í pottinum. Sigtið soðið frá og setjið fiskinn í matvinnsluvél, geymið mjólkursoðið. Setjið kóríander og hvítlauk í matvinnsluvélina og hrærið saman. Setjið ólífuolíuna hægt og rólega út í og setjið svo 1/3 af mjólkinni varlega saman við. Smakkið til með salti og pipar. Setjið fallega með skeið ofan á hverja snittu. Hægt að skreyta með klettasalati og ólífum.*

## Brauðsnittur með tómötum og basil

Þessar eru klassík og klikka aldrei
1 snittubrauð – gerir um það bil 20 snittur
Ólífuolía

*Bakaraofn stilltur á 220°C, undir- og yfirhita. Brauðin eru sneidd í mátulega þykkar sneiðar, dálítið á ská þannig að sneiðarnar verði stærri. Sneiðunum er raðað á ofnplötu klædda bökunarpappír og hver og ein sneið pensluð með ólífuolíu. Brauðin bökuð við 220°C í nokkrar mínútur þar til þau eru orðin passlega gullinbrún. Þá eru þau tekin út og leyft að kólna.*

## Tómatsalat

**2 tómatar**
**Búnt af fersku basil**
**2 hvítlauksgeirar, kramdir**
**Ólífuolía**
**50 g rifinn parmesanostur**
**Salt og pipar**

*Skerið kross í tómatana og dýfið þeim út í sjóðandi vatn í um það bil 15 sekúndur. Setjið þá svo strax í ískalt vatn. Afhýðið svo tómatana og kjarnhreinsið. Skerið svo í litla bita og kryddið með salti, pipar, basil og ólífuolíu og parmesanosti. Setjið fallega á brauðsnitturnar.*



**Ritstjórn:** Vera Einarsdóttir | **Höfundar efnis:** Elín Albertsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Starri Freyr Jónsson, Sólveig Gísladóttir, Víðir Guðmundsson og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir | **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson | **Fyrirsætur:** Thelma Karen Jónsdóttir og Haraldur Steinar Skúlason. | **Auglýsingar:** Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 og Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512-5462 | **Útgefandi:** 365 miðlar, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal




**Sjónmælingar (tímapantanir): Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 og Optical Studio Keflavík, s. 421 3811**




**Fermingarbæklingurinn kemur út á morgun!**

Honum verður dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst.

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

# Beztu fermingargjafirnar

**Gamlar auglýsingar gefa góða og jafnframt skemmtilega sýn á fermingargjafir í gegnum tíðina. Gluggað var í gömul blöð á www.tímarit.is og hér fyrir neðan eru tekin nokkur dæmi af auglýsingum um vinsælar fermingargjafir á fyrri hluta tuttugustu aldar.**

## ÍSAFOLD 1889

**Fermingargjöf**
Ljómandi falleg og eiguleg er IÐUNN öll frá upphafi, 6 bindi, í skrautbandi á 16-17 kr. Einstök bindi 3-4 kr. Fæst í bókaverzlun Ísafoldarprentsmiðju.

## ÞJÓÐÓLFUR 1897

Beztu fermingargjafir eru góð vasaúr. Nýjar birgðir af beztu Anker- og Cylinder-úrum, í mjög fallegum gull- og silfurkössum, handa körlum og konum. Lægsta verð mót borgun út í hönd; fleiri ára ábyrgð. Einnig stórt úrval af úrfestum og kapselum af öllum tegundum.
**Hjá Guðjóni Sigurðssyni.**

## VESTRI 1908



Mikið úrval af fermingargjöfum svo sem úr, úrfestar, brjóstnálar, armbönd, hálsfestar og ótal margt fleira.
Tilbúnir KARLMANNAFATNAÐIR.

**Guðríður Árnadóttir.**

## REYKJAVÍK 1907

**Fermingargjafir.**
Watermann's eða Hayden's lindarpennar eru góð fermingargjöf hvort heldur fyrir pilt eða stúlku. »Kátur piltur« eftir Bjørnson (lkr. 25au.) og »Fjórar sögur« eftir sama (65au.) eru líka vel fallnar fermingargjafir (sbr. fermingarsöguna í Kátum pilti).

**Jón Ólafsson Laufásvegi 5.**

## REYKJAVÍK 1900

**Í bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar fæst:**
Sálmabókin nýja, 5. útgáfa í skrautbandi, gylt í sniðum. Kostar 6 kr. Fæst einnig í ódýrara skrautbandi á 4 og 5 kr. Er einkar hentug í fermingargjafir.

## VÍSIR 1919

Margar góðar fermingargjafir og þar á meðal sjálfblekingar.
Versl. „Goðafoss" Laugav. 5. Sími 436.

## NORÐRI 1909

**Nýkomið í bókaverzlun Kr. Guðmundssonar:**
Ág. Bjarnason: Austurlönd.
Jón Trausti: Smásögur.
Jónas Guðlaugsson: Dagsbrún.
Bjarni Jónsson frá Vogi: Blíðvindi.
Jón Ólafsson: Stafróf viðskiftafræðinnar.
Sögusafn Þjóðviljans 15. og 16. ár.
Rímur af Gísla Súrssyni.
Rímur af Svoldarbardaga.
Rímur af Álaflekk.
Ennfremur úrval af útlendum skemmti- og fræðibókum eftir ýmsa fræga höfunda. Sérstaklega skal bent á bækur mjög hentugar til fermingargjafa.

## VÍSIR 1912

Bestu fermingargjafir eru góð reiðhjól, fást til 1. maí með tækifærisverði hjá Þórði Jónssyni úrsmið, Aðalstræti 6.

## HLJÓMLISTIN 1912

Fortepiano frá Hornung & Möller, konungl. hirðsala í Kaupmannahöfn, seljast með ágætustu afborgunarkjörum: Mega borgast með jöfnum afborgunum á 35-37 mánuðum. Betri fermingargjöf handa söngelskum unglingum get ég ekki hugsað mér.
**Virðingarfyllst**
**Jón Pálsson organisti**
**við Fríkirkjuna í Reykjavík.**

## MORGUNBLAÐIÐ 1915



Smekklegar fermingargjafir, vandaðir íslenzkir smíðisgripir úr gulli og silfri. Víravirkisbelti.

**Jón Sigmundsson gullsmiður.**

## MORGUNBLAÐIÐ 1935

Kommóðurnar skrautmáluðu eru hentugasta fermingargjöfin. Ódýrar en nytsamar.

**Húsgagnaverslun Kristjáns Siggeirssonar, Laugavegi 13.**

## FÁLKINN 1930



**Fermingargjafir.**
Hálsfestar, margar gerðir og litir.
Armbönd. Greiðuveski.
Lítil samkvæmisveski. Ilmvatn í stórum og litlum glösum.
Ilmvatnssprautur o.m.fl.
Burstasett í fallegum litum er kærkomnasta fermingargjöfin.
Hjúkrunardeildin, Austurstræti 16. — Símar 60 & 1060.

## DAGBLAÐ 1925



BRAMPTON Fálkahjól, sérstaklega hentug til fermingargjafa. Hefir reynslan sýnt, að þau eru ein af allra beztu tegundum, sem til landsins hafa fluzt, enda seld með 5 ára ábyrgð frá verksmiðjunni.
Hin ágætu „BRENNABOR"-reiðhjól, sem við höfum einkaumboð á hér á landi, fáum við með næstu skipum.
Reiðhjólaverksm. „Fálkinn".

## ALÞÝÐUBLAÐIÐ 1920

Með síðustu skipum hefi eg fengið mjög mikið af vörum, heppilegum til sumar- og fermingargjafa, t.d.: Prismakíkira afar góða, Gilletterakvélar og blöð í þær, beztu rakvélar heimsins. Allskonar gull- og silfurskraut, silfur- og plettborðbúnað. Göngustafi með fílabeinshandfangi. Beztu úrtegund sem flyst til landsins, í gull-, silfur- og nikkelkössum. Pallasaumavélarnar ágætu, sem við seldum svo mikið af fyrir stríðið. Sömuleiðis hefi eg fengið vekjaraklukkur, reyklituð gleraugu, og margt fleira.

**Með mikilli virðingu.**
**Yðar Halldór Sigurðsson.**

## VÍSIR 1929

**Stór útsala í Klöpp**
Grammófónar seljast nú á útsölunni fyrir gjafverð. Munið að grammófónn er kærkomin fermingargjöf. Góðar plötur kosta hjá okkur kr. 2,95.
Gefið barninu yðar verulega vandað reiðhjól í fermingargjöf. — Við höfum þessi heimsfrægu „WITTER" reiðhjól. — Góðir greiðsluskilmálar.

## VÍSIR 1929

**Fermingargjafir**
**í fjölbreyttu úrvali, svo sem:**
Silkislæður
Vasaklútakassar
Hálsfestar
Skrautöskjur
Silkinærfatnaður
Treflar
Manicurekassar
Seðlaveski
Buddur
Hanskar

**Verslunin Egill Jacobsen.**

## SIGLFIRÐINGUR 1935

Beztu fermingargjafirnar eru myndavélar á kr. 12,00, sem fást aðeins í Lyfjabúðinni.

## MORGUNBLAÐIÐ 1940

**Kærkomnar fermingargjafir:**
BORÐLAMPAR
LESLAMPAR

**Skermabúðin Laugaveg 15.**

## FÁLKINN 1940

Bezta og kærkomnasta fermingargjöfin er fallegt Drengjatjald með súlum og hælum frá okkur.
GEYSIR VEIÐARFÆRAVERSLUN

## ALÞÝÐUBLAÐIÐ 1945

Enginn er í vandræðum með fermingargjöfina, eftir að hafa litið á útskornu askana í Verzlun G. Sigurðssonar & Co. Grettisgötu 54.


ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*


Fermingarkort 395 kr.


Þórshamar, miðstærð 8.250 kr.


Pepp-púði 9.900 kr.


Til gagns og til fegurðar
*Sjálfsmyndir í ljósmyndum og klæðnaði á Íslandi 1860–1960*
5.990 kr.


Skartgripatré 6.950 kr.


Silfurhringar
(Afsteypur af safngripum) 7.500 kr.



Hlutavelta tímans 6.990 kr.


Fuzzý
53.900 kr.


Handprjónaðir ullarvettlingar
5.500 kr.

**Fallegar fermingargjafir**
SAFNBÚÐ ÞJÓÐMINJASAFNSINS

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · sími 530 2200 · www.thjodminjasafn.is · Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11–17







**Gjafakort Smáralindar**
er tilvalin fermingargjöf

**Föt, skór, fylgihlutir, veisluföng, skraut, snyrtivörur, hárgreiðsla, smáar og stórar gjafir.**
Í Smáralind færðu allt sem þarf til að fermingardagurinn verði fermingarbarninu og allri fjölskyldunni ógleymanlegur. Við hlökkum til að aðstoða þig við fermingarundirbúninginn!

smaralind.is
Opnunartímar:
Virka daga 11-19
Fimmtudaga 11-21
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18

facebook

# Gott veganesti inn í unglingsárin

**Kirkjur landsins reyna að gera fermingarfræðsluna skemmtilega og aðgengilega fyrir fermingarbörnin. Þótt áherslan sé á kristna trú snýst fræðslan líka um að hjálpa unglingum að vera góðir þjóðfélagsþegnar.**

Fermingarfræðslan hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi. Áður fyrr var meiri áhersla lögð á utanbókarlærdóm, en fræðslan í dag tekur meira mið af samveru barnanna og áherslu á að þroska persónulega færni þeirra. Ólafur Jóhann Borgþórsson, prestur í Seljakirkju, segir þó grunninn í fræðslunni vera svipaðan milli ára en meiri áhersla sé lögð á að gera fræðsluna skemmtilega og aðgengilega. „Það hefur til dæmis tíðkast víða að hefja fermingarundirbúninginn áður en skóli hefst á haustin. Þá fara hópar saman í ferð í Vatnaskóg þar sem hluti fræðslunnar fer fram. Þar fá líka krakkarnir og presturinn þeirra að kynnast betur í afslöppuðu umhverfi í upphafi, sem hefur góð áhrif á framhaldið.“

Ólafur nefnir einnig að þótt fermingarfræðslan snúist fyrst og fremst um kristna trú sé ekki síður lögð áhersla á ýmsan annan gagnlegan fróðleik fyrir unglingana. „Við í Seljakirkju höfum til dæmis fengið tollvörð og fíkniefnahund í heimsókn og ræðum skaðsemi fíkniefna. Sums staðar fá krakkarnir góða gesti til að ræða eitt og annað, til dæmis um sjálfsmynd þeirra og mikilvægi þess að unglingar standi með ákvörðunum sínum. Því þótt áherslan sé á kristna trú þá snýst fermingarfræðslan ekki síst um hvað það þýðir að vera kristinn einstaklingur og bara almennt góður þjóðfélagsþegn.“

### ÞÁTTTAKA Í KIRKJUSTARFINU

Sem fyrr segir er orðið algengt að fermingarfræðslan hefjist áður en formlegt skólastarf hefst á haustin. Ólafur segir svo misjafnt eftir kirkjum hvernig því starfi er háttað í upphafi en yfir veturinn hittist börnin yfirleitt einu sinni í viku. „Liður í fræðslunni er að þau fái að kynnast starfi kirkjunnar og er því gert ráð fyrir að þau taki þátt í starfi kirkjunnar og í unglingastarfinu svo þeir kynnist öllum hliðum kirkjustarfsins. Þetta eru þó engin ósköp. Tíu messur eru lágmark en flestir mæta oftar.“

Skólabekkirnir eru nær alltaf saman í fermingarfræðslu og hefur það lítið breyst milli ára. Ólafur segir það vera hentuga stærð auk þess sem krökkunum líði yfirleitt betur þannig. „Þau þora frekar að vera þau sjálf ef þau eru í kunnuglegu umhverfi með öðrum krökkum sem þau þekkja og standa þannig sterkari að vígi.“

### SPYRJA KREFJANDI SPURNINGA

Spurður hvort unglingar í dag séu mikið að velta trúnni fyrir sér segir Ólafur þá vera mjög meðvitaða um hvað þau eru að gera. „Maður hefur lengi heyrt þessa mýtu um að krakkar fermist gjafanna vegna en ég mundi aldrei þora að benda á einhvern og segja að hann sé að fermast pakkanna vegna. Í fermingarfræðslunni eru gerðar miklar kröfur um vinnu og verkefnaskil auk þess sem þau taka próf í lokin. Þannig finnst mér þau upp til hópa ákaflega meðvituð um hvað þau eru að ganga í gegnum. Ferming þykir ekki jafn sjálfsagður hlutur eins og áður fyrr og í dag taka þau frekar upplýsta ákvörðun um ferminguna og það sem fylgir í kjölfar hennar. Flestir fara þá leið að fermast og þannig skapast miklar umræður um ferminguna. Krakkar eru líka ófeimnir við að spyrja krefjandi spurninga ef þeir skilja ekki allt. Þau eru líka gagnrýnin sem er alveg frábært. Trúin er einu sinni þannig að ekki er hægt að skýra allt út með rökum og þá vilja þau fá frekari svör.“



„Krakkarnir þora að vera þeir sjálfir og segja sína meiningu,“ segir Ólafur Jóhann Borgþórsson, prestur í Seljakirkju. MYND/STEFÁN

Reglulega sprettur fram umræða um hvort hækka ætti fermingaraldurinn. Ólafur er ekki sammála þeim skoðunum og finnst núverandi fyrirkomulag mjög hentugt. „Það sem er svo heppilegt við þennan aldur er að krakkarnir þora að vera þeir sjálfir og segja sína meiningu. Þeir eru ekki enn komnir á hörðustu unglingsárin þegar þeir eru að breytast svo mikið. Auk þess er fræðslan líka gott veganesti inn í unglingsárin. Börnin eru að velta fyrir sér lífinu og dauðanum og mörg þeirra hafa upplifað hann. Þess vegna held ég að þetta sé góður aldur. Auðvitað eru rök með og á móti þessu. Svona hefur þetta að minnsta kosti verið og mér finnst engin ástæða til að breyta þessu.“

# Var alvarlegur ungur maður, nánast alltaf

Tónlistarmaðurinn Egill Ólafsson fermdist í Háteigskirkju 2. apríl árið 1966 hjá séra Arngrími Jónssyni. Við báðum Egil að rifja upp fermingardaginn.



Egill Ólafsson rifjar upp fermingardaginn 2. apríl árið 1966.

„Það er næstum hálf öld síðan, en eitthvað situr eftir. Ég man að ég fór með orðin; „Syngið Drottni nýjan söng, syngið drottni öll lönd,“ rifjar hann upp og segist ekki hafa velt því mikið fyrir sér hvort hann ætti að fermast eða ekki. „Þetta var löngu fyrir þannig vangaveltur, held ég. Börn gerðu það sem fyrir þau var lagt. Það kom ekkert annað til greina en að láta ferma sig. Ég var næstfremstur, næstminnstur og ég velti fyrir mér því sem ég átti að segja við prestinn, það var í hálfum hljóðum. Svo var það trúarjátningin, en við vorum alltaf að læra utanbókar í skólanum, svo þetta var ekki stórmál,“ segir hann.

Spurður af hverju hann sé svo brúnaþungur á fermingarmyndinni segist hann hafa verið alvarlega þenkjandi yfirleitt. „Ég var alvarlegur ungur maður, nánast alltaf.“ Egill segir þó hafa verið líf og fjör í veislunni á eftir, sem var fjölmenn.

„Dagurinn var blautur, mig minnir að þetta hafi verið annar í páskum, en veislan var fjölmenn og ég og félagi minn Jóhann Kristinsson, síðar bassaleikari í Flowers, lékum fyrir dansi og skemmtum. Þá man ég að systir mín, Ragnheiður, söng nokkur Jenka-lög en hún sérhæfði sig í þeim. Jenkað var þá vinsælt og allir tóku þátt í dansinum. Það voru margir í veislunni, allur frændgarðurinn. Ég fékk svolítinn pening sem ég keypti mér svefnpoka og prímus fyrir, og Omega-úr fékk ég að gjöf, svo fór ég með mömmu til Köben og keypti aðgöngumiða á Marlene Dietrich í Glasssalen í Tívolí. Ekki vissi ég þá að ég ætti eftir að standa á því sviði síðar. Marlene hafði fágaða sviðsframkomu, ég man að hún reykti á sviðinu og söng Raindrops Keep Falling on My Head, með fallegum þýskum hreim. Hún var flott, það sagði mamma.“



Egill Ólafsson



# Hugmynd að góðri gjöf

**1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM**



Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is

**www.epal.is**



epal

# Spöruðu í átta ár fyrir fermingunni

**Yfirlýsingagleði eiginmannsins varð til þess að fjölskylda í Grindavík ákvað fyrir átta árum að stofna reikning og byrja að safna fyrir fermingu elsta sonarins.**

„Þegar maðurinn minn var rétt innan við þrítugt sat hann á kaffistofunni í vinnunni og heyrði vinnufélaga sína barma sér yfir kostnaði sem fylgir fermingu. Hann skellti því þá fram að fólk hefði nú vitað í fjórtán ár að líkur væru til að barnið fermdist og hefði því haft nægan tíma til að undirbúa sig. Fátt varð um svör en þegar Róbert kom heim sama dag sagði hann við mig: „Við verðum að stofna reikning“.“

Þannig lýsir Valgerður Freyja Ágústsdóttir upphafinu að því að hún og eiginmaður hennar, Róbert Ragnarsson, stofnuðu sérstakan reikning til að safna fyrir stórum atburðum í lífi sona þeirra Ragnars Ágústs og Fróða, sem á þessum tíma voru fjögurra og sjö ára gamlir. Síðan þá hefur einn bæst í hópinn, hinn fjögurra ára Egill.

Ragnar Ágúst verður fermdur í vor og með þessari fyrirhyggjusemi á fjölskyldan fyrir öllum þáttum fermingarinnar, veislunni, myndatökunni, fötunum og gjöfinni. „Við áætlum að allur kostnaður vegna fermingar miðað við 100 manna veislu, með gjöfinni sé allt að 500 þúsund krónur,“ lýsir Valgerður. Veislan verður í sal og boðið verður upp á smárétti. „Við verðum ekki með aðkeypta veisluþjónustu heldur ætlum að kaupa suma smáréttina og gera aðra frá grunni.“

En hversu mikið lögðu þau til hliðar í hverjum mánuði öll þessi ár? „Við byrjuðum á fimm þúsund krónum á mánuði og svo bara eftir því hvað við gátum hverju sinni,“ segir Valgerður en sjóðurinn hefur einnig nýst í ýmislegt annað eins og sumarbúðadvalir drengjanna auk þess sem hann kom sér vel fyrir utanlandsferð fjölskyldunnar síðasta sumar.

Valgerður segir afar góða tilfinningu fylgja því að eiga fyrir fermingunni. „Maður getur leyft sér að hlakka til og gleðjast og hafa ekki of miklar áhyggjur af kostnaði,“ segir hún og hvetur fólk til að byrja snemma að spara. „Þetta er fyrst og fremst spurning um að stofna sér-reikning, jafnvel stuttu eftir fæðingu barnanna. Upphæðirnar þurfa ekki að vera háar. Flestir geta séð af eitt til tvö þúsund krónum og svo er hægt að auka sparnaðinn þegar tækifæri gefst.“



Valgerður og Róbert með sonum sínum Ragnari Ágústi, Fróða og Agli.

Þau Valgerður og Róbert eru ekki hætt að spara eftir ferminguna í vor enda önnur ferming eftir þrjú ár og svo aftur eftir tíu ár. Þá er þessum sjóði einnig ætlað að mæta kostnaði vegna bílprófa drengjanna sem kosta skildinginn í dag. „Við höldum því bara áfram á sömu braut enda orðin vön þessu,“ segir Valgerður glaðlega. *- sg*





ÍSLENSKA SIA.IS ICE 62890 02/13

Gjafabréf Icelandair gildir sem greiðsla upp í flugfar til allra áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku. Þú velur upphæðina.

+ Pantaðu fermingargjöfina á www.icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

Gjafabréf Icelandair gildir í tvö ár frá útgáfudegi.




# Burt með sviðsskrekkinn

Mörgum reynist erfitt að vera miðdepill athyglinnar á fermingardaginn. Í kirkjunni njóta fermingarbörnin stuðnings í fjöldanum en þegar kemur að því að segja nokkur orð í veislunni, hvort sem fermingarbarnið ætlar að halda ræðu eða bara bjóða gesti velkomna, stendur það eitt og athygli allra beinist að því. Hjartað getur farið að hamast, lófarnir svitna og hálsinn verður þurr.

Eftirfarandi ráð má nýta sér til að losna við sviðsskrekkinn.

**1.** Æfðu það sem þú ætlar að segja. Það er alltaf betra að vera vel undirbúin/n hvort sem þú ætlar að syngja eða bara segja nokkur orð. Skrifað niður það sem þú ætlar að segja og æfðu þig í nokkra daga fyrir veisluna þar til þú kannt það upp á tíu.

**2.** Hreyfðu þig. Hreyfing losar um kvíða og stress og því væri gott að stunda einhverja hreyfingu, sem þú hefur gaman af, þrisvar til fjórum sinnum í viku fyrir stóra daginn. Til dæmis göngutúrar, hlaup eða hjólatúrar. Það gæti jafnvel verið sniðugt að fara í stuttan göngutúr að morgni fermingardagsins til að róa aðeins taugarnar.

**3.** Notaðu öndunaræfingar til að ná tökum á stressinu. Andaðu inn um nefið í tvær sekúndur. Andaðu svo frá þér gegnum munninn í fjórar sekúndur. Endurtaktu þetta í nokkrar mínútur þar til þú er orðin pollróleg/ur. Gerðu þessa öndunaræfingu rétt áður en þú ætlar að koma fram til að róa þig niður og hægja á hjartslættinum.

**4.** Æfðu þig í að sjá ánægjulega mynd fyrir þér í huganum, sem tengist ræðunni sem þú ætlar að halda. Lokaðu augunum og sjáðu til dæmis fyrir þér gestina brosa til þín og klappa fyrir þér.

**Glymur Fiber svefnpoki**
Verð áður: 9.500 kr.
Fermingartilboð: **7.600 kr.**



**La Sportiva gönguskór**
Verð áður: 43.500 kr.
Fermingartilboð: **34.800 kr.**



**Básar ullarnærbuxur og -bolur**
Verð áður: 10.500/11.500 kr.
Fermingartilboð: **8.400/9.200 kr.**



**Sjótaska**
Verð áður: 16.800 kr.
Fermingartilboð: **13.440 kr.**



**Vaude bakpoki**
Verð áður: 17.200 kr.
Fermingartilboð: **13.760 kr.**



**Vík hettupeysa**
Verð: 23.500 kr.



**Þórsmörk dúnúlpa**
Verð: 79.800 kr.





FERMINGARGJAFIR
Skartgripir • skartgripatré • veggmyndir rúmföt og fleira.
Góð verð.
Tékk KRISTALL www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Þríkrossinn
Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi.
Íslenskt handverk
Fæst um land allt

Stuðningur til sjálfstæðis
BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939
Hugtök Markaðsráðgjöf

Ferminga-veisluþjónusta
Ný heimasíða
kokulist.is

Jón Arilíus KÖKULIST
Firði Hafnarfirði Sími 555 6655 - 662 5552 • kokulist@kokulist.is


UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
NÝR ENDURBÆTTUR VEFUR
Hannaðu fermingarkortið á oddi.is
ODDI
Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is




Rokkabillýhár verður vinsælt hjá strákunum fyrir ferminguna. Bryndís segir strákana mega vera ófeimna við að nota gel og hárlakk og blása svo hárið á sér upp. Módel: Haraldur Steinar Skúlason.



Frjálslegar fléttur og uppsett hár með fastri fléttu í hnakkanum verða vinsælar fermingargreiðslur í ár. Fyrir þær sem vilja hafa hárið slegið eru það krullur og mjúkir liðir sem ráða. Módel: Thelma Karen Jónsdóttir. MYND/STEFÁN

# Rokkabillý, liðir og fléttur

**Hárgreiðslan er eitt af því sem þarf að vera í lagi á fermingardaginn. Við fengum Bryndísi Rán Magnúsdóttur, hársnyrti á Hár Expo, til að sýna okkur það vinsælasta í fermingargreiðslum.**

„Tískan í fermingargreiðslunum fer vítt og breitt í ár," segir Bryndís Rán Magnúsdóttir, hársnyrtir á Hár Expo á Laugavegi, en við fengum hana til að segja okkur frá því vinsælasta í hártískunni fyrir ferminguna.

„Fyrir stelpurnar sem vilja hafa hárið slegið eru það krullur og mjúkir liðir. Núna er líka mikið um fléttur og mikið um fléttu-uppgreiðslur fyrir fermingarnar, til dæmis fastar fléttur upp úr hnakkarótinni. Það er aðeins verið að setja blóm í hárið og svo er fallegt að setja litla steina í flétturnar en það er ekki eins mikið um skraut í hárið og hefur verið," segir Bryndís og rifjar upp þegar hún sjálf fermdist.

„Ég fermdist árið 1999 og var eins og blómabeð," segir hún hlæjandi. „Þá voru líka miklu meiri greiðslur en í dag, nú er þetta allt miklu léttara og náttúrulegra.

Hjá strákunum er núna mikið um rokkabillý-greiðslur fyrir ferminguna. Það var meira um lubba árin áður en nú eru margir strákar með stutt í hliðunum og meira hár ofan á kollinum, það sama á við um fermingarstrákana. Til að ná rokkabillýgreiðslunni er notað gel í hárið og það er ekkert að því að strákarnir blási hárið svolítið upp.

Ég segi oft við strákana sem ég er að klippa að þeir megi alveg nota hárlakkið hjá mömmu sinni og hárblásarann og mér finnst strákarnir vera farnir að hafa meira fyrir hárinu á sér. En þeir vilja kannski ekki viðurkenna það."

Bryndís segir krakkana ekki endilega lita á sér hárið fyrir ferminguna en oft geri þau hressilega breytingu eftir ferminguna, til dæmis með nýrri klippingu og ýktum litabreytingum. *- rat*

# Vaxandi tilhlökkun

**Sigríður Kristjana Þorkelsdóttir, sem ávallt er kölluð Sísí, fermist 23. mars og segist spennt fyrir því að ganga að altarinu, hitta alla ættingja sína í veislunni og opna pakkana.**

Mikið hefur verið að gera hjá Sísí í vetur. Hún æfir fótbolta og spilar á píanó en hefur þess í milli gengið til prests eins og önnur fermingarbörn. „Séra Örn Bárður Jónsson og séra Sigurður Árni Þórðarson úr Neskirkju hafa verið með okkur. Við horfðum á mynd um Jesú, lærðum um skírnina, kærleikann og fleira tengt trúnni. Mér finnst ég hafa lært meira um Guð og Jesú," segir Sísí um fermingarfræðsluna.

Aðspurð hvernig hún hafi ástundað trúna segir hún trúaruppeldið hafa verið mjög hefðbundið. Hún hafi farið í kirkjur á hátíðisdögum og eftir tilfellum. „Ég fer með bænir á hverju kvöldi og hef gert lengi, þar á meðal er faðirvorið."

Fermingin verður í Neskirkju klukkan 13.30 en veisla á Hallveigarstöðum í sal Kvenréttindafélag Íslands seinna um daginn. „Mamma og pabbi voru með mér í að undirbúa veisluna. Þau komu með hugmyndir og ég sagði þeim hvað ég vildi. Skreytingarnar verða lime-grænar og á boðstólum verður bayonne-skinka, kökur og villisveppasúpa," sem er í uppáhaldi hjá Sísí. „Svo fengum við kerti og gestabók með skrautskrift hjá nunnunum í Karmelklaustrinu í Hafnarfirði."

Sísí er búin að velja sér fermingarföt og fer í myndatöku á Ljósmyndastofu Erlings nokkru fyrir fermingu. „Ég valdi mér fallega dökkbláan kjól úr Dúkkuhúsinu



„Ég er spennt fyrir því að hitta fjölskyldu mína og vini, en margir þeirra búa úti á landi. Einnig verður skrítið að ganga inn í kirkju fulla af fólki sem er að horfa,"segir Sísí um ferminguna. MYND/ANTON

og skó úr Kaupfélaginu. Ég veit samt ekki hvernig myndatakan verður, er ekkert búin að ákveða."

Tilhlökkunin vex eftir því sem nær dregur fermingunni enda ekki á hverjum degi sem maður fermist. „Ég er spennt fyrir því að hitta fjölskyldu mína og vini, en mörg búa úti á landi svo ég hitti þau ekki svo oft. Einnig verður skrítið að ganga inn í kirkju fulla af fólki sem er að horfa. Svo hlakka ég líka til þess að opna gjafirnar." Margir vinir Sísíar fermast sama dag sem setur smá skugga á daginn. „Það er svolítið leiðinlegt að komast ekki í veislurnar hvert hjá öðru." *- vg*


ARNASYNIR
ÚTILÍF Í PAKKANN
DAG-BAKPOKAR
FRÁ 18.990 KR.
DEUTER FUTURA
MARGVERÐLAUNAÐIR BAKPOKAR.
FÁANLEGIR Í ÝMSUM STÆRÐUM
Í DÖMU OG HERRA ÚTFÆRSLUM.
22 – 38 LÍTRA.
BAKPOKAR
FRÁ 42.990 KR.
DEUTER AIRCONTACT
ALVÖRU BAKPOKAR MEÐ
STILLANLEGU BAKI OG
VATNSVÖRN. FÁANLEGIR Í ÝMSUM
STÆRÐUM, DÖMU OG HERRA.
55+10 LÍTRA – 75+10 LÍTRA.
KÚLUTJÖLD
FRÁ 12.990 KR.
HIGH PEAK
ÚRVAL AF 3-4 MANNA
KÚLUTJÖLDUM.
GÓÐ VATNSVÖRN.
ENNISLJÓS
FRÁ 5.490 KR.
PETZL
VÖNDUÐ OG TRAUST,
FRÁBÆR Í ALLA ÚTIVIST.
MIKIÐ ÚRVAL.
20%
AFSLÁTTUR AF
BRETTAPÖKKUM
GÖNGUSKÓR
39.990 KR.
MEINDL, KANSAS
FRÁBÆRIR TIL NOTKUNAR
Í STYTTRI SEM LENGRI
GÖNGUR. VANDAÐ LEÐUR
OG GORE-TEX VATNSVÖRN.
SVEFNPOKI
22.990 KR.
TNF ALEUTIAN 3S
VANDAÐUR OG TRAUSTUR TIL
NOTKUNAR SUMAR, VOR OG HAUST.
FYLLING: „HEATSEEKER" TREFJAR
ÞOLMÖRK: -7°C. ÞYNGD: 1.559 GR.
REIÐHJÓL
FRÁ 59.990 KR.
JAMIS XR 13
VÖNDUÐ AMERÍSK
FJALLAHJÓL Á GÓÐU VERÐI.
HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND.
Fáðu aðstoð við valið á réttu fermingargjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Ekkert stress við undirbúninginn

**Nokkrir íslenskir krakkar fermast í Lúxemborg í ár. Hópurinn sem tekur þátt í fermingarfræðslunni í ár er fjölmennur en flestir krakkanna fermast heima á Íslandi. Minna stress fylgir undirbúningnum og veislunni ytra en heima á Íslandi.**

Á hverju ári fermist hópur unglinga erlendis enda er fjöldi Íslendinga búsettur víða um heim. Einn þeirra er Stefán Broddi Sigvaldason, sem hefur búið í Lúxemborg síðastliðin átta ár ásamt fjölskyldu sinni. Fermingarundirbúningurinn í Lúxemborg er að mörgu leyti með svipuðu sniði og á Íslandi en hann er í höndum séra Sjafnar Mueller Þórs. Stefán Broddi segir fermingarundirbúninginn hafa verið mjög skemmtilegan og þar skiptir miklu máli að hafa eytt tíma með öllum íslensku krökkunum þar sem þau leystu meðal annars ýmis skemmtileg verkefni saman. „Síðan förum við í fermingarbúðir í Þýskalandi um næstu helgi og hlakka ég mikið til þeirra. Þar bætast í hópinn fermingarbörn búsett í Þýskalandi og munum við gista í tvær nætur.“

Hópurinn sem undirbýr fermingu í Lúxemborg í ár er óvenju stór að sögn Dagnýjar Broddadóttur, móður Stefáns. „Í ár fermast tólf krakkar. Þeir hafa hist fimm sunnudaga með prestinum og tekið þátt í messum á vegum íslenska safnaðarins hér í Lúxemborg. Reyndar fermast ekki öll börnin hér heldur munu flest þeirra fermast á Íslandi. Stefán Broddi mun þó fermast í Lúxemborg ásamt fjórum öðrum Íslendingum um hvítasunnuhelgina. Við erum svo heppin að séra Sjöfn var tilbúin að sjá um athöfnina fyrir okkur.“

Börn í Lúxemborg fermast samkvæmt kaþólskri trú og fer athöfnin fram á vordögum þegar þau eru á tíunda ári. Þann vetur miðast kristinfræðikennslan í skólanum við ferminguna og fræðslu sem tengist henni. Einnig sækja börnin tíma utan skólans og flest þeirra fara í fermingarbúðir að sögn Dagnýjar.

**HEFÐBUNDIN VEISLA**

Fjölskyldan heldur hefðbundna fermingarveislu í tilefni af fermingunni en heimamenn halda gjarnan slíkar veislur á veitingastöðum eða í heimahúsum. „Fólkið hér heldur iðulega formfastar matarveislur í tilefni fferminga þar sem allir sitja við dekkuð langborð. Við munum hins vegar halda hefðbundna íslenska fermingarveislu fyrir Stefán Brodda. Nánustu ættingjar okkar koma út og taka þátt í þessum stóra degi með okkur. Síðan munum við halda veislu á Íslandi seinna meir þar sem fleiri ættingjar okkar og vinir geta tekið þátt.“

Minna stress er í kringum fermingardaginn sjálfan en heima á Íslandi. Athöfnin fer fram klukkan tvö í mótmælendakirkjunni og það er í raun það eina sem búið er að ákveða varðandi daginn. „Það er ekkert stress í kringum undirbúninginn hjá okkur. Við erum ekki enn farin að huga að því hvernig og hvar við ætlum að vera með veisluna. Án efa verður þó fermingardagurinn afslappaður dagur í faðmi fjölskyldu og vina þar sem Stefán Broddi og ákvörðun hans verður miðpunktur dagsins.“

Fjölskyldan kann vel við sig í Lúxemborg. Upphaflega ætluðu þau að dvelja þar í tvö til þrjú ár en nú hafa átta ár liðið á augabragði. Dagný kennir íslensku fyrir þýðendur hjá Evrópusambandinu en maður hennar, Sigvaldi Stefánsson, starfar hjá fjármálafyrirtæki þar í landi. Börnin eru þrjú, bræðurnir Stefán Broddi 13 ára og Alexander Broddi sem er níu ára. Einnig eiga þau dótturina Auði sem er 18 ára og stundar háskólanám í Englandi. Bræðurnir stunda nám í alþjóðlegum skóla og æfir Stefán Broddi fótbolta með skólaliðinu og frjálsar íþróttir með lúxemborgsku félagi.

*- sfj*



**Stefán Broddi tekur þátt í fermingarfræðslu í Lúxemborg. Hér er hann með yngri bróður sínum, Alexander Brodda.** MYND/ÚR EINKASAFNI



**Tíminn hefur liðið hratt hjá fjölskyldunni í Lúxemborg en hún hefur búið þar í átta ár.** MYND/ÚR EINKASAFNI






## Einfalt pastasalat

Pastasalat er þægilegt að gera og það er vinsælt á hlaðborðum. Salatið er hægt að gera degi fyrr. Einnig er hægt að bæta út í það eftirlætishráefni sínu að vild. Hér er uppskrift að mjög góðu pastasalati sem er upplagt á hlaðborðið. Uppskriftin er miðuð við fjóra.

**400 g pastaskrúfur eða penne**
**50 g furuhnetur**
**3 skalottlaukar**
**2 stór hvítlauksrif**
**4 msk. ólífuolía**
**1 tsk. chili-flögur**
**2 eggaldin**
**1 kúrbítur**
**6 tómatar**
**50 g rúsínur**
**nýmalaður pipar**

*Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum á pakkanum. Þegar suðu er lokið setjið þá strax í sigti og undir kalt vatn til að stoppa áframhaldandi suðu.*

*Ristið furuhnetur á þurri pönnu á meðalhita en takið síðan af pönnunni. Skrælið lauk og hvítlauk og saxið niður. Steikið lauk og hvítlauk í ólífuolíu og setjið chili-flögur út í. Steikið þar til laukurinn verður mjúkur. Takið af pönnunni. Skerið eggaldin í litla bita og steikið á sömu pönnu, því næst kúrbít og tómata sem einnig hefur verið skorið niður. Öllu blandað saman við pastaskrúfurnar. Setjið furuhneturnar út í þegar pastað er sett á borðið.*



● **UNDIRBÚNINGUR FERMINGAR**

**GESTALISTI**
Gott er að gera gestalista í tíma og að sjálfsögðu þarf fermingarbarnið að vera með í ráðum. Sjálfsagt er að bjóða nokkrum vinum þess í veisluna, það er að segja þeim sem ekki eru sjálfir að fermast þann daginn.

**BOÐSKORT**
Viðeigandi er að útbúa boðskort með mynd af fermingarbarninu. Kannski getur það gert slíkt kort sjálft í tölvunni. Skynsamlegt er að mælast til þess að boðsgestir láti vita hvort þeir komi eða ekki, þá er auðveldara að reikna út hversu mikið þarf af veitingum.

**MINNISLISTI**
Gott er að gera minnislista yfir þá hluti sem þarf að kaupa og huga að fyrir stóra daginn. Þá er hægt að krossa við hvert verkefni þegar því er lokið.

**SERVÍETTUR OG KERTI**
Ef merkja á kerti og servíettur þarf að hugsa fyrir því í tíma en takið fermingarbarnið endilega með þegar farið er að velja því flest vilja vera með í ráðum um skreytingar í sinni eigin veislu.

**SKEMMTIATRIÐI**
Upplagt er að lífga upp á veisluna með heimatilbúnum skemmtiatriðum. Kannski er fermingarbarnið, systkini, frændsystkini eða vinir í tónlistarnámi og til í að taka lagið en það getur þurft að undirbúa með smá fyrirvara.

**FJÖLDASÖNGUR**
Það losar um spennu og eykur samkennd með veislugestum ef þeir taka lagið saman. Upplagt er að útbúa hefti með nokkrum fjölrituðum textum til að dreifa um salarkynnin.

● **PRUFUGREIÐSLAN VINSÆL**

**Lengi hefur** tíðkast að fermingarstúlkur fari í hárgreiðslu á fermingardaginn. Undanfarin ár hefur færst í vöxt að stúlkur fari einnig í prufugreiðslur. Margir hafa nýtt sér þennan möguleika til að minnka stressið á sjálfan fermingardaginn. Þannig er hægt að slá tvær flugur í einu höggi, fara í prufugreiðslu nokkrum dögum fyrir ferminguna (eða eftir) og fara þann sama dag í fermingarmyndatöku. Þannig gefst betri tími til myndatökunnar, fermingarbarnið er rólegt og getur notið þess betur að sitja fyrir.

Verð er afar misjafnt eftir stofum og því um að gera að hringja í nokkrar slíkar og fá verðsamanburð. Þá borgar sig að vera snemma á ferðinni með þennan undirbúning því ásóknin á sjálfan fermingardaginn er að öllum líkindum nokkur og því eins gott að vera búinn að panta með góðum fyrirvara.






# Tilvalin fermingargjöf

## Yfir 70 greiðslur fyrir sítt og millisítt hár
## Góðar leiðbeiningar – glæsilegar ljósmyndir

Frábærar greiðslur fyrir öll gullnu augnablikin; vinnuna, skólann, veisluna, ferminguna … hvenær sem er, hvar sem er.













**Loksins komin aftur**



Hin vinsæla hárgreiðslukona **Theodóra Mjöll** sýnir aðferðir við fléttur, snúða og fjölbreytilega uppsetningu á hári og gefur ótal góð ráð um hárvörur og umhirðu hársins.

Með einstökum ljósmyndum **Sögu Sig**.

Salka

salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

Verndarengill

GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN.IS

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



**SIGNING** Signingin er orðlaus tjáning, játning og bæn. Hún er minning þess að viðkomandi er skírður í nafni heilagrar þrenningar og Guðs eign í lífi og dauða. Signingin fer fram með þessum hætti:

Í nafni Guðs, föður (enni), og sonar (brjóst) og heilags anda (frá vinstri öxl til hægri axlar). Amen.

Vitamix
Kælitækni
Meira en bara blandari!
- Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
- Hnoðar deig
- Býr til heita súpu og ís
- Uppskriftarbók og DVD diskur fylgja með

Lífstíðareign!
Tilboðsverð kr. 106.900
Með fylgir Vitamix sleif drykkjarmál og svunta
Fullt verð kr. 125.765




Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is
VALITOR KORTALÁN VISA

Okkar þekking nýtist þér



# Heimilisleg hnallþóra

**Dröfn Vilhjálmsdóttir er konan á bak við Eldhússögur, eina girnilegustu matarsíðu landsins. Hún segist fyrst og fremst vera húsmóðir sem nýtur sín í eldhúsinu og gefur lesendum uppskrift að fermingarköku sem auðvelt er að baka heima.**

„Í upphafi hugsaði ég bloggið sem eigin uppskriftabók og sarp fyrir börnin mín að sækja í mömmumat seinna meir. Bloggið var mér líka hvatning til að spreyta mig á nýjum uppskriftum heima í eldhúsi," segir Dröfn, sem byrjaði að blogga um mat í fyrrasumar og færir lesendum sínum nær daglega nýjar uppskriftir.

„Ég vanda mig mikið og set ekkert inn sem ég vil ekki prófa aftur. Það er heilmikið bjástur að halda úti matarbloggi, búa til uppskriftir, elda, baka, taka myndir, setja þær á netið og skrifa færslur en ég hef ánægju af því öllu. Ég dunda mér við það í eldhúsinu í stað þess að liggja yfir sjónvarpinu á kvöldin," segir hún og hlær.

Dröfn segir heimilismatinn hafa breyst eftir að hún fór að blogga.

„Ég er með stóra og þakkláta fjölskyldu sem nýtur góðs af matseldinni. Reyndar segjast eldri börnin orðin spillt og þykja eðlilegt að fá nýjan og spennandi mat á borðið á hverjum degi."

Dröfn hefur að eigin sögn meira yndi af bakstri en eldamennsku. „Ég legg mikið upp úr bragðgóðum kökum og bakaði litlar súkkulaðitertur fyrir fermingu dóttur minnar, ekki ósvipaðar þeirri sem ég gef uppskrift af. Þær féllu vel í kramið enda heimilislegt og gómsætt kaffibrauð og alveg eftir óskum fermingarbarnsins."

Sjá www.eldhussogur.com.



Dröfn Vilhjálmsdóttir er geislafræðingur, nýútskrifaður bókasafns- og upplýsingafræðingur og fjögurra barna móðir. Hún er húsmóðir af gamla skólanum því henni vex aldrei í augum að halda stór matarboð eða baka fyrir veislur. MYNDIR/VALLI

## Kökubotnar

**2 egg**
**2 dl sterkt kaffi**
**2½ dl súrmjólk**
**1,25 dl matarolía**
**200 g hveiti**
**420 g sykur**
**85 g kakó**
**1 tsk. lyftiduft**
**2 tsk. matarsódi**
**1 tsk. salt**
**1 tsk. vanillusykur**

*Hitið ofn í 160 °C á blæstri. Smyrjið þrjú bökunarform, 20 cm í þvermál. Hrærið saman eggjum, kaffi, matarolíu og súrmjólk í stutta stund. Bætið því næst þurrefnunum út í og hrærið þar til deig er jafnt og kekkjalaust. Skiptið deiginu jafnt í formin og bakið í um 35 mínútur. Athugið að botnarnir munu líta út fyrir að vera blautir. Látið kólna. Hægt er að setja botnana í frysti í 30 mínútur áður en krem er sett á til þess að auðvelda ásetningu.*

## Kirsuberjakrem

**500 g mascarpone-ostur**
**3 dl rjómi**
**2½ dl kirsuberjasósa (t.d. frá Den gamle fabrik)**
**120 g sykur**
**½ tsk. vanillusykur**

*Þeytið rjóma og geymið í ísskáp. Þeytið saman marcarpone-ost, sykur og vanillusykur þar til blandan er kekkjalaus. Bætið þeytta rjómanum varlega út í með sleikju, ásamt kirsuberjasósunni. Setjið einn kökubotn á kökudisk og smyrjið með kreminu. Gerið eins við hina tvo botnana og leggið saman. Smyrjið kremi ofan á kökuna og á hliðarnar. Kælið í ísskáp meðan súkkulaðikrem er búið til.*

## Súkkulaðikrem

**175 g suðusúkkulaði**
**½ dl rjómi**
**1 msk. smjör**
**1 msk. síróp**

*Hitið súkkulaði, rjóma, smjör og síróp saman í potti við vægan hita þar til blandan er slétt og samfelld. Látið kólna þar til passlega þykk. Hellið kreminu yfir tertuna og látið leka dálítið fram af köntum. Skreytið með jarðarberjum eða ferskum kirsuberjum með stilknum á. Þetta er terta sem bragðast best daginn eftir!*

# *Sparið vinnu og fyrirhöfn*

Veisluþjónusta Nings býður upp á úrval framandi og hefðbundinna veislurétta fyrir allar tegundir af veislum. Við elskum brúðkaup, fögnum afmælum, þökkum guði fyrir fermingarveislurnar og...

# við erum rosalega spennt fyrir pinnaveislum







**Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu. Sími: 588 0999 og 822 8833**






Halldóra segir mikilvægt að muna að barnið er í aðalhlutverki í fermingunni.

# Flókin fjölskyldutengsl

**Persónulegar tilfinningar eiga til að flækjast fyrir þegar margar fjölskyldur standa að einni fermingu. Mikilvægt er að fullorðna fólkið leggi sig fram við að hefja sig upp fyrir eigin þarfir og tilfinningar, fermingarbarnsins vegna. Þetta er mat Halldóru Björnsdóttur fjölskyldumeðferðarfræðings.**

Á hverju ári lenda um og yfir þúsund börn á Íslandi í því að foreldrar þeirra skilja, aðstæður þeirra breytast og til verða stjúpfjölskyldur með nýju fólki, siðum og breyttum lífsstíl. Þegar kemur að fermingu þessara barna þurfa ólíkir einstaklingar að sameinast og halda veislu sem oft getur reynt á. Gömul særindi geta opnast og þá er mikilvægt að muna að það er barnið sem er í aðalhlutverki.

„Alltof oft er það staða fjölskyldumálanna sem er kvíðvænlegust fyrir fermingarbörnin," segir Halldóra, enda komi fráskildum foreldrum misvel saman. Þá blandist inn í málið stjúpforeldrar og jafnvel fleiri flókin fjölskyldutengsl. Halldóra segir erfitt fyrir fermingarbarnið að átta sig á því hvernig það eigi að haga sér eða hvernig því eigi að líða við aðstæður þar sem mamma, pabbi, stjúpmóðir og stjúpfaðir hafa öll hlutverk í einu. „Það veltir fyrir sér hvort foreldrum sínum líði illa og slíkar hugsanir geta litað tilhlökkun og viðhorf fermingarbarnsins til fermingardagsins."

Halldóra segir mikilvægt að foreldrar komi sér saman um hvaða leiðir séu heillavænlegastar fyrir alla, með þarfir fermingarbarnsins efst í huga. Tali síðan við börnin sín, skýri vel út fyrir þeim hvaða möguleikar séu fyrir hendi varðandi veisluhöld. „Fermingarbarnið hefur þörf fyrir að finna að foreldrar og stjúpforeldrar séu að hugsa um hag þess. Ef fólk treystir sér til dæmis ekki til að halda sameiginlega veislu fyrir barnið er mikilvægt að ákvörðunin um tvær veislur sé tekin í sameiningu og sátt myndist um þá lausn."

### SKIPULAGT Í GÓÐU TÓMI

„Hvort haldnar eru ein eða tvær veislur er ekki aðalmálið, heldur samskipti fullorðna fólksins og samkomulag í kringum undirbúninginn," segir Halldóra og bætir við að mestar líkur séu á að fermingarbarnið verði sátt við ákvörðunina, ef aðrir eru á eitt sáttir.

„Þegar kemur að kostnaðarliðum vegna fermingar þurfa aðilar að koma sér saman um það tímanlega hvernig að því skuli staðið, gera fjárhagsáætlun sem báðir aðilar geta ráðið við og skipta með sér verkum," segir Halldóra og bætir við að fermingarbarninu sé mikilvægt að báðir foreldrar hafi áhuga á þessum viðburði í lífi þess.

Stundum geta komið upp flókin vandamál, til dæmis ef fjölskyldan úr annarri áttinni er mun stærri en úr hinni. Þá geta komið upp deilur um skiptingu kostnaðar. „Svona mál er erfitt að leysa ef fólk er með leiðindi en á sama hátt er hægt að vinna úr öllum atriðum á farsælan hátt ef allir koma sáttfúsir að samningaborðinu."

Annar ásteytingarsteinn er íburður veislunnar. „Lífsstíll foreldranna getur verið ólíkur eftir skilnað. Fjárhagsstaða og áherslur ólíkar. Þá skiptir máli að kunna að rata meðalveginn og troða engum um tær sem og að fólk fái að halda virðingu sinni," áréttar Halldóra.

### STJÚPFORELDRI HEFUR LÍKA SKOÐUN

Ekki aðeins foreldrar fermingarbarnsins þurfa að vera sammála um framkvæmd mála heldur verða stjúpforeldrar líka að vera sáttir enda varðar málið fjárhag heimilisins. „Að halda jafnvægi í auknum samskiptum við hitt foreldrið og jafnframt að passa að samskiptin við nýja makann verði ekki fyrir hnjaski í fermingarundirbúningnum getur reynt á. Þá er mikilvægt að allir þeir fullorðnu átti sig á og muni hvers vegna þetta þarf að ganga svona á þessu tímabili. Vonandi geta sem flestir hrift sig upp fyrir eigin þarfir og tilfinningar, barnsins vegna, allavega um stundarsakir," segir Halldóra.

Hún segir stöðu stjúpforeldra á þessum tímamótum oft mjög óljósa og erfitt fyrir viðkomandi að átta sig á stöðu sinni í fjölskyldukerfinu. „Til dæmis geta komið upp spurningar um hver eigi að víkja ef fermingarbarninu er úthlutað of fáum sætum í kirkjunni," útskýrir Halldóra. Hún vonar þó að nú til dags sé tekið tillit til þess ef börn eru alin upp í stjúpfjölskyldum.

Hún segir mikilvægt að hinir fullorðnu vinni að lausnum og séu sjálfir sáttir. „Börn sjá og skilja miklu meira en við viljum viðurkenna. Því er ekki nóg að láta sem allt sé í lagi, þau finna það strax. Finna þarf lausnir á smáu og stóru svo barnið eigi góðan dag."

### HÁLFGERÐUR LÍNUDANS

Halldóra segir misjafnt hve stjúpforeldrar taka mikinn þátt í fermingarundirbúningi eða framkvæmd. Það getur farið eftir því hve stjúpforeldrið er stór hluti af lífi og uppeldi fermingarbarnsins.

„Í lífi barns eru mörg fjölskyldukerfi. Foreldrar og börn eru eitt kerfi, stjúpfjölskyldan annað, afi og amma það þriðja og síðan upprunafjölskyldur í allar áttir. Þess ber að gæta að brothættasta kerfið er það nýjasta sem oft er stjúpfjölskyldan og þess vegna þarf að hlúa sérstaklega að því. Þetta getur því orðið hálfgerður línudans fyrir þá sem standa fermingarbarninu næst," segir Halldóra.

### AÐ FERMA STJÚPSYSTKINI SAMAN

Þó það geti virkað sameinandi og praktískt að ferma stjúpsystkini saman þá getur það orðið skrítin upplifun fyrir fermingarbörnin sjálf að mati Halldóru. „Það varðar fyrst og fremst þáttöku stórfjölskyldna barnanna en lífsstíll þeirra getur verið mjög ólíkur. Það getur leitt af sér verulega mismunun þegar kemur t.d. að fermingargjöfum," segir Halldóra og bendir á að fjölskyldur séu mismannmargar. „Þá er hættan sú að annað fermingarbarnanna eða jafnvel bæði upplifi að það sé aukaatriði á eigin fermingardegi og finni fyrir höfnun," varar hún við.

### GOTT AÐ LEITA AÐSTOÐAR

Fullorðna fólkið er oft óöruggt um sína eigin stöðu í fjölskyldukerfinu og það verður oft enn skýrara þegar eitthvað stórt stendur til eins og ferming.Þegar upp koma deilur eða samskiptavandi getur verið gagnlegt að leita sér aðstoðar sérfræðinga á því sviði. „Til eru ótal úrræði, námskeið og fróðleikur. Einfaldur gátlisti vegna ferminga gæti verið til gagns fyrir fólk í þessari stöðu. Þá getur líka verið gagnlegt að ræða málin fyrir þriðja aðilann á borð við fjölskyldumeðferðarfræðing," ráðleggur Halldóra. -sg



# Fermingarepli

**Nýr iMac**
„Draumur í námi og leik“
**Verð frá 259.900**



**iPhone 5**
16GB
**Verð frá 139.900**



Full búð af frábærum aukahlutum



**iPad**
„Heimurinn í hendi þér“
**verð frá 89.900**



**iPad Mini**
„Þynnri, léttari og öflugri“
**verð frá 59.900**



**MacBook Air**
„Air ekki kominn tími til að prófa?“
**verð frá 174.900**



**iPod Touch**
„Endurhannaður með stærri skjá“
**verð frá 59.900**



**iPod**
„Endurhannaður með stærri skjá“
**verð frá 29.900**

istore.is
566 8000

iStore
í Kringlunni

Góð þjónusta
og góð verð

# FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR
# TIL FERMINGARGJAFA



## TOSHIBA
### FERMINGARTÖLVAN Í ÁR

Ein allra bestu kaupin hjá okkur fyrir fermingarnar frá Toshiba. Sérstaklega gott verð vegna magnkaupa. 15,6" með Intel Dual Core Core örgjörva, 4GB vinnsluminni og 320GB hörðum diski. Hægt að tengja tölvuna við sjónvarp eða hljómtæki í bestu gæðum með HDMI. Tífaldur gagnaflutningshraði í gegnum háhraða USB3 tengi. Windows 8 stýrikerfið.

**79.990**

Toshiba C850-19D

### 17" DUAL CORE

17,3"



**TOSHIBA**

TOS SAT C875D-10E

Stór og flott hvít fartölva með 17,3" skjá, AMD E2 örgjörva og Radeon HD 7340 skjákorti.

**99.990**

### i3 ULTRABOOK



**TOSHIBA**

Toshiba Satellite U940-104

Örþunn og meðfærileg 14" fartölva með Intel i3 og WiDi þráðlausum háhraðaflutningi. Löng rafhlöðuending. Einstaklega gott verð fyrir Ultrabook fartölvu með Windows 8.

**119.990**



### 6 GB MINNI OG 640GB DISKUR

**TOSHIBA** TOSHIBA SAT C855D-12P

Sterkbyggð og öflug 15,6" fartölva með AMD E2 örgjörva, 6GB vinnsluminni og góðu skjákorti.

**99.990**

### HAGKVÆM INTEL i5

**TOSHIBA**



TOSHIBA SAT C855-1VU

Öflug vinnsla með Intel i5 örgjörva, 4GB minni og 500GB hörðum diski. USB3.0 og HDMI tengi.

**129.990**

15,6"



### INTEL i7 QUAD CORE

**TOSHIBA** Toshiba SAT L850-1K8

Ein sú öflugasta frá Toshiba með Intel i7, 6GB minni og 2GB AMD Radeon HD7670M leikjaskjákorti

**159.990**




Mikið úrval af skemmtilegum fermingargjöfum í öllum verðflokkum. Skoðaðu úrvalið á tl.is

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

# MEIRA ÚRVAL Á LÆGRA VERÐI !

**ALLT ÚRVALIÐ Á TL.IS**




## 8" NEXTBOOK

NEXTBOOK M803HC

8" nextbook spjaldtölva með Android 4.0 og allt að 6 klukkutíma rafhlöðuendingu. Mjög meðfærileg og létt að ferðast með.

**17.990**

## VINSÆLASTA SPJALDTÖLVAN OKKAR

**UNITED**

UNITED TAB1012 BK

10" spjaldtölva á ótrúlegu verði með Android 4.0 og Google Play. 5 punkta snertiskjár með 1024x600 punkta upplausn. 4GB minni sem hægt er að stækka um 32GB með micro SD. Frábær fermingargjöf.

**19.990**




## NEXUS 7

ASUS

Mjög öflug 7" Google spjaldtölva frá Asus með Tegra 3 fjögurra kjarna örgjörva, IPS skjá og 32GB minni. Frábær myndgæði, sterkbyggð og mjög hröð í öllum aðgerðum.



ASUS NEXUS7C-1B018A

**59.990**

3G



## ASUS TRANSFORMER

ASUS

ASUS TF300TG

10" Asus spjaldtölva með öflugum Tegra 3 örgjörva, GeForce skjákorti, IPS+ skjá og allt að 10 tíma rafhlöðuendingu.

**99.990**

## iPAD MINI

iPad



iPADM WIFI 16GB BK

Allt það besta úr iPad er líka í iPad mini. Skarpur skjár, hraði, FaceTime HD myndavél. Allt að 10 klst. rafhlöðuending. Margar gerðir á lager af hvítum og svörtum, með og án 4G.

Verð frá **58.990**



CM H3.1 ELITE

COOLER MASTER

## FERMINGARTÖLVA Í HERBERGIÐ

Vinsæl turntölva fyrir fermingarnar. Hljóðlátur turnkassi með 460W aflgjafa, AMD Pile Driver A8 fjögurra kjarna örgjörva og öflugu MSI A75MA-E35 móðurborði. Hröð vinnsla með 8GB 1600MHz Corsair vinnsluminni. 1TB WD SATA3 harður diskur, 24x DVD skrifari og innbyggður HD7560D skjákortskjarni. 7.1 Surround Realtek HD hljóðkort og Windows 8.

**89.990**

tl.is

**TÖLVU LISTINN**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Fermdust öll í þjóðbúningum

**Svandís Lóa Ágústsdóttir er fimm barna móðir í Ólafsvík. Hún á fjórar dætur og einn son sem öll hafa fermst í þjóðbúningum.**

Svandís Lóa og eiginmaður hennar, Þórarinn Steingrímsson, eru reynslumikil þegar kemur að fermingum. Þau hafa búið í Ólafsvík frá árinu 2001 en höfðu áður búið í Borgarnesi, Búðardal og í stuttan tíma á höfuðborgarsvæðinu. „Okkur líkar mjög vel hér í Ólafsvík og höfum ekki hugsað okkur að flytja framar,“ segir Svandís, sem starfar í saltfiskvinnslu. Þórarinn er hins vegar sjúkraflutningamaður.

Svandís er alin upp í Borgarnesi og var aðeins þrítug þegar hún fermdi fyrsta barnið. „Ég hef aldrei verið stressuð fyrir fermingu barnanna. Ég var með heitan mat í öll skiptin og leigði sal svo þetta var ekki mikið mál. Þar fyrir utan ákvað ég, þegar elsta dóttir mín fermdist, að hún myndi klæðast þjóðbúningi og þeim sið hélt ég síðan fyrir öll börnin. Sonurinn er yngstur en hann fermdist um hvítasunnu árið 2011,“ segir Svandís Lóa og hann er eina barnið sem enn er heima.

„Elsta dóttirin var fermd í Borgarnesi, tvær dætur í Búðardal og þau yngstu hér í Ólafsvík. Það var ekki mikill munur á því að ferma á þessum stöðum nema sá að fermingarbörnin voru mjög fá í Búðardal en mörg hér. Kirkjan í Ólafsvík er auk þess bæði stærri og betri en í Dölunum.



Karen Ýr á fermingardaginn sinn með Snæfellsjökul í baksýn.



Ferming yngsta barnsins um hvítasunnu 2011. Öll fjölskyldan í þjóðbúningum, frá vinstri Guðrún Rakel, Telma Björg, Þórarinn, Arnar Ingi, Svandís, Karen Ýr og Ellen Ósk.

Við héldum veisluna í veiðihúsi í Dölunum sem var skemmtilegt en hérna höfum við haldið veislu í Gufuskálum og í félagsheimilinu Klifi.“

Svandís segir að þar sem margir gestir komi langt að hafi aldrei komið annað til greina en að bjóða upp á heitan og kaldan mat. „Þegar gestirnir aka heim eru þeir saddir,“ segir hún. „Ég hugsaði þetta út frá sjálfri mér því þegar við förum í veislu í Reykjavík er voða gott að koma beint í mat,“ bætir hún við. „Ég útbjó matinn sjálf í fyrstu ferminguna en síðan hef ég kosið að kaupa hann. Síðast vorum við með hlaðborð með köldum réttum en einnig var boðið upp á heitan rétt. Það gátu því allir fengið eitthvað við sitt hæfi.“

Svandís segist bjóða nánustu fjölskyldu og þeim sem hún hefur mest samskipti við. „Það hafa verið um áttatíu manns í fermingarveislum hjá okkur. Mér hefur sýnst að fermingarveislur úti á landi séu svipaðar og í bænum, töluvert í þær lagt. Þegar sonurinn fermdist langaði mig til að við yrðum öll í þjóðbúningum, við leigðum búninga svo það væri framkvæmanlegt. Það var ákaflega skemmtilegt og vakti mikla athygli. Yfirleitt er alltaf fermt um hvítasunnuna og þá er oft gott veður.“

Svandís segist vera skipulögð að eðlisfari og vill gera alla hluti með góðum fyrirvara. „Ég var alltaf með fermingartertu og kransaköku og lagði mikla áherslu á að gera veisluborðið fallegt,“ segir hún. „Hins vegar fannst mér aldrei ástæða til að kvíða veislunni, miklu heldur að hafa þetta ánægjulegt.“ *- ea*








## Boðorðin tíu

Kristnir menn hafa boðorðin tíu að leiðarljósi og ekki úr vegi að rifja þau upp í blaði sem þessu.



1. Ég er Drottinn, Guð þinn, þú skalt ekki aðra Guði hafa.
2. Þú skalt ekki leggja nafn Drottins, Guðs þíns, við hégóma.
3. Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan.
4. Heiðra skaltu föður þinn og móður.
5. Þú skalt ekki mann deyða.
6. Þú skalt ekki drýgja hór.
7. Þú skalt ekki stela.
8. Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum.
9. Þú skalt ekki girnast hús náunga þíns.
10. Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, þjón, þernu né nokkuð það sem náungi þinn á.



## Trúarjátningin

Með fermingu eru skuldbindingar foreldra og guðforeldra í skírn staðfestar. Fermingarbarnið játar kristna trú með því að fara með trúarjátninguna. Um trúarjátninguna má finna eftirfarandi upplýsingar á vef þjóðkirkjunnar.

Postullega trúarjátningin er að stofni til skírnarjátning kirkjunnar í Róm sem rekja má í heimildum til annarrar aldar.

Heitið „postullega trúarjátningin“ byggist á helgisögu um að postularnir tólf hafi hinn fyrsta hvítasunnudag sagt fram kristna trú undir leiðsögn heilags anda og hver lagt sitt af mörkum. Átti Pétur að hafa byrjað og hinir postularnir haldið áfram hver með sína setningu, uns postullega trúarjátningin lá öll fyrir.

*Heimild: www.kirkjan.is*



## Veganesti út lífið

Fermingardagurinn er dýrmæt samverustund. Þann fagra dag er fermingarbarnið umvafið ást og nærveru stórfjölskyldu sinnar og vina sem samfagna fermingunni í sannri gleði. Efst í hjörtum allra gesta eru óskir um bjarta framtíð og farsæla ævi fermingarbarnsins. Sá góði hugur er fjársjóður sem fanga ætti í veganesti um ókomna tíð.

Handhægt er að setja fram fallega bók með óskrifuðum blöðum undir heillaóskir frá fermingardeginum, þar sem ömmur og afar, mamma og pabbi, frændur og frænkur, systkini og vinir geta ritað sín bestu heilræði frá eigin hjarta. Í veganesti á lífsins braut getur fermingarbarnið sótt aftur og aftur í þær gersemar sér til ánægju, hvatningar eða hugreystingar.

# Gott að sýna fyrirhyggju



Það kostar að ferma og halda veislu. Með lagni má þó halda kostnaðinum innan viðráðanlegra marka. Helstu kostnaðarliðir eru fermingarföt, hárgreiðsla eða klipping, fermingarmyndataka og fermingargjöf. Hægt er að reyna að gera góð fatakaup á útsölum eftir jól. Fermingarmyndataka kostar oft í kringum þrjátíu þúsund og þá eru nokkrar myndir innifaldar. Þó er víða hægt að fá bara eina fermingarmynd fyrir lítið og sé fær ljósmyndari í fjölskyldunni má jafnvel blikka hann. Strákaklipping kostar innan við fimm þúsund en stelpuklipping og greiðsla ásamt prufugreiðslu getur kostað á bilinu tíu til tuttugu þúsund. Kostnaður við gjöfina er svo afar breytilegur.

Restin veltur á umfangi veislunnar. Sé leigður salur getur það verið ansi stór biti en víða má þó finna ódýr húsakynni. Hafi fólk aðgang að sal félagasamtaka eða á vinnustað getur það komið sér vel sem og að leigja safnaðarheimili. Hagstæðast er þó að halda veisluna heima.

Þá eru það veitingarnar. Sé allt aðkeypt kostar það sitt en síðustu ár hefur heimabaksturinn sótt í sig veðrið og með hjálp ættingja og vina er fljótlegt að fylla veisluborð. Samanlagt hleypur kostnaður við fermingu þó óhjákvæmilega á tugum þúsunda. Best er því að sýna fyrirhyggju og stofna sérstakan fermingarreikning.



# Vinsælar fermingargjafir



Ýmis raftæki og tölvur hafa verið vinsælar fermingargjafir undanfarin ár og skal engan undra. Úrvalið hefur aldrei verið meira af spjaldtölvum og snjallsímum auk þess sem fartölvur eru enn vinsælar. Símar og tölvur eru alltaf eftirsóttar gjafir og til í ýmsum verðflokkum.

Útilegubúnaður getur verið hentug gjöf sem notuð er í fjölda ára. Hægt er að gefa vandað tjald, hlýjan svefnpoka, gönguskó, bakpoka og ýmsan fatnað. Annar útivistar- og íþróttabúnaður á líka vel við í kringum fermingar og eru skíði eða snjóbretti tilvaldar gjafir. Góð götu- og fjallahjól eru líka skemmtilegar gjafir og línuskautar eru holl og skemmtileg íþrótt fyrir sumarið. Veiðistöng og nauðsynlegustu veiðigræjur gætu líka vakið lukku.

Fermingin er tilvalin til að skipta um húsgögn í herbergi fermingarbarnsins. Unglingsárin eru fram undan auk þess sem smekkur barnsins breytist á þessum tíma. Ofarlega á lista margra fermingarbarna er því nýtt rúm og skrifborð.

Þótt bækur séu ekki endilega efstar á óskalista margra fermingarbarna eru þær bæði góðar og gagnlegar gjafir. Orðabækur nýtast í mörg ár, jafnvel áratugi, og nú fást þær margar í netáskrift. Fermingarbörnin munu læra að meta klassísk íslensk skáldverk seinna meir. Undanfarin ár hafa bókaforlög gefið út nokkur skáldverk sama rithöfundar í einni bók sem hentar sérstaklega vel til gjafa.

Utanlandsferðir eru sjálfsagt ofarlega á óskalista margra fermingarbarna, hvort sem það ferðast eitt eða í fylgd foreldra. Sum fermingarbörn fá ferð á fótboltaleik með uppáhaldsliðinu sínu en tónleikar með uppáhaldshljómsveitinni gætu frekar hentað öðrum. Tungumálanámskeið erlendis gætu líka ratað í fermingarpakkann.


SNÖ OF SWEDEN

**Söluaðilar:**

**Reykjvík:**
Hárgreiðslustofan Touch
Hárgreiðslustofan Zoo.is
Blómahönnun
OXXO butik
Femin
Urðarapótek

**Landsbyggðin:**
Verslunin Bjarg Akranesi
Póley Vestmannaeyjum
Blómsturvellir Hellissandi
GS Akureyri
Hárgreiðslustofan Mensí Selfossi
Sveitabúðin Sóley
Hárgreiðslustofan Flikk Höfn í Hornafirði



**Dreifingaraðili:** YD Design Heildverslun • Fosshals 5-9 • 110 Reykjavík • Sími: 587 9393 • Yd.is

FERMINGAR-
TILBOÐ

*20% afsláttur*
*af mjúkum ferðatöskum í millistærð*

*Verð áður 13.100 kr.*
*Verð nú **10.480** kr.*



Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is




Tvíburarnir Helgi Tómas og Arnar Steinn Helgasynir fermast í Lindakirkju í mars.
MYND/GVA

# Skemmtilegur undirbúningur

**Undirbúningur fyrir fermingu tvíburanna Helga Tómasar og Arnars Steins hefur gengið vel. Fermingarhópurinn fór saman í Vatnaskóg og átti góða stund saman. Nú styttist í stóra daginn og drengirnir eru orðnir spenntir.**

Tvíburarnir Helgi Tómas og Arnar Steinn Helgasynir munu fermast saman í Lindakirkju í mars og halda sameiginlega veislu með ættingjum og vinum. Fermingarundirbúningurinn hjá bræðrunum hófst síðasta haust, áður en skólastarfið byrjaði, og hefur hann að sögn þeirra verið bæði skemmtilegur og fróðlegur. Helgi Tómas segir hann hafa gengið vel hjá þeim bræðrum og áhugavert hafi verið að kynnast kristinni trú betur. „Það hefur komið mér á óvart hvað við þurfum að læra mikið. Mér fannst skemmtilegast þegar fermingarfræðslan byrjaði í haust með fjórum skiptum daglega áður en skólinn byrjaði og svo var auðvitað mjög gaman þegar allur hópurinn fór saman í Vatnaskóg."

Arnar Steinn tekur undir orð bróður síns og segir undirbúninginn hafa gengið vel. „Ég bjóst við að þetta yrði frekar auðvelt og það reyndist vera rétt. Undirbúningurinn hefur gengið mjög vel. Mér fannst líka skemmtilegast þegar við hittumst í haust áður en skólinn byrjaði. Þá vorum við að hitta alla krakkana eftir sumarið og leikir í dagskránni voru skemmtilegir. Svo var líka mjög gaman að fara með krökkunum í Vatnaskóg. Þar voru skemmtilegir stjórnendur og svo kom séra Guðmundur Karl úr Lindakirkju og heimsótti okkur."

**ÁHUGINN MISMIKILL**

Að sögn þeirra bræðra er misjafnt hversu mikið jafnaldrar þeirra velta trúnni fyrir sér. Helgi Tómas segist halda að fáir þeirra hugsi mikið um trúna þótt eflaust geri það einhverjir. „Sjálfur hugsa ég stundum um Guð og það er bara ágætt." Arnar Steinn segir það vera mjög misjafnt hvað krakkar velti mikið fyrir sér trúmálum. „Við erum samt öll að stefna saman að því markmiði trúarinnar að fermast og það á eftir að lifa í minningu okkar þegar við verðum orðin fullorðin." Samhliða fermingarfræðslunni hafa bræðurnir sótt átta messur í vetur með hópnum sínum auk þess sem þeir hafa sótt eina tónleika í Lindakirkju.

**FORELDRAR SKIPULEGGJA VEISLUNA**

Stóri dagurinn er laugardaginn 16. mars þegar drengirnir fermast í Lindakirkju hjá Guðmundi Karli Brynjarssyni sóknarpresti. Báðir hafa þeir spáð mikið í veisluna og gjafirnar eins og flestir aðrir fermingarkrakkar. „Ég held að ég muni fá sjónvarp frá ömmu og afa því þau hafa gefið öllum barnabörnunum sínum sjónvarp í fermingargjöf," segir Helgi Tómas. „Ég kom með mínar eigin óskir um hvað ég vildi hafa í veislunni því auðvitað er þetta mín veisla en mamma og pabbi sjá að sjálfsögðu um aðalskipulagninguna." Arnar Steinn hefur líka hugsað mikið um hvað hann fær í fermingargjöf. Hann hefur komið með nokkrar óskir varðandi veisluna en segist meðvitaður um að það séu aðallega mamma og pabbi sem skipuleggja hana. Bræðurnir eru sammála því að jafnaldrar þeirra velti mikið fyrir sér fermingargreiðslunni og fermingarfötunum. „Já, auðvitað gerum við það, maður verður nú að líta vel út!"

**MARGT HEFUR BREYST**

Þetta verður fyrsta ferming foreldra drengjanna, þeirra Elínborgar Guðnadóttur og Helga Bragasonar. Þau hafa eðlilega fylgst vel með undirbúningnum í vetur og eru ánægð með hann. „Það hefur ýmislegt breyst frá því við vorum ung. Nú er nálgunin mikið meira stíluð inn á samveru barnanna og færni þeirra í að virða hvert annað. Einnig er lögð áhersla á að börnin skilji og skynji mannlegt eðli og umhverfið, sem er bara mjög gott mál. Talsvert mikið hefur breyst frá því þegar við fermdumst þegar mest var lagt upp úr utanbókarlærdómi, svo sem á boðorðunum og trúarjátningunni, ásamt lestri á trúartextum og sálmum."

- sfj

# iPad mini



## Verð frá: **59.990.-**



iPhone

Verð frá: **84.990.-**



iPod shuffle

Verð: **9.990.-**



iPod nano

Verð: **29.990.-**



iPod touch

Verð frá: **42.990.-**

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21/ Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

# Sólríkur og fallegur gleðidagur

**Hanna María Karlsdóttir ólst upp í Keflavík og fermdist þar. Fermingarveislan var þó nokkuð sérstök og haldin í Hveragerði. Hún var í senn fermingarveisla Hönnu Maríu og Bergþóru Árnadóttur söngvaskálds ásamt því að vera brúðkaupsveisla systkina þeirra sem giftust sama dag.**

Á heiðskírum og sólríkum degi um páskana fyrir um 50 árum gekk leikkonan Hanna María Karlsdóttir inn í kirkjuna í Keflavík og staðfesti skírn sína ásamt um þrjátíu jafnöldrum sínum. „Ég fékk þarna í fyrsta skipti á ævinni sviðsskrekk þar sem við þurftum að fara með ritningartexta utanbókar. Ég var alveg að deyja úr stressi og hnén á mér skulfu þar sem ég sat á kirkjubekknum," segir Hanna Maja um þennan eftirminnilega dag.

Séra Björn Jónsson sá um að ferma og fræða börnin um veturinn. „Mig minnir að við höfum verið í fermingarfræðslunni í alveg heilan vetur. Þetta var bara hefðbundin fermingarfræðsla."

Eftir ferminguna í kirkjunni var ekið sem leið lá til Hveragerðis þar sem veislan skyldi haldin á Hótel Hveragerði. „Ég man ekki hvernig það atvikaðist en bróðir minn og hálfsystir Bergþóru Árnadóttur söngvaskálds voru par og höfðu ákveðið að gifta sig sama dag og við Bergþóra fermdumst. Því var slegið saman í eina stóra veislu fyrir okkur öll. Þetta var því tvöföld fermingarveisla og brúðkaup í senn." Veitingarnar voru hefðbundnar kaffihlaðborðsveitingar þess tíma. „Þarna var flatbrauð með hangikjöti, kaffi og kökur og að sjálfsögðu rúllutertur í löngum röðum. Það sem mér er minnisstæðast er þó hve þetta var fallegur og sólríkur dagur og hve allir voru glaðir."



**Ég var rauðhærð og freknótt með alveg hræðilega skakkar tennur og mjög viðkvæm fyrir útlitinu. Svo ég var ekkert sérlega hress með það að fara í myndatöku, sem kannski sést á myndinni," segir Hanna Maja um fermingarmyndatökuna.**



**Leikkonan Hanna María Karlsdóttir fékk í fyrsta skipti sviðsskrekk þegar hún þurfti að fara með ritningartexta utanbókar á fermingardaginn.**

Hanna Maja var dæmigerður unglingur og útlitið skipti miklu. „Það sést nú kannski á fermingarmyndinni hve fýld ég var. Ég var rauðhærð og freknótt með alveg hræðilega skakkar tennur og mjög viðkvæm fyrir útlitinu. Svo ég var ekkert sérlega hress með það að fara í myndatöku." Fermingarkjólinn saumaði Dagrún, móðir Hönnu Maju, sem var klæðskeramenntuð frá Kaupmannahöfn. „Þetta er ægilega fínn kjóll og ég á hann enn hangandi upp í skáp. Passa reyndar ekki í hann en ég gerði það lengi vel."

Á fermingardaginn var Hanna Maja í fyrsta sinn á háum hælum og í fyrsta sinn í brjóstahaldara. „Ég man meira að segja stærðina," segir hún og skellir upp úr. „32A og það var troðið smá bómull inn í til að það sýndist vera meira í skálunum en var. Svo var ég með túperað hár og gríðarlega mikið magn af hárlakki svo þetta var eins og hjálmur."

Hanna Maja segir aldrei neitt annað hafa komið til greina en að fermast enda alin upp á trúræknu heimili og sótti kirkju framan af. „Ég var mjög trúuð og er enn. Þótt ég fari ekki oft í kirkju í dag þá fór nokkuð reglulega í kirkju þegar ég var lítil stelpa. Ég veit ekki hvort það var út af trú eða út af Jesúmyndunum sem við fengum og söfnuðum og voru ægilega fallegar."

Móðir Hönnu Maju var trúuð og vandi hana af því að blóta á unglingsárum. „Ég blótaði alveg svakalega mikið um tíma. Ég fékk vinnu í frystihúsinu í Keflavík og þar lærði ég alls kyns blót og aðra ósiði. Mamma náði blótinu þó úr mér og í dag er ég henni mjög þakklát fyrir það."








**Færst hefur í vöxt að fermingarmyndatökur séu frjálslegar og á forsendum fermingarbarnanna. Oft er tekið mið af áhugamálum þeirra og þau mynduð með fótbolta eða ballettskó svo dæmi séu nefnd.**

## Frjálslegar fyrirsætur

Fermingin er varla fullkomin nema fermingarbarnið sé fest á filmu. Sumir kjósa hefðbundna uppstillingu í fermingarkyrtli eins og tíðkast hefur um áratuga skeið en síðustu ár hefur þó færst í vöxt að fermingarmyndatökur séu frjálslegar og á forsendum fermingarbarnanna sjálfra. Þá er oft og tíðum tekið mið af áhugamálum fermingarbarnanna, þau jafnvel mynduð í fótboltabúningum, ballettbúningum eða á skíðum.

Fyrir kemur að myndatökur fara fram utandyra enda geta tré og fjöll myndað frábæran bakgrunn. Gæludýr hafa einnig slæðst inn á myndir auk þess sem fjölskyldan grípur oft tækifærið og skellir sér í fjölskyldumyndatöku um leið.

Hin stafræna tækni hefur einnig opnað marga möguleika. Hægt er að taka fleiri myndir, sem eykur líkurnar á að einhverjar þeirra heppnist vel. Þetta gefur krökkunum lengri tíma til að aðlagast og losna við feimni en fyrri hluti myndatöku fer oft í að láta börnunum líða vel og losna við kvíða. Ein leið sem sumir ljósmyndarar nota til að láta fermingarbörnum líða vel er að spila tónlist meðan á tökunni stendur. Til dæmis geta krakkarnir komið sjálfir með sína uppáhaldstónlist.

# FERMINGARPAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI







### AMD TÖLVUPAKKI

- AMD Trinity A8 5600K QuadCore 3,6 GHz örgjörvi
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz, vinsluminni
- 1TB SATA3 harður diskur 7200rpm 64MB buffer
- Radeon HD 7560D skjákjarni allt að 2GB minni
- DVD skrifari 24xDVD+/- DL skrifari 48x CD & DVD drif
- Logitech S-120 hátalarar
- AOC 22" LED skjár 1920x1080 FULL HD
- Vandað lyklaborð með USB tengi
- Logitech geislamús með skrunhjóli
- Windows 8 64bit stýrikerfi

COOLER MASTER · A8 · Logitech · AOC

**FERMINGARPAKKI NR. 1**

**119.950**

### AMD TÖLVUPAKKI

- CoolerMaster Elite 335U midi turn
- AMD Piledriver FX-4300 QuadCore
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 harður diskur
- Geforce N650 GTX 1GB GDDR3 skjákort
- AOC 24" LCD Full HD 1920x1080 skjár
- Logitec S220 2,1 hátalarar
- CD & DVD drif
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

COOLER MASTER · FX · Logitech

**FERMINGARPAKKI NR. 2**

**159.950**

### INTEL ÖRGJÖRVI



**Intel Core i5 3470**
- 3.2GHz Intel i5 örgjörvi
- Ivy Bridge
- Quad Core með 6MB cache
- 22nm, 77W
- Með skjástýringu
- Retail útgáfa

**31.750**

### MSI MÓÐURBORÐ




msi

**MSI Z77A-G43**
- Intel Z77A, 4xDDR3
- 4xSATAII, 2xSATA3
- 2xUSB3, 2xPCI-E
- 16X Crossfire, VGA, DVI, HDMI
- GB lan, 7.1 hljóð

**19.450**

### CORSAIR VINNSLUMINNI



CORSAIR

Corsair 1600MHz 16GB (2x8GB) ValueSelect 240pin CL11 minni með lífstíðarábyrgð.

**15.750**

### ASUS FARTÖLVA




**ASUS F501A-XX121V**
- 1.7GHz Intel Dual core B820
- 4GB DDR3 1066MHz
- 320GB diskur
- Intel GMA HD skjákort
- Windows 7 64-BIT

**69.950**

### MSI SKJÁKORT




msi

**MSI R7770-PMD1GD5**
- 1GB 4500MHz DDR5
- 1000MHz Core
- DVI, DisplyPort,
- HDMI, PCI-E

**22.450**

### 120GB SSD DISKUR



SAMSUNG

**Samsung SSD 840**

120 GB SSD diskur. Ein besta uppfærslan sem hægt er að fá sér fyrir fartölvu eða borðtölvu. SSD eru einnig sparsamir á rafmagn sem hentar vel í fartölvur.

**19.950**

### 3TB HARÐUR DISKUR



Seagate

**Seagate 3TB**

3TB SATA3 6Gb/s, 64MB cache, 7200rpm harður diskur.

**24.750**

### AMD TURN

COOLER MASTER · FX

**ÖFLUG LEIKJAVÉL**

**AMD TÖLVA 4**



- CoolerMaster Elite K350 turn
- AMD FX-6300 SixCore 3,5GHz
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 diskur
- Radeon HD7850 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

**149.950**

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is


@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*



Hér setti Bryndís kerti, blóm og vasa á bakka. Í vasana klippti hún greinar úr garðinum, sem margar eru farnar að bruma vegna hlýinda og setja fallegan svip á borðið.



Gerberur eru glæsileg blóm og fallegt að stinga stilk ofan í mold í litlum potti. Flöskur af þessu tagi eru til á mörgum heimilum. Einföld skreyting sem allir geta leikið eftir.



Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, blómaskreytir og útstillingahönnuður, með borðskreytingar sem auðvelt er að gera heima. MYNDIR/GVA

# Allir geta gert fallegar skreytingar

„Það þarf ekki alltaf að hlaupa út í búð til að skreyta fermingarborðið því allir geta útbúið fallegar borðskreytingar úr litlu og með því að nota hugmyndaflugið,“ segir Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, blómaskreytir og útstillingahönnuður, sem hefur veg og vanda af skreytingunum hér á síðunni.

„Í nærumhverfi okkar, garðinum og heima finnst margt fallegt sem nota má í skreytingar. Þá er líka hægt að kaupa ódýrt búnt af blómum og nýta þau stök í marga litla vasa til að lífga upp á heimilið eða salinn. Þá verður mikið úr litlu,“ segir Bryndís sem starfar við blómaframleiðslu og kennslu í Hveragerði.

„Gott er að velja sér þema og tvo til þrjá liti og vinna með þá í gegnum servíettur, blóm og löbera. Nú er hæstmóðins að vera með þrjá til fjóra liti og mikið um munstur. Góðu fréttirnar eru þó að allt er í tísku og ekkert eitt er öðru fremur í borðskreytingatískunni.“



Falleg og einföld skreyting þar sem kertið er með persónulegum blæ. Utan á kertinu er filma sem brennur ekki með kertinu og hægt að láta prenta mynd af fermingarbarninu og texta að vild. Þessa nýjung má panta í Árbæjarblómum.





PIPAR\TBWA • SÍA

EINSTÖK GJÖF FYRIR ALLA

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Eymundsson Bóksali frá 1872

HAGKAUP Ein ferð betra verð

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

# LYSTADÚN

ENGINN ER BETRI

# FERMINGARTILBOÐ



## STARLUX HEILSURÚM

| 90 x 200 cm | 120 x 200 cm | 140 x 200 cm |
|---|---|---|
| **Verð: 74.480.-** | **Verð: 93.250.-** | **Verð: 103.120.-** |

- Mjög sterkt og vandað gormakerfi
- Má snúa, tveir svefnfletir gefa tvöfalt betri endingu
- Þykkt efnismikið bólsturlag á sfvefnflötum gefur meiri þægindi og endingu.
- Stífir kantar tryggja stærri svefnflöt
- Á hverri dýnu eru tveir misstífir svefnfletir
- Mjög vandaður og sterkbyggður undirdívan klæddur svörtu eða hvítu leðurlíki og áföstum fótum í sama lit

### SATIN SÆNGURVER



**Satin sængurver**
Frá Fussenegger
Mikið úrval

Tilboð
Verð frá: **14.630.-**

### DÚNSÆNG/HEILSUKODDI



**Heilsukoddi**
Tilboð
**10.960.-**
Verð áður: 13.700.-

**Dúnsæng**
Tilboð
**21.520.-**
Verð áður: 26.900.-

### HRÚGÖLD



**Hrúgöld**
Margir litir
Flott gjöf í unglinga herbergið

Tilboð
**19.920.-**
Verð áður: 24.900.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Þar af lántökugjald 3.25% og þóknun sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu.

**10.000.- kr. vöruúttekt fylgir keyptu fermingarrúmi**

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI***

> **Mörkinni 4** > 108 Reykjavík > Sími: 533 3500
> **Hofsbót 4** > 600 Akureyri > Sími: 462 3504
> **www.lystadun.is**



# Ætlar ekki að fermast

**Óðinn Eldon Ragnarsson tók þá ákvörðun síðastliðið haust að fermast ekki. Hann ætlar í staðinn að læra að kafa ásamt móður sinni Móeiði Helgadóttur. Hina nýfundnu kunnáttu ætla þau að nýta á sólarströnd í sumar.**

„Ég er viss um að guð sé ekki til í raunveruleikanum,“ segir Óðinn um ástæðu þess að hann ætli ekki að fermast nú í vor. Hann viðurkennir að krökkunum í bekknum þyki ákvörðunin skrítin. „Já, þau eru alltaf að spyrja af hverju?“

Óðinn telur að allir í sínum árgangi ætli að fermast nema hann. Tveir ætli að fermast borgaralega. En hann hefur ekki langað til að fermast borgaralega eins og þau? „Nei, ég hafði ekki mikinn áhuga á því,“ svarar Óðinn og bætir við að vissulega hafi gjafirnar heillað. „En ekki nógu mikið.“

Í stað fermingar og fermingarveislu ætlar Óðinn í ferðalag með móður sinni, Móeiði Helgadóttur, í sumar. Hvað finnst henni um að sonurinn ætli ekki að fermast? „Mér finnst mjög gott að hann taki þessa ákvörðun sjálfur því það er mun auðveldara að taka hana ekki,“ segir Móeiður. Hún bætir við að ákvörðunin um ferðalagið hafi eiginlega byggst á misskilningi. „Ég var búin að benda honum á að það væri ekki skylda að fermast og að hann gæti tekið ákvörðun um það. Sagði honum líka að ef hann myndi fermast gæti einn möguleikinn verið að fara í ferðalag í stað þess að halda veislu. Hann krafði mig síðan um það hvort við myndum ekki fara í ferðalag burtséð frá því hvort hann fermdist eða ekki. Og mér fannst það bara ágætis hugmynd,“ segir Móeiður og hlær.

Þau mæðginin hafa ekki ákveðið hvert skuli halda í sumar en stefnan er sett á sólarströnd þar sem auðvelt er að kafa. „Mig hefur alltaf langað til að læra að kafa,“ segir Óðinn en hann og Móeiður hafa þegar keypt bækur um köfun og borgað köfunarnámskeið sem þau ætla að nýta sér í vor. „Eftir það fáum við einhvers konar skírteini og þá getum við leigt okkur búnað og kafað sjálf upp að einhverju dýpi,“ útskýrir Móeiður.

Óðinn segist hlakka mikið til. En finnst honum ekkert asnalegt að vera einn á ferðalagi með mömmu? „Nei, það er bara gaman,“ svarar hann keikur. *- sg*


Óðinn Eldon Ragnarsson og mamma hans Móeiður Helgadóttir ætla að læra að kafa og fara í ferðalag í sumar. MYND/ANTON





Nokkrir munu koma fram með atriði á fermingarathöfninni og er Þórður farinn að huga að því. „Já, það getur verið að ég spili á trompetinn og fæ sennilega einhvern undirleik með,“ segir Þórður ánægður. MYND/GVA

# Fermist hjá Siðmennt

**Þórður Hallgrímsson æfir frjálsar íþróttir með Ármanni og spilar á trompet í Skólahljómsveit Austurbæjar. Þann 14. apríl næstkomandi mun hann stíga á svið í Háskólabíó og fermast borgaralegri fermingu hjá Siðmennt.**

Þórður byrjaði að æfa frjálsar íþróttir með Ármanni fyrir einu ári og hefur verið í trompetnámi síðustu fimm ár hjá Guðmundi Hafsteinssyni í Tónskóla Sigursveins. „Frjálsu íþróttirnar eru hlaup, stökk og trompetinu fylgja alls kyns tímar, eins og tónfræði og svo er ég líka í Skólahljómsveit Austurbæjar,“ segir Þórður sem fermist borgaralegri fermingu í apríl næstkomandi.

„Það kom reyndar aldrei neitt annað til greina hjá mér en að fermast borgaralegri fermingu,“ segir Þórður og bætir svo við. „Í fyrsta lagi er ég trúleysingi og svo fannst mér það sem Siðmennt er að gera spennandi og mig langaði að prófa. Ég sé ekki eftir því. Ég held líka að það sé mikilvægt að krakkar hafi val.“

Hjá Siðmennt hefur Þórður mætt einu sinni í viku frá áramótum þar sem kennslustjóri Siðmenntar, Jóhann Björnsson, hefur frætt hann ásamt fermingarsystkinum. „Fræðslan er mjög fjölbreytt. Við höfum verið að læra um gagnrýna hugsun og svoleiðis. Svo kom til okkar maður frá Tollgæslunni í Reykjavík um daginn og sagði okkur frá þeirra störfum og fræddi okkur um skaðsemi fíkniefna. Á næstunni munu svo fleiri koma í heimsókn.“

Fermingarathöfn Siðmenntar verður haldin í Háskólabíói þar sem fjöldi unglinga mun taka við viðurkenningarskjölum auk þess sem haldnar verða ræður. „Þetta verður með afar hátíðlegu sniði og við tökum á móti viðurkenningarskjali. Með því erum við ekki að skrá okkur í nein samtök eða söfnuð heldur er þetta bara þessi kynning og fræðsla sem við fáum.“ Nokkrir munu koma fram með atriði og er Þórður farinn að huga að því. „Já, það getur verið að ég spili á trompetinn í athöfninni og fæ ég sennilega einhvern undirleik með.“

Veislan verðu svo í tónlistarskólanum Tóney í Síðumúla. „Afi minn á tónlistarskólann þar sem veislan verður og ég held að það verði svona um 80 manns í henni.“ Þórður kemur að skipulagningu veislunnar og segir ekkert sleppa inn í veisluna öðruvísi en að hann ákveði. „Þetta verður hefðbundið; kökur og kaffi. Svo getur verið að ég spili á úkúleleið mitt fyrir gestina.“

Fermingarfötin eru klár en Þórður nældi sér í þau í janúar. „Þetta eru frekar flott jakkaföt úr Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.“ Það er því ekki við öðru að búast en að hann verði flottur á fermingardaginn.

Gjafir eru oft mikið í umræðunni þegar kemur að fermingum og oft ein stór gjöf sem foreldrar gefa. „Ég veit ekkert hvað ég fæ og vil helst ekkert vita það. Það er miklu skemmtilegra að það komi á óvart.“ *- vg*

## Falleg minning



Það er skemmtilegt að eiga minningar um fermingardaginn á einum stað. Hægt er að fá skrautskrifaðar möppur hjá nunnunum í Karmelklaustrinu í Hafnarfirði. Í möppuna skrifa gestir nafnið sitt en auk þess er hægt að geyma myndir, kort og skeyti. Nunnurnar skrautskrifa eftir óskum viðskiptavina. Einnig er hægt að fá þær til að skrautskrifa á kort, í sálmabækur eða á fermingarkerti.

Hægt er að skoða hvað er í boði á heimasíðu klaustursins karmel.is Verslunin færir nunnunum tekjur en þannig reyna þær að sjá fyrir sér.

# SPORTÍS

# FLOTTAR FERMINGARGJAFIR!

## casall®

**MIKIÐ ÚRVAL AF ÆFINGATÆKJUM**




YOGA DVD
FYLGIR MEÐ

**HÚLLAHRINGUR MEÐ ÞYNGD**
KR. 4.990

**POWER GRIP**
KR. 2.990

**YOGA MOTTA 5 MM**
KR. 6.990

**ARMBEYGJUHÖLDUR**
KR. 4.990

**CHIN-UP BAR**
KR. 6.990

**MULTIBALANCE TRAINER**
KR.13.990

## GoPro®

**Hágæða video og ljósmyndavélin sem allir eru að tala um og fagmenn nota.**

**goice.is**




Í allt sport, m.a. köfun, fjallahjól, fallhlífastökk, mótorsport, snjóbretti, skíði og allt sem ykkur dettur í hug!
**Aukahlutir og festingar í miklu úrvali!**

GoPro White: kr. 49.990
GoPro Silver: kr. 62.990
GoPro Black: kr. 82.990

## CANADA GOOSE®

**ALVÖRU DÚNÚLPUR**
**KANADÍSK GÆÐI**



**MONTEBELLO**
DÖMUÚLPA
KR. 104.990

**TRILLIUM**
DÖMUÚLPA
KR. 114.990

**BURNETT**
HERRAÚLPA
KR. 99.990

**CITADEL**
HERRAÚLPA
KR. 129.990

## asics®



**ASICS - PULSE 4**
HERRA OG DÖMU
HLAUPASKÓR
KR. 19.990

## EASTPAK® U.S.A.

**MIKIÐ ÚRVAL AF BAKPOKUM, FERÐA- OG TÖLVUTÖSKUM.**



**TRANSFER M FERÐATASKA**
SVÖRT
KR.26.990

**PACKSON TÖLVUBAKPOKI**
SVÖRT
KR.13.990

**iPAD TALOR NEOPHRENE FÓÐUR**
GRÁ OG SVÖRT
KR.5.990

**HYATT TÖLVUUMSLAG STÆRÐIR 13" - 15" - 17"**
GRÁ OG SVÖRT
FRÁ KR.7.990

**SLAPPY COAT HJÓLABRETTATASKA**
SVÖRT
KR.8.990

**TRANSFER S**
CAMO - SVÖRT
KR.24.990

EASTPAK - 30 ÁRA ÁBYRGÐ!

**MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS**









Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is







Ef fermingarbarnið er tilbúið til að koma fram og sýna listir sínar vekur það án efa lukku. NORDICPHOTOS/GETTY

# Umgjörð veislunnar skiptir sköpum

**Því heyrist stundum fleygt að fermingar séu leiðinlegar en af hverju skyldi það vera?**

„Í guðs bænum ekki bjóða mér í fermingar. Ég skal mæta í öll barnaafmæli en ég get ekki fermingar,“ stundi miðaldra einhleypur frændi, nýfluttur til landsins eftir margra ára viðburðarríkt stórborgarlíf handan Atlantshafsins. „Prúðbúnir fjölskyldumeðlimir við hvítdúkuð hringborð með kaffibolla og kransaköku í hönd. Flestir í tilgerðarlegum samræðum um helstu atburði liðinna missera og ára. Vissulega fær maður gott að éta en þarf líka að borga fyrir sig; helst með nokkrum bláum. Ég þakka pent!“ bætti hann fussandi við.

En þurfa fermingarveislur að vera svona leiðinlegar? Það vill einhvern veginn loða við. Af hverju? Hvað er verið að halda upp á? Jú, að barnið sem um ræðir sé komið í fullorðinna manna tölu og að það vilji staðfesta þá játningu sem aðrir fóru með fyrir þess hönd í skírninni. Kannski ekki svo stórkostlegt í hugum einhverra en flest börn á fermingaraldri vilja nú engu að síður fermast og hví ekki að gleðjast, gera barninu hátt undir höfði og njóta um leið samvista við sjaldséða ættingja?



Leitið til hæfileikafólks í fjölskyldunni og biðjið það að troða upp eða taka til máls. Það brýtur upp veisluna, losar um málbein gesta og gerir stundina eftirminnilegri.

## SKIPIÐ VEISLUSTJÓRA

Það sem gjarnan vantar er umgjörð og veislustjórn. Veitingarnar skipta vissulega máli en eru þó ekki allt. Oft er framvindan í fermingarveislum nokkuð fyrirsjáanleg. Fólk safnast saman við borð og er svo boðið upp á mat og kræsingar. Það skrafar eitthvað saman, skrifar í gestabók, skilur eftir gjöf og kveður. Stöku sinnum sýnir barnið listir sínar á einhverju sviði og vekur það yfirleitt mikla lukku. En það eru þó ekki nærri því allir unglingar sem vilja koma fram og margir geta varla hugsað sér að stynja upp: „gjörið svo vel!“

## ÚTBÚIÐ MYNDBAND

Með smá fyrirhyggju má þó hæglega brjóta veisluna upp og skemmta gestum. Hinir tæknivæddu gætu til að mynda útbúið myndband með hápunktum úr lífi barnsins en margir luma á skemmtilegum myndbrotum sem gaman er að klippa saman við skemmtilega tónlist og sýna gestum. Við þetta má svo jafnvel bæta nokkrum laufléttum viðtölum við ættingja, vini og aðra sem þekkja barnið. Hægt er að fara með myndbandsupptökuvélina á milli fólks og biðja það um að lýsa fermingarbarninu og segja nokkur vel valin orð. Þetta er svo hægt að klippa saman á skemmtilegan hátt og koma barninu og veislugestum á óvart.

## SÝNIÐ MYNDIR OG UNDIRBÚIÐ SKEMMTIATRIÐI

Þá er um að gera að búa til myndasýningu með myndum af barninu og varpa upp á vegg. Ef til eru myndir af því með veislugestum vekur það án efa enn meiri lukku. Eins er um að gera að leita til hæfileikafólks í fjölskyldunni og biðja það að troða upp eða taka til máls. Allt brýtur þetta upp hefðbundið veisluformið; það losnar um málbein gesta og gerir stundina ánægjulegri og eftirminnilegri fyrir alla. *- ve*

Biblía

# Biblían
# BÓK BÓKANNA

**TVÆR STÆRÐIR • FIMM MISMUNANDI ÚTFÆRSLUR • 1872 BLAÐSÍÐUR**

*Fermingargjöf fyrir lífið*



HÖRÐ SPJÖLD
SVART UNNIÐ SKINN



HÖRÐ SPJÖLD
RAUTT FLAUEL



MJÚK SPJÖLD
SVÖRT LEÐURÁFERÐ



MJÚK SPJÖLD
RAUTT UNNIÐ SKINN



MJÚK SPJÖLD
HVÍT LEÐURÁFERÐ

*Biblían er prentuð í tveimur litum.*
*Hún inniheldur tímatal, litprentuð kort á átta blaðsíðum,*
*orðaskýringar og yfirlit yfir mikilvæga ritningarstaði.*

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Ekki er úr vegi að bjóða upp á ávexti á veisluborðinu enda fúlsa fæstir krakkar við fallegum vínberjum og öðru fersku góðgæti.

# Krakkamat á veisluborðið

**Á veisluborðið er gott að setja eitthvað matarkyns sem börnum þykir gott að maula.**

Það er góður siður að fá sér fyrst eitthvert brauðmeti af veisluborðinu áður en ráðist er í sætindin. Oft brennur þó við að krakkar fúlsa við þeim réttum sem eru á boðstólum á borð við brauðtertur með majonesi og rækjum og heita rétti með sveppum og aspas. Þá getur verið gott að hafa eina eða tvær tegundir af „krakkamat“. Uppskrift að nokkrum slíkum má finna hér.







## Pylsur í felum

**2½ dl hveiti**
**2 dl heilhveiti**
**2½ tsk. þurrger**
**1 tsk. sykur**
**1 dl mjólk**
**½ dl heitt vatn**
**6-8 pylsur eða pakki af kokteilpylsum**

*Hitið ofninn í 200°C. Blandið þurrefnum í skál. Blandið mjólk og soðnu/heitu vatni saman við. Hnoðið deigið. Skerið hverja pylsu í fjóra hluta (ef ekki eru notaðar kokteilpylsur). Vefjið deiginu utan um hvern pylsubita. Setjið bökunarpappír á ofnplötu og raðið pylsubitunum á plötuna. Bakið í 10-15 mínútur.*



## Smápitsur

**Botn**
**7 dl hveiti**
**3 dl volgt vatn**
**1 pk. þurrger**
**1 msk. olía**

*Öllu blandað saman og hnoðað. Láið hefast í um 15-20 mínútur. Mótið litla pitsubotna og setjið álegg-ið á. Látið ímyndunaraflið ráða í áleggsvali enda úr nægu að velja: sósa, skinka, pepperóní, hakk, laukur, paprika svo mætti lengi telja. Bakist við 180°C hita þangað til að osturinn er orðinn gullinbrúnn.*



## Skinkuhorn

**100 g smjör**
**900 g hveiti**
**60 g sykur**
**½ tsk. salt**
**½ l mjólk**
**1 pk. þurrger**
**1 egg til að pensla hornin með (líka hægt að nota mjólk)**
**Fylling:**
**2 pakkar skinkumyrja (einnig má setja ost og skinku og jafnvel einhvern annan smurost)**

*Smjörlíkið brætt og mjólkin sett saman við. Blandið geri og sykri saman við, pískið létt. Látið standa í 10 mín. Þá er hveiti bætt við og allt hnoðað saman. Deigið látið lyfta sér undir rökum klút. Því er síðan skipt í nokkra minni búta. Hver bútur er flattur út í hring og skorinn í geira. Fylling sett í hvern geira og síðan rúllað frá breiðari endanum. Hornin eru pensluð með eggi og látin lyftast í korter. Þau eru síðan bökuð við 225°C í 8-10 mínútur eða þar til þau eru orðin gullinbrún.*

- sg


Íslensk hönnun

Fermingartilboð



30 fallegar fermingargjafir á tilboði fyrir hann & hana

Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is sendum frítt úr vefverslun á næsta pósthús




# iPhone 5

## frá 129.990,-

# iPad Mini

## frá 58.990,-



iSíminn

Skipholt 21

Viðgerðir





Aukahlutir



iSíminn - Skipholti 21 - 105 Reykjavík - s. 534 1400 - isiminn@isiminn.is

HEYRNARTÓL



AKG

**AKG K512**
Vönduð heyrnatól með 18Hz - 20kHz tíðnisviði og 32 Ohm. NdFe segull í hátölurunum. 2,5m kapall. 24k gulltengi. Aðeins 150 grömm.

**VERÐ ▶ 6.990**

SJÓNAUKAR



tasco

**Tasco 2023BRZ**
Sjónauki með 10x stækkun, 50mm glerjum og Wide angle breiðlinsu. Taska fylgir.

**VERÐ ▶ 9.990**

HÁTALARAR



JBL Bluetooth®

**JBL MICROWIRELESSBLACK**
Ferðahátalalari með þráðlausri Bluetooth tengingu. 3W magnari og öflugur hátalari. Li-ion rafhlaða með allt að 5 klst. endingu. Taska og Micro USB kapall fyrir hleðslu fylgja.

**VERÐ ▶ 11.990**

HÁTALARAR

FYRIR iPHONE5



JBL

**JBL ONBEATMICROBLACK**
Hátalalari með iPod/iPhone vöggu. Lightroom tengi fyrir iPhone5. Tveir Odyssey Neodymium hátalarar. Snertitakkar fyrir hljóðstyrk.

**VERÐ ▶ 19.990**

MYNDAVÉLAR



Nikon

**Nikon S3300**
16 milljón punkta myndavél með 2,7" LCD-skjá. NIKKOR linsa. 4x fókusvörn. 6x Optical og 4x Digital Zoom. Rafræn titringsjöfnun. EXPEED C2. AF-andlitsstilling. Sendir myndir þráðlaust. HD hreyfimyndataka. Allt að 210 myndir á rafhlöðu. 45MB minni og kortarauf. Hleðsla í straum eða USB. Íslenskur leiðarvísir.

**VERÐ ▶ 22.990**

HÁTALARAR



harman/kardon Bluetooth®

HarmanKardon SOUNDSTICKS WIRELESS
2.1 hátalarakerfi með 40w magnara. Fjölnota kerfi fyrir tölvur. MP3, geislaspilari. HARMAN TrueStream Bluetooth þráðlaus tenging. Bassabox með 6" bassa.

**VERÐ ▶ 44.990**

TÖKUVÉLAR



JBL ADIXXION

**JVC GCAX1**
Action Full HD tökuvél með 1920x1080p upplausn. QUAD PROOF. Vatnsheld að 5m. Höggheld að 2m. Frostheld að -10°. Rykheld. 1.5" LCD skjár. Innbyggt Wi-Fi. 1/2,5" CMOS upptökuflaga. F2.8 5x Digital Zoom 3.8 linsa. Tekur SD/SDHC/SDXC minniskort. Stærð (BxHxD): 7,4x5,3x3,5sm. Aðeins 126g.

**VERÐ ▶ 49.990**

HLJÓMTÆKI



Panasonic 3 LITIR

**Panasonic SCHC37**
Ofurþunn 40W RMS samstæða með innbyggðri iPod vöggu. D.Bass. Pure Direct Sound. FM/AM útvarp. Klukka með vekjara og svefnrofa. USB. Heyrnatóltengi. Nanosized Bamboo Cone hátalarar. Má festa á vegg.

**VERÐ ▶ 59.990**

HEIMABÍÓ



Panasonic

**Panasonic SCBTT182**
3D Blu-ray Disc 2.1 heimabíókerfi með 520w RMS Digital magnara. 2 hátalarar og bassabox. 5.1 Virtual Cinema Surround Sound. 2D-3D conversion. High Def1080p @ 24fps. DTS-HD og Dolby TrueHD. DVD uppskölun í 1080p. ARC. VIERA Link/Deep Color/x.v.Colour. FM útvarp með 30 minnum. HDMI, 2x USB tengi o.fl.

**TILBOÐ ▶ 79.990**

SJÓNVÖRP




FINLUX

**Finlux 22FLHS910**
22" HD örþunnt LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart. HDMI. USB tengi. Digital Coax, VGA, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Með 12v - 230v kerfi og hótelstillingu.

**VERÐ ▶ 49.990**

SJÓNVÖRP MEÐ DVD




FINLUX

**Finlux 26FLY910LV**
22" HD örþunnt LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart, HDMI, USB tengi, Digital Coax, VGA, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**VERÐ ▶ 74.990**

LED SJÓNVÖRP




PHILIPS

**Philips 32HFL5573D**
32" Smart LED sjónvarp með Full HD Pixel Plus HD. 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænn DVB-C. DVB-T. DVB-T2 móttakari. 3x USB. HDMI. Ethernet. Optical út. VGA & CI rauf. EasyLink o.fl.

**TILBOÐ ▶ 99.990**

# FERMINGARGRÆJUR




SLR MYNDAVÉLAR

Nikon SCHOOL

## Nikon

**Nikon D3200KIT1855VR**

SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400, 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.

**Íslenskur leiðarvísir og 2,5 klst. ljósmyndanámskeið fylgir. Einnig fáanleg með öðrum linsum.**

**Þráðlaust tengi fylgir. Verðmæti 11.990**



WU-1a

**VERÐ ▶ 129.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Nikon

● **RITNINGARVERS** Í fermingarathöfninni fara fermingarbörn með ritningarvers úr Biblíunni sem þau velja sér. Hér fara nokkur sem gjarnan eru valin.

**Úr Gamla testamentinu:**

- Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta. (Sálm. 23.1)



- Hjálp mín kemur frá Drottni, skapara himins og jarðar. (Sálm. 121.2)

**Úr Nýja testamentinu:**

- Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða. (Matt. 5.7)
- Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf. (Jóh. 3.16)
- Jesús mælti: „Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi." (Jóh. 11.25)

● **ÓMISSANDI Á BORÐIÐ** Kransakaka þykir nánast ómissandi á fermingarborð enda afar góð með kaffinu auk þess sem hún er oftast falleg á að líta. Margir kaupa hana í bakaríi en sumir myndast þó við að gera hana sjálfir og má benda á Leiðbeiningastöð heimilanna í því sambandi en þar er að finna góða uppskrift og afar greinargóða aðferðarlýsingu. Börnin eru þó oft hrifnari af Rice Crispies-útgáfunni sem er talsvert einfaldara að gera upp á eigin spýtur. Hér er skotheld uppskrift:

500 g suðusúkkulaði
1 lítil dós síróp (454 g)
150 g smjör
280 g Rice Krispies

Setjið súkkulaði og smjör í pott og hitið. Hrærið stöðugt þar til bráðnað. Bætið sírópinu við. Hellið Rice Krispies út í og hrærið með sleif. Takið fram 18 kransakökuform og fóðrið með plastfilmu (þau fást til dæmis í Húsasmiðjunni og BYKO). Fyllið hvert form með Rice Krispies-blöndunni. Fyllið stærsta formið síðast og sleppið því ef uppskriftin dugar ekki til. Kælið og losið svo hringina úr forminu þegar þeir eru orðnir harðir. Raðið kökunni saman. Festið með bræddu súkkulaði ef þarf. Skreytið með hlaupi og sælgæti að eigin vali. Eins er hægt að fylla kökuna að innan áður en síðustu hringirnir eru settir á. Festið sælgætið á með bræddu súkkulaði.



● **BLÓM Í KRUKKUM OG FLÖSKUM** Krukkur sem áður geymdu sultur, síld og pestó eiga það til að safnast upp í hillum fólks enda ekki allir sem tíma því að henda svo heillegum ílátum í ruslið. Oft og tíðum gera þær lítið gagn og safna aðeins ryki og taka pláss. Þær eru þó til ýmissa hluta nytsamlegar og geta til að mynda nýst ágætlega í fermingarveislum.

Borðskreytingar þurfa þannig ekki að vera dýrar með hjálp endurnýttra krukkna og flaskna. Með því að kaupa nokkur blóm í blómabúð eða jafnvel tína páskaliljur í garðinum er hægt að búa til ódýrar en afar fallegar og náttúrulegar skreytingar. Einu eða fleiri blómum er stungið í hverja krukku eða flösku og dreift á borðin. Stærstu krukkuna mætti síðan nota undir páskaliljubúnt og nota sem borðskreytingu á gjafa- eða matarborðið.




Gefðu sparnað í fermingargjöf




Fermingarkortið er inneignarkort sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

Fermingarkortið er gjöf sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar.
Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.





**ZAPP-FJÖLSKYLDAN** Öll börnin hafa fæðst á ferðalagi.

## Á FERÐALAGI Í ÁRATUG

**Zapp-fjölskyldan frá Argentínu er æði sérstök. Hún samanstendur af pabbanum Herman, mömmunni Candelariu og börnunum fjórum: Pampa átta ára, Tehue fimm ára, Palomu þriggja ára og Wallaby eins árs.**

**Í yfir áratug hefur fjölskyldan ferðast um heiminn í Graham Paige-fornbílnum sínum af árgerð 1928. Þau hafa komið til 44 landa og öll börnin fjögur hafa fæðst í ferðinni, á mismunandi stöðum í heiminum. Það fyrsta í Bandaríkjunum, næsta í Argentínu, þriðja í Kanada og það fjórða í Ástralíu. Foreldrarnir sjá um að kenna börnum sínum á ferðalaginu.**

**Á ferðalaginu hefur fjölskyldan kynnst 2.500 öðrum fjölskyldum sem allar hafa tekið þeim opnum örmum og leyft þeim að gista.**

**Herman og Candelaria kynntust ung að aldri og hafa verið kærustupar frá fjórtán ára aldri. Þau ákváðu að láta drauma sína um ferðalög rætast áður en þau myndu eignast börn. Þegar börnin fóru að fæðast breyttist draumurinn og börnin urðu hluti af honum.**

**Um þessar mundir er Zapp-fjölskyldan stödd í Suður-Afríku.**



## MÍLANÓ BESTA BORGIN

**■ FLOTT Ferðanetmiðillinn Fodor's hefur valið bestu borgina til að heimsækja vilji maður fara á fræga matarmarkaði, kaupa hátískuvarning eða antíkvörur. Fodor's bendir ekki lengur á París eða Róm heldur Mílanó á Ítalíu. Fleiri staðir á Ítalíu eru tilgreindir og má þar nefna hina fallegu Amalfiströnd.**

**Mílanó er þekkt viðskipta- og tískuborg. Hún er umkringd fallegu landslagi og auðvelt að komast þaðan til hinna ýmsu staða á Ítalíu. Í Mílanó er stór alþjóðlegur flugvöllur og frábær lestarstöð. Hægt er að skoða gamla listmuni á söfnum í Mílanó og þar er hægt að snæða frábæran mat á fjölmörgum veitingahúsum. Ítalskar borgir eru í efsta sæti lista Fodor's en París er í fjórða sæti og Brussel í því níunda.**

# LÁSAR ÁSTARINNAR

Ástarlásar eða „Lovelocks" kallast siður þar sem kærustupör festa hengilás á girðingu, hlið, brú eða annað til að innsigla ást sína. Þessi siður hefur rutt sér til rúms víða í heiminum.

Ástarlásar fóru að sjást í Evrópu upp úr árinu 2000. Ekki er ljóst hvað veldur þessum vinsældum. Þó er vitað að í Róm hefur sú venja að festa ástarlása á brúna Ponte Milvio orðið til vegna bókarinnar I Want You eftir ítalska höfundinn Federico Moccia, en síðar var búin til mynd upp úr bókinni sem kallast Ho voglia di te.

Ekki eru allir jafn hrifnir af ástarlásunum. Yfirvöld í París höfðu þannig áhyggjur af áhrifum þeirra á brýrnar Pont des Arts, Passerelle Léopold-Sédar-Senghor og Pont de l'Archevêché. Raunar hurfu ástarlásarnir af Pont des Arts yfir nótt í maí 2010. Þar voru þó ekki á ferðinni óánægðir borgarfulltrúar heldur listnemi sem nýtti lásana í skúlptúragarð.



**ÁST Í PARÍS** Par á brúnni Pont de l'Archeveché sem er alsett ástarlásum.




## fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Frá 1957

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Miklabraut 40 – Neðri hæð m. bílskúr**

**OPIÐ HÚS í dag milli kl. 17:30 og kl. 18:00**



Snyrtileg ca 110 fm 4ra herbergja neðri hæð með sérinngangi og góðum bílskúr við Miklabraut samtals ca 140 fm. Mjög gott verð. Laus strax. **V. 27,9 millj. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 27.febrúar milli kl. 17:30 og kl. 18:00.**

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Hlíðarás 6 - Einbýli - Hf.**








**Opið hús miðvikudaginn 27. feb. kl. 17:30 - 18:00**

Glæsilegt nýtt fullbúið einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Áslandshverfinu í Hafnarfirði. Eignin er skrá 282,4 fm. en þar af er bílskúr 35,7 fm. Vandaðar innréttingar og gólfefni, allt fyrsta flokks. Mjög rúmgóð herbergi með fataherbergjum inn af. Arin, innfelld lýsing, gólfhiti, gufubað ofl. Vönduð og góð eign. frábær staðsetning og útsýni. **Verið velkomin Hilmar Þór Bryde sölumaður s. 892-9694 tekur á móti gestum.**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

**Opið hús í dag!**
**kl. 17.15 – 18.00**

**Björtusalir 2 – Kópav.**




**Sýnum í dag glæsilega 131 fm 5 herb. íbúð á 3.hæð (upp tvær) í þessu fallega fjölbýli.**

Íbúðin er í enda með glugga á þrjá vegu, mikil lofthæð og innb. halogen lýsing. Fjögur góð herbergi, þvottahús innan íbúðar.

Parket og góðar innréttingar. Suðursvalir, gott eldhús og rúmgott flísalagt baðherbergi. **Verð 35,9 millj.**

**Ólafur B Blöndal lgf sýnir íbúðina í dag 17.15 – 18.00.**

FASTEIGNASALAN fasteign.is

Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800

Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.

**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**

**SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## atvinna

**VERKAMENN**

ERUM MEÐ VANA VERKAMENN SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333

HANDAFL EHF

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

**Stuðningsheimili fyrir karlmenn**

**Borgin leitar að rekstraraðilum stuðningsheimilis fyrir karlmenn að Miklubraut 18.**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka að sér rekstur stuðningsheimilis fyrir karlmenn að Miklubraut 18. Um er að ræða úrræði sem rekið hefur verið í Reykjavík á undanförnum árum en samningur við núverandi rekstraraðila rennur út á næstu mánuðum.

Markmið með rekstri stuðningsheimilisins er að bjóða einstaklingum sem hætt hafa neyslu áfengis og vímuefna öruggt heimili, stuðning og aðhald á meðan þeir aðlagast samfélaginu á nýjan leik. Endurhæfing og stuðningur fer fram í nánu samstarfi við heimilismenn með það að markmiði að auka lífsgæði þeirra og möguleika á að ná tökum á lífi sínu.

Þjónustusamningur til 3ja ára verður gerður við þann aðila sem valinn verður til að reka þjónustuna.

Leitað er eftir einstaklingum eða félagasamtökum sem hafa reynslu af þjónustu við fólk sem á við margháttaða félagslega erfiðleika að stríða með sérstakri áherslu á reynslu af vinnu með fólk sem á við áfengis- og vímuefnavanda að etja.

Daglegur rekstur og þjónusta er í höndum þjónustusala en til daglegs reksturs teljast t.d. starfsmannamál, almennur rekstur húsnæðis og eldhúss auk annarrar þjónustu.

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir reksturinn. Gert er ráð fyrir 8 rýmum.

Þjónustusali þarf að tryggja að starfsemin sé ætíð mönnuð nægilega mörgum starfsmönnum.

Frekari upplýsingar veitir Birna Sigurðardóttir, verkefnisstjóri á Velferðarsviði, netfangið birna.sigurdardottir@reykjavik.is

**Áhugasamir skili inn umsókn um verkefnið ásamt kostnaðarmati fyrir 11. mars 2013.** Umsóknum ber að skila til skrifstofu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið; birna.sigurdardottir@reykjavik.is.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## HEILSA

## Heilsuvörur



GREEN PEOPLE
Organic Lifestyle

**GREEN PEOPLE NÚ Á ÍSLANDI**

Skiptu yfir í lífrænar húð- hár- og snyrtivörur. Fyrir alla fjölskylduna: Dömu-, herra-, unglinga- og barnalína. 100% náttúrulegt Sala og dreifing: Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

**Hárvandamál !!!**

**Nýjar lausnir fyrir konur með þunnt hár**

apollohar.is
Hringbraut 119 • S: 552-2099

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**

Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**

FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

NORSKA I & II og III H f. starfsfólk í heilbrigðisgeira, SÆNSKA, SPÆNSKA ENSKA f. börn og fullorðna. ÍSLENSKA f. útlendinga - ICELANDIC. BYRJA-START 4/3, 1/4, 6/5. Kvölds/Morgna. Mornings/Evenings. 4 vikur x 5 sinnum viku-4 week courses x 5 days a week. Sjá: www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s.5881160.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Dýrahald



Þrír gullfallegir hreinræktaðir HRFÍ Dobermann hvolpar til sölu. Brúnir á litin og tilbúnir til afhendingar. verð: 300.000 kr. Áhugasamir hringi í 848-6185.

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Það eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**STÚDÍÓÍBÚÐ**

Nýlega 20 fm. stúdíoíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 65 þ. S. 663 5790 e. kl. 17.

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR - VINNUSTOFUR**

Eigum til 22 m2 - 23 m2 - 43 m2 einingar á fyrstu og annarri hæð í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. Nánar á www.leiga.webs.com. Sími 898 7820.

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**

Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbíl á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**

12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING

STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39

Verð frá 1050 dkr/nóttin

f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 2711 1038

apartments.cph@gmail.com

www.ibudikoben.is

stracta

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999


THAILAND
Santa Maria
CHICKEN THAI WOK
Spice Mix
RÉTTA BRAGÐIÐ ÚR AUSTRI
Fæst í verslunum
Hagkaups og Bónus
BÓNUS
HAGKAUP
COCONUT MILK
OYSTER SAUCE
SOYA SAUCE
SATAY SAUCE
SWEET CHILI SAUCE
PREMIUM EGG NOODLES
FISH SAUCE

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
2. æsa, 6. einnig, 8. gras, 9. móðurlíf, 11. gangþófi, 12. kjöt, 14. þátttakandi, 16. strit, 17. goð, 18. hækkar, 20. númer, 21. faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt, 3. í röð, 4. andlegt þróttleysi, 5. máttur, 7. matarlím, 10. þokki, 13. arr, 15. sjá eftir, 16. ról, 19. gyltu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. örva, 6. og, 8. sef, 9. leg, 11. il, 12. flesk, 14. aðili, 16. at, 17. guð, 18. rís, 20. nr, 21. knús.

**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. rs, 4. veiklun, 5. afl, 7. gelatín, 10. geð, 13. sig, 15. iðra, 16. ark, 19. sú.


## Dagforeldranámskeið

Í lok mars mun Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði bjóða upp á starfsréttindanámskeið fyrir verðandi dagforeldra.

**Upplýsingar í síma 585-5860 og á simenntun@hafnarfjordur.is nhms@hafnarfjordur.is**

VESTURBYGGÐ

### Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og nýtt deiliskipulag vegna Krossholt/Langholt á Barðaströnd í Vesturbyggð

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti þann 25. febrúar 2013 breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og nýtt deiliskipulag vegna Krossholt/Langholt á Barðaströnd í Vesturbyggð. Deiliskipulagssvæðið er um 54 ha að stærð og innan þess eru þrjú svæði með núverandi byggingum og áætlaðri viðbótarbyggð.

Umhverfis byggðasvæðin er útivistarsvæði og landbúnaðarland sem er óbyggt. Athugasemdir bárust á auglýsingartíma við bæði aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagið og hefur þeim aðilum verið send umsögn bæjarstjórnar. Vesturbyggð hefur sent aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagið til Skipulagsstofnunar og óskað eftir leyfi til þess að deiliskipulagið öðlist samþykki með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda. Hægt er að skjóta skipulaginu til Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála Skúlagötu 21, 101 Reykjavík. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

*Ásthildur Sturludóttir*
*Bæjarstjóri Vesturbyggðar*

VESTURBYGGÐ

### Auglýsing um veitingu framkvæmdaleyfis í sveitafélaginu Vesturbyggð

**Bygging snjóflóðavarna neðan Klifs á Patreksfirði.**

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 25. febrúar 2013. umsókn Vesturbyggðar um framkvæmdaleyfi fyrir ofanflóðavörnum eins og þeim er lýst í framkvæmdaleyfisumsókn, greinagerð og umhverfisskýrslu með deiliskipulagi. Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til veitingu leyfisins. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 og deiliskipulag ofanflóðavarnanna. Framkvæmdaleyfið er bundið ákveðnum skilmálum, sem byggja á bókun bæjarstjórnar.

Deiliskipulagið er aðgengilegt á vef Skipulagsstofnunar skipulag.is og vef Vesturbyggðar vesturbyggd.is ásamt bókunum bæjarstjórnar.

Framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar Vesturbyggðar er kæranlegt til úrskurðanefndar umhverfis - og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík. Kærufrestur er einn mánuður frá því að leyfið er auglýst.

*Ásthildur Sturludóttir*
*Bæjarstjóri Vesturbyggðar*


# Mamma og afbitna eyrað

**BAKÞANKAR**
Svavars Hávarðssonar

**FYRIR** svona fimmtán árum fékk ég áhuga á hnefaleikum – á þeim tíma sem beinar útsendingar hófust frá þessari vinsælu íþrótt í fyrsta skipti. Úr varð nýtt æði á Íslandi. Ég, eins og tugþúsundir annarra, sat við skjáinn og taldi mig hafa fundið nýjan sannleika. Ég lagðist í trúboð – vildi kveða niður gagnrýnisraddir sem voru margar. Það má reyndar segja að fleiri hafi fyllt hóp gagnrýnenda en þeirra sem litu æðið jákvæðum augum, eins og kom greinilega fram í samfélagsumræðunni á þeim tíma.



**MÓÐIR** mín sá ekkert jákvætt við hnefaleika. Hún sagði það sprottið af blóðþorsta að horfa á fullorðna menn berja hver annan sundur og saman. Ég hélt nú ekki. Íþróttin væri þvert á móti ein sú fegursta og göfugasta í heimi. Þetta taldi ég mig geta sannað; ef hún vildi læra.

**MÓÐIR** mín er keppnismanneskja og hún samþykkti að halda áfram rökræðunum á meðan horft væri á hnefaleikabardaga. Þetta var árið 1997 og fram undan var endurtekinn bardagi um heimsmeistaratitilinn í þungavigt á milli Mike Tyson og Evander Holyfield. Fullkomið.

**ÉG** lagði mikið í kvöldið; fékk lánaða góða stóla og keypti bjór og aðrar nauðsynjar. Strax í byrjun afþakkaði mamma kalt ölið á þeim forsendum að hún þyrfti að klára hælana á nokkrum ullarsokkapörum sem hún hafði með sér. Ég drakk því bjórinn sjálfur og hélt langan fyrirlestur um sögu hnefaleika. Mamma sat við hliðina á mér, prjónaði og kinkaði kolli öðru hvoru.

**ÞÁ** auðvitað, eins og flestir vita, ákvað Tyson að gera tilraun til að éta andstæðing sinn, og til að gera langa sögu stutta þá var eyrað á Holyfield ekki lent í gólfinu þegar mamma var staðin upp – augnatillitið sem ég fékk þurfti engra skýringa við. Á þeim tíma sá ég mína sæng upp reidda og lét af frekari tilraunum til þess að sannfæra gömlu konuna – eða ákvað öllu heldur að leita færis síðar.

**SVO** birtist Gunnar Nelson eins og frelsandi engill. Nýtt tækifæri gafst eftir allan þennan tíma. Reyndar önnur íþrótt og harkalegri, en samt. Svo fékk ég bakþanka og hætti við – veit reyndar alveg hverju hún hefði svarað hefði ég lagt í aðra krossferð. „Svavar minn. Það breytir engu þótt það sé Íslendingur sem er að ná árangri. Íþróttin sú arna verður ekkert fallegri við það.“

**MAMMA** hefur kannski töluvert til síns máls. Þótt hún hafi reyndar ekkert sagt.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




HVITA HÚSIÐ/SIA
GÓÐ SAMSKIPTI
AÐ SETJA SIG Í SPOR ANNARRA
AÐ GLEYMA ÞVÍ ALDREI AÐ ANNAÐ FÓLK HEFUR ÞARFIR OG SKOÐANIR SEM ERU ÖÐRUVÍSI EN OKKAR
HUGREKKI, ATHYGLI, ÞOLINMÆÐI
VIRÐING
AÐ LEIÐA FREKAR EN SKIPA
MUNA HLUTI SEM SNÚAST UM AÐRA
★ GÓÐ SAMSKIPTI BÆTA LÍFIÐ ★
OG ÞAU VERÐA TIL HJÁ OKKUR SJÁLFUM
Vodafone hefur trú á góðum samskiptum
Það bætir lífið þegar við leggjum okkur fram um að eiga góð samskipti. Vodafone vill tala máli góðra samskipta í samfélaginu því þau eru grundvöllurinn að allri þjónustu sem við veitum.
Þín ánægja er okkar markmið
vodafone.is/godsamskipti



# Fegurðin í ljótleikanum

LEIKLIST ★★★★☆

**Fyrirheitna landið**
Höfundur: Jez Butterworth. Mikael Torfason þýddi. Aðalhlutverk: Hilmir Snær Guðnason. Leikstjóri: Guðjón Pedersen.
**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

Þegar tjöldin sviptast frá stóra sviðinu blasir við mikið laufskrúð og niðurníddur langferðabíll. Út úr bílnum skjögrar drykkjulúinn maður, leikinn af Hilmi Snæ Guðnasyni.

Söguþráður Fyrirheitna landsins – Jerúsalem þjónar fyrst og fremst því hlutverki að draga upp þessa persónu, nútímaútlagans Johnny Rooster Byron. Smám saman kynnast áhorfendur honum betur, sjá á honum fleiri hliðar og skilningur þeirra á honum dýpkar.

Í verkinu verður bræðingur hins forna enska dulmagns, í formi risa, orkulína og Stonehenge og kúltúrs, bæði unglingadrykkju og atvinnuleysis, sem er svo áberandi í bresku samfélagi í dag. Úr þessu verður óvenjustór heild, heimur verksins verður allt um lykjandi. Þýðing Mikaels Torfasonar var oftast nær mjög fín, óheflað orðbragð án þess að verða tilgerðarlegt.

En þó við sjáum stöðugt fleiri hliðar á Johnny Byron má velta því upp hvort rúm hefði mátt finna í sýningunni til þess að spila betur á tilfinningar áhorfenda í hans garð?

Maðurinn er auðvitað gjörsamlega óþolandi, hann selur ólögráða börnum fíkniefni, kynslóðum saman, hann hýsir krakka sem strjúka að heiman, hann hleypur undan öllum skyldum, hann lendir í slagsmálum, gerir eignaspjöll og er óþolandi í samfélaginu, en þó er erfitt að fá á honum almennilega óbeit nokkurs staðar í verkinu. Hann er heillandi en breyskur, sjálfum sér verstur, en umhyggjusamur í garð annarra.

Eins þverstæðukennt og það hljómar eftir þessa upptalningu er Johnny Byron of heilsteypt persóna frá upphafi, það hefði verið skemmtilegra að kynnast honum ögn hægar.

Verkið er tækifæri fyrir góðan leikara til þess að brillera. Og það má alveg slá því föstu að Hilmir Snær geri það. Göngulagið og raddbeitingin draga fram þennan rúmlega miðaldra dópsala strax í fyrstu senunni og áhorfendur kokgleypa þennan hæfileikaríka gallagrip strax frá upphafi.

Önnur hlutverk eru ómótaðri. Baldur Trausti Hreinsson lék gamlan drykkjubróður, kráareigandann Wesley, sem gaf ágæta hugmynd um það hvernig menn á borð við Johnny geta spjarað sig þegar best lætur: Ekki mjög vel. Baldur Trausti fór vel með þennan látlausa hliðarharmleik.

Af krakkastóðinu sem sækir í Johnny er Ævar Þór eftirminnilegastur í hlutverki slátrara sem var vart af barnsaldri, dró upp áleitna og eftirminnilega mynd af ungum manni í blindgötu. Því þar er allt þetta fólk – í blindgötu. Allir binda vonir sínar við að einn úr hópnum sleppi úr landi, en jafnvel það virðist feigðarflan.

Sýningin er hálfur fjórði klukkutími með tveimur hléum. Þetta er ansi vel í lagt af hálfu höfundar, þó það sé heillandi að dvelja heilan sólarhring í félagsskap Johnnys og drykkjusystkina hans. Drykkjurausið verður stundum langdregið og eitthvað fækkaði nú í salnum eftir seinna hlé. En þeir sem eftir sátu fengu laun erfiðisins, Johnny Rooster Byron grefur um sig í hugskotinu og situr þar dögum saman.

Sviðsetning Guðjóns Pedersens er mjög flott og leikmynd Finns Arnars Arnarsonar algjört listaverk. Strætisvagn Johnny er þar mættur í fullri stærð, upp úr honum vex myndarlegt eikartré og úr verður heillandi blanda hins náttúrulega og niðurníðslu af mannavöldum. Dálítið eins og Johnny sjálfur.

**Arndís Þórarinsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hilmir Snær sýnir stjörnuleik í heillandi mannlýsingu þó verkið sé eflaust ekki allra.

# Leikstýrir Macbeth í Old Vic Tunnels

Jón Gunnar Th. leikstjóri hefur skrifað undir samning um að leikstýra Macbeth í einu frægasta leikhúsi Bretlands, Old Vic í London. Listrænn stjórnandi þar er leikarinn Kevin Spacey sem Jón Gunnar þekkir frá fornu fari.

Þetta kom nú þannig til að ég gekk á milli leikhúsa í London í maí í fyrra og kynnti mig og verkefni sem mig langaði að setja upp,“ segir Jón Gunnar. „Þeir hjá Old Vic höfðu séð sýningu sem ég gerði í London fyrir nokkrum árum þannig að þeir þekktu mig en keyptu ekki hugmyndina sem ég var með. Kevin Spacey, listrænn stjórnandi Old Vic, bað mig þá að skoða undirgöngin, Old Vic Tunnels, og gá hvort ég fengi ekki einhverja aðra hugmynd. Ég gekk þarna um göngin og sá að þetta rými er alveg óskaplega spennandi og þá sérstaklega fyrir Macbeth. Þeim leist vel á þá hugmynd og voru til í að vera meðframleiðendur. Síðan hefur hugmyndin þróast, það er kominn annar framleiðandi til viðbótar og ég er kominn með samning og fer út í september til að gera þennan draum að veruleika.“

Hefurðu leikstýrt Macbeth áður? „Nei, en þetta verk hefur einhvern veginn verið fast við mig í langan tíma. Ég hef tvisvar sinnum verið aðstoðarleikstjóri við uppsetningar á því og einu sinni sett það upp í skólanum mínum í Drama Center. Þannig að þetta er verk sem ég þekki mjög vel og hef alltaf ætlað að setja upp í atvinnuleikhúsi. Það eru svo margar nálganir við það sem heilla mig.“

Hafðirðu hitt Kevin Spacey áður? „Já, við kynntumst þegar ég var í náminu úti. Ég hef náttúrulega oft séð hann leika og hann kom og sá útskriftarverkefnið mitt þannig að ég kynntist honum í kringum það. Núna kom ég svo aftur og við endurnýjuðum kynnin og það er bara mjög spennandi. Hann er búinn að vera listrænn stjórnandi Old Vic frá 2003 og verður til 2015.“

En þessi undirgöng, Old Vic Tunnels, hvernig rými er það? „Reyndar var það í fréttum í síðustu viku að það væri verið að loka Old Vic Tunnels en ég fer í annað samsvarandi rými sem er gömul lestarstöð, alveg risastór. Rýmið sem ég er að fara að vinna í er um 30.000 fermetrar þannig að þar er hægt að gera ýmislegt.“

Þú situr ekkert auðum höndum á meðan þú bíður eftir að fara til London, frumsýning á verkinu þínu Djáknanum á Myrká hjá Leikfélagi Hörgdæla er á fimmtudaginn, ekki satt? „Jú, það skemmtilega er að djákninn á Myrká er nátengdur Macbeth. Ég er bara í einhverjum myrkraverkum í ár. Ég notast til dæmis við þrjár nornir í Djáknanum og það eru nornirnar „okkar“ Urður, Verðandi og Skuld sem ég held einmitt að Shakespeare hafi verið að vitna til í Macbeth. Draugarnir í þessum sögum eru líka svipaðir, þetta eru allt saman draugar sem koma með skilaboð úr öðrum víddum, þannig að allt er þetta nátengt. Ég fór í grunninn á þjóðsögunni um djáknann og komst að því hver fyrirmyndin var, maður sem hét Böðvar Ögmundsson og var frá Kristnesi, þannig að við erum að segja alvöru söguna, ekki þjóðsöguna.“

Ertu ekki orðinn myrkfælinn af þessari samveru við drauga og illvætti? „Nei, nei, ég var líka að leikstýra Einu sinni var ég frægur fyrir áramótin og nú erum við að leggja upp í leikferð um allt Norðurland með þá sýningu, þannig að ég fæ nóg af gleði á móti.“

**fridrikab@frettabladid.is**



**LEIKSTÝRIR Í OLD VIC** Jón Gunnar hafði allt annað verkefni í huga en Kevin Spacey bauð honum að sýna eitthvað annað í Old Vic Tunnels og hann valdi Macbeth. MYND/HEIÐA.IS

## Old Vic-leikhúsið



The Old Vic er leikhús skammt frá Waterloo-lestarstöðinni í London. Það var stofnað árið 1818 og hét upphaflega The Royal Coburg Theatre. Um 1880 breyttist nafnið svo í The Royal Victoria Hall og síðar festist gælunafnið The Old Vic við leikhúsið.

Leikhópur The Old Vic var kjarninn í The National Theatre of Great Britain sem stofnað var 1963 undir stjórn Laurence Olivier og fór starfsemi The National fram í húsinu til 1976 þegar það flutti í nýbyggt þjóðleikhús á suðurbakka Thames.
Árið 2003 var bandaríski kvikmyndaleikarinn Kevin Spacey ráðinn listrænn stjórnandi The Old Vic og þykir hann hafa unnið gott starf við að hefja leikhúsið til vegs og virðingar á ný.

Í febrúar 2010 var opnað nýtt leikrými á vegum leikhússins The Old Vic Tunnels, undirgöng undir Waterloo-stöðinni, Þar sem fara fram jöfnum höndum leiksýningar, listsýningar, gjörningar og tónleikar.

Viltu losna við bólgur og liðverki?



GUÐRÚN BERGMANN þekkir af eigin reynslu hversu mikilvægt það er að takast á við bólguþáttinn í líkamanum. Á stuttu en skilvirku námskeiði sýnir hún einfaldar en áhrifaríkar leiðir til að takast á við þessa kvilla.

Fimmtudaginn 7. mars

Á námskeiðinu verður farið yfir:
- Hvernig þekkja má bólgueinkennin og finna leiðir til bata – *en ekki bara bæla*.
- Hvaða fæðutegundir valda bólgueinkennum í líkamanum.
- Hvaða fæðu, krydd og bætiefni má nota til að draga úr bólgum.

*Guðrún Bergmann hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða, og skrifað bækur um heilsu, náttúrulækningar og umhverfisvitund*

**Staður og stund:** Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 18:30 - 21:00. Námsgögn með víðtækum upplýsingum innifalin. Verð 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldri.is

heilsuhúsið

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 27. FEBRÚAR 2013**

### Upplestur

**18.00** Jónína Rós Guðmundsdóttir les 20. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Kvikmyndir

**16.30** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Villta Kína III í sal 101 í Lögbergi HÍ. Um er að ræða þáttaröð frá BBC um Kína og eru nú Tíbet og Himalayafjöllin til umfjöllunar. Enskt tal og aðgangur ókeypis.

### Dans

**14.00** Boðið verður upp á síðdegisdans hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Freyr.

### Tónlist

**12.00** Flautuleikarinn Guðrún Birgisdóttir og píanóleikarinn Anna Guðný Guðmundsdóttir flytja Parísar-tónlist á síðustu hádegistónleikum vetrarins í röðinni Líttu inn í hádeginu í Salnum, Kópavogi. Miðaverð er kr. 1.00.

**20.00** Tónleikaröðin Jarðarber býður upp á tónleika í Hafnarhúsinu tileinkaða Þránófónum.Þráinn Hjálmarsson, hönnuður og hugmyndasmiður hljóðfærisins er á meðal þeirra sem fram koma.

**21.00** Hljómsveitin Sunny Side Road skemmtir á Café Rosenberg.

**21.30** Hljómsveitin Monterey heldur útgáfutónleika á KEX Hostel. Tónleikarnir eru í tilefni plötunnar Time Passing Time sem kom út fyrir jólin og eru líka kveðjuhóf fyrir gítarleikarann Baldur Sívertsen sem flyst nú til Berlínar.

### Fyrirlestrar

**16.30** Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt, heldur fyrirlestur í félagsmiðstöðinni að Aflagranda 40 um sjálfbæra þróun, hugtakið, meginstoðir þess og hvernig má nota sjálfbæra þróun í ákvarðanatöku. Jafnframt um tengsl sjálfbærrar þróunar og íslensks veruleika. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Félag íslenskra fræða heldur rannsóknarkvöld í Hannesarholti, Grundarstíg 10. Þar ræðir Bjarki Karlsson um rím og ýmis álistamál því tengdu.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Með allt á hreinu

*...í skipulaginu* Esselte LEITZ

## 20% afsláttur á iLam plöstunarvélum í verslun Pennans í Hallarmúla 4 og hjá fyrirtækjaþjónustu Pennans í síma: 540 2050

**20%** afsláttur af *iLam* plöstunarvélum



| Vörunúmer | | Tilboðsverð | Fullt verð |
|---|---|---|---|
| LZ74760000 | iLam easy A3 | kr. 27.376.- | ~~kr. 34.219.-~~ |
| LZ74770000 | iLam easy A4 | kr. 21.551.- | ~~kr. 26.939.-~~ |
| LZ74730000 | iLam easy A3 T | kr. 53.999.- | ~~kr. 67.499.-~~ |
| LZ74750000 | iLam easy A4 T | kr. 32.367.- | ~~kr. 40.459.-~~ |

Tilboðið gildir 27.02.2013 til og með 05.03.2013



### Plöstunarvasar

| | | |
|---|---|---|
| vr. nr. ED33805 | str. A7 125 míkrón | kr. 2.359.- |
| vr. nr. ED33806 | str. A6 125 míkrón | kr. 3.529.- |
| vr. nr. ED33808 | str. A4 125 míkrón | kr. 6.419.- |
| vr. nr. ED33810 | str. 54x86 125 mík. | kr. 1.069.- |
| vr. nr. ED33818 | str. A4 80 míkrón | kr. 5.349.- |
| vr. nr. ED33819 | str. A3 80 míkrón | kr. 10.379.- |
| vr. nr. LZ74930000 | str. A5 125 míkrón | kr. 4.699.- |



Leitz gatari
kr. 3.319.- stk.



Lausblaðamappa
kr. 1.179.- stk.



Leitz heftari
kr. 4.709.-



Allura gatari
kr. 2.999.- stk.



Bréfabakki
kr. 1.929.- stk.



Bréfabindi
kr. 1.819.-



Allura heftari
kr. 3.859.- stk.

**Penninn og Eymundsson um land allt**

Penninn

# Fólk drekkur bjórinn fallega

## Sérstök bjórhátíð fer fram á Kexi hosteli næstu daga í tilefni afmælis bjórsins.

„Bjórinn er alltaf að sækja meira og meira í sig veðrið, þá helst þessir sérstöku bjórar. Karlar og konur sýna þessu mikinn áhuga og hafa gaman af því að smakka góðan bjór," segir Böðvar Guðjónsson, talsmaður Kex hostels. Kexið fagnar 24 ára afmæli bjórsins með bjórhátíð sem hefst í dag og stendur til laugardags. Fjöldi brugghúsa, þar af tvö erlend, mun kynna vörur sínar á hátíðinni.

Meðal þeirra brugghúsa sem taka þátt eru Migration Brewing Co. frá Portland, danska brugghúsið Mikkeller og íslensku brugghúsin Einstök, Vífilfell, Borg, Ölgerðin, Ölvisholt, Kaldi og áhugabruggararnir í Fágun. Hvert þeirra mun kynna vörur sínar á milli klukkan 17 og 19 þá daga sem hátíðin stendur og er gestum einnig boðið að smakka nýjungar. Sérstakur matseðill var settur saman fyrir veitingastaðinn Sæmund í sparifötunum, en réttirnir eiga að kallast á við þá bjóra sem eru á boðstólnum yfir hátíðina.

Böðvar telur bjórdrykkju landans hafa breyst töluvert með auknum áhuga á sérbrugguðum bjór. „Fólk fær sér heldur einn góðan bjór og gerir það fallega og vel. Við á Kexinu erum miklir bjóráhugamenn og veljum bjórinn inn í stíl við matinn sem við bjóðum upp á."

Dagskráin hefst klukkan 17 dag hvern fram að laugardegi. - sm



**BJÖRNUM FAGNAÐ** Bjórhátíð hefst á Kexi hosteli í dag og stendur hún fram á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Flytur í 300 fermetra

## Lucky Records flytur úr 67 fermetrum yfir í heila 300 í byrjun næsta mánaðar. Þar er meira pláss fyrir þær 20 til 30 þúsund vínylplötur sem eru til sölu.

„Ég er að fara úr 67 fermetrum í 300. Þetta verður svaka flottur staður fyrir búðina," segir Ingvar Geirsson, eigandi plötubúðarinnar Lucky Records.

Búðin, sem hefur sérhæft sig í vínylplötum, flytur í byrjun mars frá Hverfisgötu 82 yfir á Rauðarárstíg 6, þar sem verslunin Yggdrasill og þar áður sjoppan Svarti svanurinn voru til húsa.

Á nýja staðnum hefur Ingvar meira pláss fyrir þær 20 til 30 þúsund vínylplötur sem hann hefur til sölu, auk stórs safns DVD-mynda. Einnig ætlar hann að halda þar tónleika með hinum ýmsu hljómsveitum, þar á meðal útgáfutónleika fyrir þær sem eru að gefa út á vínyl eins og komið er aftur í tísku.

„Allar plötubúðir í bænum, fyrir utan Skífuna í Kringlunni, eru pínulitlar," segir Ingvar, en á Hverfisgötunni hafa aðeins tíu til fimmtán manns komist á þá tónleika sem hann hefur haldið. Hann viðurkennir samt að hann muni sakna gömlu búðarinnar, sem hefur verið starfrækt í þrjú og hálft ár.




**Á NÝJUM STAÐ** Ingvar Geirsson á nýja staðnum þar sem Lucky Records verður til húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er svaka sjarmi yfir þessari búð en það verður sami sjarminn yfir hinni, bara stærra pláss." Þar áður var Ingvar með aðsetur fyrir vínylplöturnar sínar í Kolaportinu.

Spurður hvort markaður sé fyrir svona stóra plötubúð segir hann borubrattur: „Maður bara býr hann til."

Innflutningshátíð verður haldin á nýja staðnum 1.-3. mars. Á meðal þeirra sem koma fram eru Hjálmar og Epic Rain. Nánari dagskrá verður auglýst síðar. freyr@frettabladid.is



**TIL ÍSLANDS** Colin Stetson spilar á Volta 17. mars.

# Colin Stetson til Íslands

Saxófónleikarinn Colin Stetson spilar á Volta 17. mars. Stetson, sem er frá Michigan í Bandaríkjunum, hefur gert út frá Montreal í Kanada undanfarin ár. Hann hefur starfað með Arcade Fire, Tom Waits, TV on the Radio, Bon Iver, LCD Soundsystem, The National, David Byrne og Feist. Hann hefur gefið út fjórar sólóplötur og í fyrra kom svo út samstarfsplatan Stones með sænska saxófónleikaranum Mats Gustafsson.

Fimmta plata hans kemur svo út 30. apríl. Miðasala á tónleikana á Volta hefst á Midi.is á föstudaginn.



**PREYTT** Jennifer Lawrence er uppgefin eftir langa og stranga vinnutörn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Orðin þreytt

Nýi Óskarsverðlaunahafinn Jennifer Lawrence er orðin uppgefin eftir langa og stranga vinnudaga. Þetta segir náinn vinur leikkonunnar og bætir við að hún sé að kikna undan álaginu.

„Hún er gjörsamlega búin á því eftir endalausa vinnu og ferðalög. Auk þess fór hún illa út úr sambandsslitunum við Nicholas Hoult. Hún er uppgefin og pirruð og rífst við alla," sagði vinur leikkonunnar og bætti við:

„Til hvers er velgengni þegar þú ert of þreyttur til að geta notið hennar?"

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
DENZEL WASHINGTON FLIGHT
2 ÓSKARSTILNEFNINGAR!
★★★★ H.S.K - MBL
M.A. BESTA LEIKKONAN Í AUKAHLUTVERKI
Vesalingarnir
8 ÓSKARSTILNEFNINGAR
ZERO DARK THIRTY
SÝND Í 3D(48 ramma)
HOBBIT

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FLIGHT | 6, 9 | 12 |
| ZERO DARK THIRTY | 9 | 16 |
| VESALINGARNIR | 6, 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 6(48R) | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
TILNEFND TIL 2 ÓSKARSVERÐLAUNA
★★★★ R.EBERT
100/100 ENTERTAINMENT WEEKLY
DENZEL WASHINGTON FLIGHT
BRÁÐSKEMMTILEG GAMANMYND
Frá þeim sömu og færðu okkur KNOCKED UP
From writer/director JUDD APATOW
THIS IS 40
3 ÓSKARSVERÐLAUN ÞAR Á MEÐAL BESTA MYNDIN
BEN AFFLECK BRYAN CRANSTON ALAN ARKIN JOHN GOODMAN
ARGO
Hansel & Gretel
HE'S STILL DEAD BUT HE'S GETTING WARMER
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
WARM BODIES
BEAUTIFUL CREATURES
DARK SECRETS WILL COME TO LIGHT.
FORSÝND
BRUCE WILLIS A GOOD DAY TO DIE HARD
LIKE FATHER. LIKE SON. LIKE HELL.

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| BEAUTIFUL CREATURES FORSÝNING | KL. 8 | 12 |
| FLIGHT | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| FLIGHT VIP | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | VIP |
| WARM BODIES | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | 16 |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| PARKER | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 10:20 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSLTAL | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| FLIGHT | KL. 10:40 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 8 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| FLIGHT | KL. 5:20 - 8 - 10:10 | 12 |
| ARGO | KL. 8 | 14 |
| A GOOD DAY TO DIE HARD | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | 16 |
| WARM BODIES | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 16 |
| PARKER | KL. 10:10 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THIS IS 40 | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| WARM BODIES | KL 8 - 10:10 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 10:20 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSLTAL | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| FLIGHT | KL. 8 | 12 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 8 | 16 |

FJÖLSKYLDUDAGAR Í SAMBÍÓUNUM
590.kr miðinn

SMÁRABÍÓ
Frá þeim sömu og færðu okkur KNOCKED UP
THIS IS 40
From writer/director JUDD APATOW
HÁSKÓLABÍÓ
BESTI LEIKARI MADS MIKKELSEN
91% ROTTEN TOMATOES
8,4 IMDB
JAGTEN THE HUNT
BRUCE WILLIS A GOOD DAY TO DIE HARD
LIKE FATHER. LIKE SON. LIKE HELL.
Yippie-Ki-Yay!
LÚXUS
2 ÓSKARSVERÐLAUN M.A. BESTI LEIKARI ÁRSINS DANIEL DAY-LEWIS
★★★★★ -EMPIRE
LINCOLN DANIEL DAY-LEWIS
★★★★★ "MÖGNUÐ MYND Í ALLA STAÐI" -V.J.V., SVARTHÖFÐI
BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM
KON TIKI

| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% | | |
|---|---|---|
| THIS IS 40 | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| DIE HARD 5 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| DIE HARD LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| DJANGO | KL. 8 | 16 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 3.30 | L |
| LAST STAND | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.40 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.20 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | | |
|---|---|---|
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 6 - 9 | 12 |
| DIE HARD 5 | KL. 10.30 | 16 |
| KON-TIKI | KL. 5.30 - 8 | 12 |
| LINCOLN | KL. 9 | 14 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.50 | 12 |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| THIS IS 40 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| DIE HARD 5 | KL. 8 - 10 | 16 |
| HVELLUR | KL. 5.40 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
JAGTEN
BEYOND THE HILLS
★★★★★ -Morgunblaðið
★★★★ -Rás 2
★★★★ -Fréttablaðið
HVELLUR
KON TIKI

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| BEYOND THE HILLS | (16) | 21:30 |
| KON-TIKI | (12) | 17:50, 20:00 |
| HOLY MOTORS | (16) | 22:10 |
| HVELLUR | (L) | 20:00 |
| XL | (16) | 18:00 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

# Nú klárum við veturinn!

# Kanarí & Tenerife

## á ótrúlegu verði

frá aðeins kr.

**94.900** í 16 nætur



## Kanarí

**5. mars**
**12. mars**
**19. mars** – páskaferð
**23. mars** – páskaferð – **uppselt**
**2. apríl** – eldri borgara ferð í 14 nætur – **Nýtt**

Kr. 94.900
**í 16 nætur**
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð í 14 nætur.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 119.900. Stökktu tilboð 5. mars í 16 nætur.

Kr. 99.000
**Jardin del Atlantico í 9 nætur**
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og eitt barn í íbúð í 9 nætur.
Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 113.900.
Sértilboð 12. mars í 9 nætur.
Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 24.900 fyrir fullorðinn og kr. 12.900 fyrir barn.

Kr. 114.800
**Parque sol í 14 nætur um páska**
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum í 14 nætur.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með 2 svefnherbergjum kr. 159.600.
Sértilboð 19. mars í 14 nætur.

Kr. 148.500
**Roque Nublo í 14 nætur**
**Eldri borgara ferð**
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi. Sértilboð 2. apríl í 14 nætur.

## Tenerife

**6. mars** – **uppselt**
**13. mars**
**20. mars** – páskaferð – **uppselt**
**25. mars** – páskaferð – **uppselt**

Kr. 107.900
**Hotel Jacaranda með hálfu fæði í 9 nætur**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi með hálfu fæði í 9 nætur.
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 139.900 með hálfu fæði.
Sértilboð 13. mars í 9 nætur

Kr. 108.700
**Playa Real með allt innifalið í 9 nætur.**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í mini suite með allt innifalið í 9 nætur.
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í mini suite kr. 141.400 með allt innifalið.
Sértilboð 13. mars í 9 nætur.



**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

**Heimsferðir**

ENNEMM / SIA • NM56802 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** Skoraði í sínum 23. deildarleik með Tottenham.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Íslenskt mark 14. árið í röð

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sitt fyrsta deildarmark fyrir Tottenham þegar hann jafnaði metin í 2-2 í 3-2 sigri á West Ham á Upton Park í fyrrakvöldi.

Þetta er jafnframt fyrsta íslenska markið í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili, sem þýðir að Íslendingur hefur nú skorað í ensku úrvalsdeildinni á fjórtán tímabilum í röð.

Síðasta tímabil þar sem ekkert íslenskt mark leit dagsins ljós var 1999-2000 en þá var Arnar Gunnlaugsson eini íslenski leikmaðurinn í deildinni. Arnari tókst þá ekki að skora í níu leikjum sínum.
- óój

**ÍSLENSK MÖRK Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI:**

| | |
|---|---|
| 2012-2013 | 1 mark (Gylfi Þór Sigurðsson 1) |
| 2011-2012 | 16 (Heiðar Helguson 8, Gylfi 7) |
| 2010-2011 | 1 (Grétar Rafn Steinsson 1) |
| 2009-2010 | 2 (Eiður Smári, Hermann ) |
| 2008-2009 | 4 (Grétar Rafn 2, Hermann 2) |
| 2007-2008 | 7 (Hermann Hreiðarsson 3) |
| 2006-2007 | 8 (Heiðar 3, Brynjar Björn Gunn. 3) |
| 2005-2006 | 10 (Eiður Smári Guðjohnsen 8) |
| 2004-2005 | 13 (Eiður Smári Guðjohnsen 12) |
| 2003-2004 | 8 (Eiður Smári Guðjohnsen 6) |
| 2002-2003 | 13 (Eiður Smári Guðjohnsen 10) |
| 2001-2002 | 16 (Eiður Smári Guðjohnsen 14) |
| 2000-2001 | 15 (Eiður Smári Guðjohnsen 10) |
| 1999-2000 | 7 (Heiðar Helguson 6) |
| 1998-1999 | 0 |

# ÍSÍ hefur ekki áhuga á okkur

Haraldur Dean Nelson, stjórnarmaður í Mjölni og faðir Gunnars Nelson, vandar forystumönnum ÍSÍ ekki kveðjurnar. Hann segir ÍSÍ vera allt að því lokaðan klúbb sem hafi ekki áhuga á íþróttum. Sambandið geri meira af því að halda íþróttum úti en að fá þær inn. MMA-keppni á Íslandi verður ekki haldin á næstunni.

**MMA** Áhugi Íslendinga á Gunnari Nelson er gríðarlegur og áhuginn á blönduðum bardagalistum, MMA, hefur aukist samhliða því. Enn hefur ekki verið keppt í íþróttinni á Íslandi og þess utan ekki víst að það sé að öllu leyti löglegt.

„Það væri frábært ef við gætum verið með amatör-bardaga. Við viljum gera það á réttan og faglegan hátt,“ sagði Haraldur Dean Nelson hjá Mjölni, en hann er einnig faðir og umboðsmaður Gunnars Nelson.

„MMA er ekki bannað en við viljum að það verði settar reglur og reglugerðir um það hvernig á að halda MMA-mót. Við viljum ekki hafa einhverja vitleysinga í því að setja menn saman í búrið þar sem það verður ójafn leikur.“

Haraldur bendir á að Svíar hafi gert hlutina á faglegan hátt. Þar er annars vegar áhugamanna-MMA og svo keppni atvinnumanna.

„Það voru sett lög í kringum 1950 en þau eru um hnefaleika. Þar kemur lítið annað fram en að hnefaleikar séu bannaðir. Það er barn síns tíma. Síðan hefur karate komið og þar er fullsnerting í skrokk og aðeins í andlit. Svo er líka taekwondo á Íslandi þar sem menn eru rotaðir með háspörkum. Svo eru alls konar köst í júdóinu. Þessar íþróttir eru samt greinilega ekki bannaðar hér á landi þrátt fyrir þessa löggjöf. Það er því ekkert sem bannar MMA sem slíkt.“

Ekki hefur verið stofnað íslenskt MMA-samband og það er því utan ÍSÍ eins og fleira.

„Við höfum reynt að koma brasilísku júјitsú inn í ÍSÍ í mörg ár en það hefur ekki gengið. Það er kapituli út af fyrir sig. Það er ótrúlegt að ÍSÍ skuli sýna nýjum íþróttum eins lítinn áhuga og raun ber vitni. ÍSÍ er orðið þannig samband að þeir eru meira í því að halda íþróttum úti en fá þær inn. Það er þeim ekkert keppikefli að fá inn helstu vaxtarsprota í íslensku íþróttalífi. Þeir hafa engan áhuga á að fá okkur inn. Þetta er orðinn allt að því lokaður klúbbur. Því hefur verið haldið fram við mig að lottópeningarnir séu farnir að snúast upp í andhverfu sína. Þeir áttu að efla íþróttalífið en nú sitja menn við kjötkatlana. Ég veit ekki hvort það er rétt en ég veit að það er ekki neinn áhugi né eftirleitan í því að fá íþróttir eins og brasilískt jújitsú inn. Samt eru hundruð að æfa þessa íþrótt og um 200-300 manns að keppa á Íslandsmóti. Mér finnst þetta ekki vera Íþróttasamband Íslands ef það hefur ekki áhuga á íþróttum,“ segir Haraldur. En á hverju strandar þessar umsóknir?



**ÚTI Í KULDANUM** Haraldur og sonur hans Gunnar hafa ekki komið brasilísku jújitsú í ÍSÍ.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við höfum farið og hitt forsvarsmenn ÍSÍ. Þá var okkur tjáð að við yrðum að vera í Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Við sóttum um þar og þá fengum við þau svör að við kæmumst ekki þar inn því íþróttin væri ekki viðurkennd innan ÍSÍ. Þá talaði ég aftur við Líneyju hjá ÍSÍ. Hún sagði að þau væru búin að kanna þetta í nágrannalöndunum og þar væri brasilískt jújitsú ekki hluti af íþróttasamböndunum þar. Mér hefur síðan verið tjáð að það sé hreinlega ekki rétt hjá henni. Jújitsú sé inni hér og þar. Ég sagði við Líneyju að einhver yrði að taka fyrsta skrefið að því að taka nýjar íþróttir inn. Annars yrði engin nýjung. Þarna væri tækifæri fyrir ÍSÍ að taka fyrsta skrefið,“ segir Haraldur, en þá hafi umræðan farið að snúast um lyfjamál.

> **Mér finnst ekki vera við hæfi að ÍSÍ skuli ekki vera áhugasamara um íþróttalífið í landinu.**
> *Haraldur Dean Nelson*

„Ég sagði henni að það væri velkomið að koma og lyfjaprófa á mótum hjá okkur. Það myndi enginn fagna því meira en við. Það má svo benda á að Gunnar Nelson var lyfjaprófaður af ÍSÍ er hann tók þátt á Íslandsmeistaramótinu í júdói. Það voru þrír teknir og Gunnar einn af þeim. Ég hugsa að það hafi ekki verið sérstök tilviljun en samt fínt. Hann hefur verið lyfjaprófaður margoft og aldrei fallið. Hann er til í að fara í próf hvenær sem er og hvar sem er. Það má þess vegna prófa hann út af fæðubótarefnum. Hann notar þau ekki. Hann borðar íslenskan mat og drekkur íslenskt vatn.“

Hver eru eiginlega næstu skref hjá Mjölnismönnum í þessum málum?

„Við erum að vinna í því að komast inn í International MMA Federation. Það samband stefnir að því að halda HM 2013. Það beitir sér algjörlega að áhugamanna-MMA. UFC er svo með atvinnumanna-MMA. Við erum að stofna íslenskt MMA-samband sem mun svo ganga inn í alþjóðasambandið. Þeir eru að aðstoða okkur við að koma okkar sambandi á fót öfugt við það sem ÍSÍ gerir. Eins og heyra má er ég örlítið bitur út í þá. Mér finnst bara ekki við hæfi að ÍSÍ skuli ekki vera áhugasamara um íþróttalífið á landinu. Mér finnst það ekki vera ásættanlegt.“

henry@frettabladid.is

POTTURINN STEFNIR Í

120.000.000
+1.230.000.000

1350 MILLJÓNIR




Fyrsti vinningur stefnir í 120 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.230 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**


KROPP
NÓA
KROPP
NÓA
1
Uppáhaldsnammi
Íslendinga*
*skv. könnun í Sunnudagsblaði Morgunblaðsins 17. febrúar 2013

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.55
### Grey's Anatomy

Það verður mikið um að vera hjá læknunum í Grey's Anatomy á Stöð 2 í kvöld. Upplýsingar um fjárhagsvandræði sjúkrahússins leka út og læknarnir óttast um framtíð sína.

## Í KVÖLD



### My Enemy's Enemy

**RÚV KL. 22.20** Heimildarmynd þar sem farið er yfir sögu Gestapo-foringjans Klaus Barbie, sem var þekktur undir heitinu Slátrarinn í Lyon. Myndin einblínir aðallega á tímann eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk og Barbie byrjaði að njósna fyrir Bandaríkjamenn.

Rotten Tomatoes 30% A IMDb 7,4



### Arrow

**SKJÁR 1 KL. 21.20** Oliver McQueen heldur áfram að blekkja alla í kringum sig en í þætti kvöldsins hittir hann þó stúlku sem kemst að leyndarmálinu. Hún virðist líka skilja hann betur en aðrir og býr yfir eigin leyndarmáli. Tommy lendir í veseni og leitar huggunar og ráða hjá Laurel.

TV.COM 8,7 IMDb 8,2



### Blue Bloods

**SKJÁR 1 KL. 21.10** Í þessum fyrsta þætti þriðju seríu þarf Danny að takast á við glæpamann sem hann kom á bak við lás og slá á sínum tíma. Sá er nú laus og rænir Jackie í leit sinni að hefnd á Danny. Jamie fær nýjan félaga í þætti kvöldsins og ungur lögreglumaður skýtur óvart saklausan mann.

TV.COM 8,2 IMDb 7,3

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Leynierindrekinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Inni **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30** **360 gráður** *(e)*
**16.00** **Djöflaeyjan** *(e)*
**16.40** **Hefnd** *(18:22) (e)*
**17.25** **Franklín**
**17.50** **Geymslan**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Ekki gera þetta heima** *(3:4) (Ikke gjör dette hjemme) (e)* Norsk þáttaröð þar sem ýmislegt er prufað sem fólk ætti að varast að reyna heima hjá sér.
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Að duga eða drepast** *(6:8) (Make It or Break It)* Þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.50** **Meistaradeildin í hestaíþróttum 2013** *(4:10)* Fylgst er með keppnum og keppendur og lið heimsótt.
**21.05** **Kiljan**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Óvinur óvinar míns** *(My Enemy's Enemy)* Heimildamynd um Gestapo-foringjann Klaus Barbie. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.45** **Hamfarakenningin** *(The Shock Doctrine) (e)* Bresk heimildamynd.
**01.05** **Kastljós** *(e)*
**01.30** **Fréttir**
**01.40** **Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.00** **Balls of Fury**
**13.30** **Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**15.25** **Spy Next Door**
**17.00** **Balls of Fury**
**18.30** **Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**20.25** **Spy Next Door**
**22.00** **I Love You Phillip Morris**
**23.35** **Angel**
**01.30** **Cattle Call**
**02.55** **I Love You Phillip Morris**

## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm in the Middle** *(16:16)*
**08.30** **Ellen** *(105:170)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** *(92:175)*
**10.15** **Extreme Makeover: Home Edition** *(25:25)*
**11.35** **Privileged** *(7:18)*
**12.15** **Cougar Town** *(6:22)*
**12.40** **Nágrannar**
**13.05** **New Girl** *(23:24)*
**13.30** **Gossip Girl** *(3:10)*
**14.15** **Step It Up and Dance** *(9:10)*
**15.00** **Big Time Rush**
**15.25** **Barnatími Stöðvar 2**
**16.50** **Bold and the Beautiful**
**17.10** **Nágrannar**
**17.35** **Ellen** *(106:170)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Big Bang Theory** *(3:24)*
**19.40** **The Middle** *(16:24)*
**20.05** **2 Broke Girls** *(3:24)* Við fyrstu sýn virðast þær Max og Caroline eiga fátt sameiginlegt en það er þó fleira en fólk gæti haldið.
**20.30** **Go On** *(6:22)* Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryan King, íþróttafréttamanns, sem missir konuna sína.
**20.55** **Grey's Anatomy** *(16:24)* Níunda sería þessa vinsæla dramaþáttar.
**21.45** **Rita** *(6:8)* Vandaðir þættir um dönsku kennslukonuna Ritu sem er þriggja barna móðir og fer ótroðnar slóðir í lífinu.
**22.25** **Girls** *(4:10)* Önnur gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York.
**22.55** **NCIS** *(11:24)*
**23.40** **Person of Interest** *(18:23)*
**00.25** **Breaking Bad** *(12:13)*
**01.15** **The Closer** *(9:21)*
**01.55** **Damages** *(9:13)*
**02.35** **Bones** *(4:13)*
**03.20** **You Don't Know Jack**
**05.30** **Go On** *(6:22)*
**05.55** **Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00** **FA bikarinn: Everton - Oldham**
**17.45** **Þýski handboltinn: Kiel - Fuchse Berlin**
**19.05** **Spænsku mörkin**
**19.35** **FA bikarinn: Middlesbrough - Chelsea** BEINT
**21.45** **Meistaradeild Evrópu í handbolta: Veszprèm - Atletico Madrid**
**23.05** **Meistaradeildin í handbolta: markaþáttur**
**23.35** **FA bikarinn: Middlesbrough - Chelsea**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05** **Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**16.35** **Reading - Wigan**
**18.15** **WBA - Sunderland**
**19.55** **Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50** **Sunnudagsmessan**
**22.05** **Fulham - Stoke**
**23.45** **West Ham - Tottenham**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00** **Brunabílarnir**
**07.20** **Áfram Diego, áfram!**
**07.45** **Waybuloo**
**08.05** **Dóra könnuður**
**08.30** **Svampur Sveinsson**
**08.50** **Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00** **UKI** F
**09.05** **Strumparnir**
**09.30** **Lína langsokkur**
**09.55** **Histeria!**
**10.15** **Ofurhundurinn Krypto**
**10.35** **Ævintýri Tinna**
**11.00** **Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00** **Ozzy & Drix**
**17.25** **Leðurblökumaðurinn**
**17.50** **iCarly** *(22:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00** **Simpson-fjölskyldan** *(20:22)* Lísa er að falla í leikfimi og til að koma í veg fyrir það fær Skinner skólastjóri handa henni einkaþjálfara.
**17.25** **Íslenski listinn**
**17.50** **Sjáðu**
**18.15** **Gossip Girl** *(9:22)*
**19.00** **Friends** *(23:24)*
**19.25** **How I Met Your Mother** *(21:24)*
**20.10** **American Dad** *(9:16)* Stan Smith er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**20.30** **Funny or Die** *(6:12)* Sprenghlægilegir sketsaþættir byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.00** **FM 95BLÖ** Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.20** **Arrow** *(7:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og berst gegn glæpum í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.
**22.05** **Dollhouse** *(2:13)* Önnur sería þessara spennuþátta sem gerist í náinni framtíð þar sem undirheimafyrirtæki gera út sérstaka málaliða sem hægt er að laga að hverju verkefni fyrir sig.
**22.50** **American Dad** *(9:16)*
**23.10** **Funny or Die** *(6:12)*
**23.40** **FM 95BLÖ**
**00.00** **Arrow** *(7:23)*
**00.45** **Dollhouse** *(2:13)*
**01.30** **Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15** **Doctors** *(144:175)*
**19.00** **Ellen** *(106:170)*
**19.40** **Hæðin** *(3:9)*
**20.30** **Örlagadagurinn** *(5:14)*
**21.00** **Krøniken** *(5:22)*
**22.00** **Ørnen** *(5:24)*
**23.00** **Hæðin** *(3:9)*
**23.50** **Örlagadagurinn** *(5:14)*
**00.20** **Krøniken** *(5:22)*
**01.20** **Ørnen** *(5:24)*
**02.20** **Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Rachael Ray**
**08.45** **Dr. Phil**
**09.25** **Pepsi MAX tónlist**
**14.40** **The Voice** *(8:15)*
**17.40** **Dr. Phil**
**18.20** **Once Upon A Time** *(8:22)*
**19.10** **Everybody Loves Raymond** *(9:24)*
**19.30** **America's Funniest Home Videos**
**19.55** **Will & Grace** *(9:24)*
**20.20** **Top Chef** *(12:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu.
**21.10** **Blue Bloods** *(1:22)* Innan Reagan-fjölskyldunnar í New York er fjölskylduböndum komið á glæpamenn.
**22.00** **Law & Order UK** *(3:13)* Vandaðir þættir um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum sem eltast við harðsvíraða glæpamenn. Fylgdarkona er myrt og von bráðar er lögreglan komin á slóð viðskiptavina hennar þar sem misjafn sauður er í mörgu fé.
**22.50** **Falling Skies** *(1:10)* Hörkuspennandi þættir úr smiðju Steven Spielberg sem fjalla um eftirleik geimveruárásar á jörðina. Sex mánuðir eru liðnir frá innrásinni og meirihluti jarðarbúa hefur verið þurrkaður út. Þeir sem eftir eru verða nú að standa saman gegn geimverunum.
**23.35** **The Walking Dead** *(4:16)*
**00.25** **Combat Hospital** *(10:13)*
**01.05** **XIII** *(5:13)*
**01.50** **CSI: Miami** *(14:22)*
**02.30** **Excused**
**02.55** **Blue Bloods** *(1:22)*
**03.45** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** World Golf Championship **2013** *(3:5)* **11.10** Golfing World **12.00** World Golf Championship **2013** *(4:5)* **18.00** Golfing World **18.50** Wells Fargo Championship **2012** *(4:4)* **21.35** Inside the PGA Tour *(9:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(8:45)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# OKKAR ÁRLEGA
# LAGERÚTSALA!
## Hefst á morgun!



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • SÓFAR • TEPPASETT O.FL.

## AÐEINS Í 4 DAGA!




**BAK VIÐ HOLTAGARÐA!**

**EKKI MISSA AF ÞESSU!**

Lagerútsalan
hefst á morgun!

30-70% afsláttur

fim. – fös. kl. 12⁰⁰–18⁰⁰

lau. – sun. kl. 12⁰⁰–17⁰⁰

Reykjavík
Lagarsalan er í Holtagörðum en verslunin í Faxafeni 5
Sími 588 8477 • www.betrabak.is

Betra BAK

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



**„Ég horfi nú ekki mikið á sjónvarpsþætti en fylgist reyndar með Modern Family. Þeir þættir standa alltaf fyrir sínu.“**

Heiðdís Inga Hilmarsdóttir hönnunarnemi hannaði herðatré sem er í laginu eins og yfirvaraskegg og kallast Herra Tré.

# 350 vongóðir krakkar freista gæfunnar

Kristófer Dignus undirbýr sjónvarpsþættina Fólkið í blokkinni og vantar aðalleikara á aldrinum 7 til 14 ára.

„Þetta hefur verið svo lengi í bígerð hjá okkur og ég er spenntur að hefjast loksins handa,“ segir Kristófer Dignus um sjónvarpsseríuna Fólkið í blokkinni, en hann er bæði leikstjóri og handritshöfundur.

Á dögunum auglýsti framleiðslufyrirtækið Pegasus eftir krökkum á aldrinum 7 til 14 ára til að fara með hlutverk í sjónvarpsþáttunum. Nú þegar hafa 350 vongóðir krakkar sótt um, en áheyrnarprufur verða um helgina. „Okkur vantar þrjá krakka sem þurfa að vera góðir því þetta eru lykilhlutverk. Það eru systkinin Óli, 8 ára, og Vigga, 12 ára og svo Sara, 16 ára, stóra systir þeirra,“ segir Kristófer. Hann er ánægður með viðtökurnar. „Það hefur skapast hefð fyrir svona áheyrnarprufum. Þetta er Idol-kynslóðin og margir krakkar sem eru á fullu í leik- og sönglist og vilja láta ljós sitt skína, sem er frábært. Þetta verða heljarinnar prufur.“

Fólkið í blokkinni verða sex hálftíma langir þættir sem eru byggðir á smásögum Ólafs Hauks Símonarsonar. Tökur hefjast í lok maí. Þættirnir eiga svo að fara í loftið í haust á Rúv. „Þetta verða þættir fyrir alla fjölskylduna enda löngu kominn tími á að Ríkissjónvarpið sýni svoleiðis efni. Það hefur tekið smá tíma að koma þessu heim og saman og ég er gríðarlega spenntur fyrir þessu verkefni.“

Enn er opið fyrir skráningu og geta áhugasamir skráð sig til leiks á vefsíðunni Folkidiblokkinni.is. „Ég er smá stressaður með að finna stráka, tvíbura, á aldrinum 8 til 9 ára, en þeir eiga að leika bestu vini Óla. Því hvet ég tvíbura á þessum aldri til að skrá sig.“ **- áp**



**SPENNTUR** Kristófer Dignus fyrir utan blokkina sem verður sögusvið þáttanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Hverjir eru hvar á plötusamningi?

Færst hefur í aukana að íslenskir tónlistarmenn semji við erlendar plötuútgáfur. Á árum áður mátti telja þá á fingrum annarrar handar sem skrifuðu undir útgáfusamning erlendis en núna hefur mikil breyting orðið þar á. Samninganir sem hljómsveitirnar gera eru að sjálfsögðu eins mismunandi og þeir eru margir og hljóða sumir upp á eina plötu á meðan aðrir hljóða upp á fleiri útgáfur.




**Austurríki**
- **Napalm Records**
- Skálmöld

**Frakkland:**
- **Season of Mist**
- Sólstafir

**Ísland:**
- **Les fréres Stefson**
- Retro Stefson

**England:**
- **One Little Indian**
- Björk
- Ólöf Arnalds
- Ásgeir Trausti
- **Rough Trade**
- Emilíana Torrini
- **Touch**
- Hildur Guðnadóttir
- **4AD**
- Jóhann Jóhannsson
- **Grape Records**
- Hafdís Huld
- **Wall of Sound**
- Sykur



**Þýskaland:**
- **Morr Music**
- Amiina
- Borko
- FM Belfast
- Múm
- Pascal Pinon
- Seabear
- Sin Fang
- Sóley
- **Kompakt**
- GusGus

# Trúin á verkefnið skiptir mestu

Sigtryggur Baldursson hjá ÚTÓN segir að gæði og magn tónlistar hafi aukist.

Aðspurður segir Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri ÚTÓN, útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, að margir samverkandi þættir valdi því að svona margir Íslendingar séu með plötusamninga erlendis.

„Gæði og magn tónlistar á Íslandi hefur farið mjög vaxandi. Fólk sér að aðrir geta farið úr landi með sína tónlist og hugsa með sér að þetta geti þeir nú líka. Fólk trúir því að þetta sé hægt og þar byrjar þetta allt. Trúin á verkefnið. Fyrirmyndir sem eru að gera hlutina á eigin forsendum,“ segir Sigtryggur. „Þetta er hluti af útflutningsbylgjunni sem hefur farið vaxandi síðustu ár. Það er margt sem kemur til, þekking íslenskra tónlistarmanna á erlenda geiranum fer vaxandi og „kontaktar“ í leiðinni. Iceland Airwaves og ÚTÓN hefur líka áhrif og þekkingin í bransanum vex.“

Eins og gefur að skilja hafa slíkir samningar mikla þýðingu, bæði fyrir samfélagið og fyrir listamennina. „Íslenska tónlistin er orðin hörkufín útflutningsvara eins og fiskur, skyr, kjöt og rafmagn. Ef fólk heyrir að eitthvað er frá Íslandi sperrir það eyrun. Þetta hefur jákvæð áhrif á ímynd og efnahag landsins, því tónlistin kynnir landið mikið út á við, því hún er svo áberandi og fer svo víða. Túristar trúa því að hér búi skapandi og áhugavert lið.“ **- fb**



**SIGTRYGGUR BALDURSSON** Margir samverkandi þættir valda þessum aukna fjölda erlendra plötusamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



www.volkswagen.is










Komdu við í HEKLU og kynntu þér 4Motion fjölskylduna

# Allir vegir færir á Volkswagen

4Motion fjórhjóladrifstæknin frá Volkswagen er hönnuð til þess að auka öryggi í akstri. Hún vinnur með öðrum öryggiskerfum við að meta í sífellu akstursaðstæður hverju sinni. Þegar minnstu hættu verður vart dreifir kerfið afli til þeirra hjóla sem hafa mest veggrip, eykur þannig stöðugleika bílsins og tryggir hámarksstjórn ökumanns við erfiðustu aðstæður. Kynntu þér kosti 4Motion frá Volkswagen og upplifðu hvernig allir vegir verða þér færir.

**Volkswagen Passat Alltrack 4Motion** kostar frá kr. 7.140.000,-
**Volkswagen Tiguan Trend & Fun 4Motion** kostar frá kr. 5.550.000,-
**Volkswagen Touareg V6 BMT 4Motion** kostar frá kr. 12.980.000,-

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kátt á hjalla

Menningahátíðin Nordic Cool hófst þann 19. febrúar í Kennedy-miðstöðinni í Washington. Hátíðin stendur til 17. mars og er markmið hennar að kynna allt það helsta í norrænni leiklist, tónlist, sjónlist, kvikmyndum, matreiðslu, bókmenntun og hönnun. Meðal þeirra íslensku tónlistarmanna sem koma fram á hátíðinni eru píanóleikarinn Víkingur Ólafsson, Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Ilan Volkov, Tríó Sunnu Gunnlaugs og loks komu FM Belfast, Retro Stefson og **Sóley** fram á sérstöku Iceland Airwaves-kvöldi á sunnudaginn var. Að auki komu Vesturport fram á hátíðinni, Íslenski dansflokkurinn og myndlistakonan Rúrí og loks verða myndirnar Djúpið og Hetjur Valhallar sýndar þar í mars.



### Biluð klukka á alþingi

Þingmenn funda af miklum móð þessa dagana enda aðeins sjö dagar eftir á þessu þingi samkvæmt starfsáætlun. Í gær var meðal annars rætt um neytendalán þar sem **Guðlaugur Þór Þórðarson,** þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var meðal ræðumanna. Í eitt skipti sem hann talaði uppgötvaðist að klukka, sem þingmenn sjá í ræðustól til þess að vita hvað þeir eiga mikinn ræðutíma eftir, fraus. Forseti þingsins sló því í bjöllu sína og greip fram í fyrir Guðlaugi til að benda honum á þetta, og það að tími hans væri liðinn. „Virðulegi forseti, ég mat það bara svo að þetta væri klukka sem vildi að ég talaði aðeins lengur og skil ekkert í virðulegum forseta að vera að grípa inn í," sagði Guðlaugur þá og hló.



**- sm, þeb**

## Mest lesið vísir

1 Stafrænum ermum bætt á kjól Obama
2 Bjórinn betri en vatn eftir heimsókn í ræktina
3 Formaður Sjálfstæðisfélags Álftaness segir af sér
4 Svavar Halldórsson hættur á RÚV
5 Svandís Þula hefði orðið 12 ára – minningartónleikar á afmælinu


KOMIN Í KILJU Á ÍSLENSKU!




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
alvöru bókabúð á netinu



plusferdir.is

SÓLAR LOTTÓ

100 SÆTI TIL ALMERÍA Á ÞESSU TILBOÐI

flug, skattar og gisting í viku:

| 3 stjörnu gisting án fæðis (Stórfjölskyldan) | 4 stjörnu gisting með hálfu fæði | 5 stjörnu gisting og ALLT INNIFALIÐ! |
|---|---|---|
| 79.900 KR* | 98.900 KR* | 121.898 KR* |
| Verðdæmi á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn í bókun. Verð frá 99.750 kr. á mann ef m.v. 2 fullorðna í bókun. Á við um allar brottfarir. | Verðdæmi á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í bókun. Verð frá 120.239 kr. á mann ef m.v. 2 fullorðna í bókun. Á við um allar brottfarir. | Verðdæmi á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í bókun. Verð frá 142.531 kr. á mann ef m.v. 2 fullorðna í bókun. Brottför í júní. |

fleiri verðdæmi á plusferdir.is





Hvað er sólarlottó?

Þú velur áfangastað og brottfaradag og ef þú bókar strax færðu frábæra ferð á fáránlegu verði. Við sendum þér upplýsingar um gististaði viku eftir að þú bókar og ábyrgjumst að þú færð gott frí á góðum stað!

Tilboð hefst: 27. febrúar kl. 12:00
Áfangastaður: Almería
Ferðatímabil: júní, júlí, ágúst 2013
Fjöldi sæta á tilboði: 100
Aðalreglan: fyrstur kemur, fyrstur fær!

Komdu út í plús!
Sími: 535 2100 | info@plusferdir.is | www.plusferdir.is

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Hálft fæði: Morgun- og kvöldmatur. Allt innifalið: Morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og drykkir.